

IX

SAFNABLAÐIÐ KVISTUR

9. tbl. 2022



SAMSTARF EÐA SAMEINING SAFNA? – TÖKUM HÖNDUM SAMAN – NÁTTÚRAN Í NÁGRENNINU
EVROPUVERKEFNI Í LISTASAFNI EINARS JÓNSSONAR – ÚR RANNI SAFNAFRÆÐINNAR

SAFNAFRÆÐI

Fjölbreytt námsframboð í Safnafræði

Diplómanám í safnafræði, 30 ECTS

Diplómanám í safnafræði veitir nemendum hagnýta þekkingu á safnastarfi og hentar m.a. fólki sem starfar á söfnum eða við varðveislu og miðlun menningararfs og lokið hefur háskólagráðu. Námið tekur tvö misseri og samanstendur af þremur skyldunámskeiðum í safnafræði. Í framhaldi af diplómanáminu geta nemendur sótt um í MA-námi í safnafræði og lokið MA-prófi kjósi þau það. Diplómanám fæst að fullu metið hjá þeim nemendum sem samþykktir eru inn í MA-nám í safnafræði. Diplómanám í safnafræði er fjarnám.

Meistaránám í safnafræði, 120 ECTS

Námið er 120 einingar, þar af 30 eininga lokaverkefni, og lýkur með MA-prófi. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30e. Allir sem lokið hafa BA- eða BS-prófi með fyrstu einkunn (7,25) eða sambærilegri prófgráðu geta sótt um að innritast í MA-nám í safnafræði. Auk námskeiða í safnafræði geta nemendur tekið námskeið á sínu sérsviði í öðrum greinum eða deildum háskólans í samráði við umsjónarkennara en margir snertifletir eru við safnafræði. Nemendur í MA-námi í safnafræði til 120e geta tekið hluta námsins við erlenda háskóla. MA nám í safnafræði er fjarnám.



RÝNI / FRÉTTIR

Vatn, lykt og litir á sýningunni Sund	16
Nætur sem daga / Night and day	27
Rannsóknastaða hjá Listasafni Reykjavíkur	6
Starfsmaður í hlutastarfi hjá FÍSOS	6
Til hamingju með stórafmælið	7

FJÖLBREYTT SAFNASTARF

Af síld ertu kominn	12
Varðveisla til framtíðar á Byggðasafni Árnesinga	14
Íslenskir gripir á söfnum í Bretlandi	18
Söfn eru mikilvægir innviðir	26
Uppgjör og endurreisn	28
Eitt skref í einu í átt að grænu safni	40
Rannsóknastarf safna	42
Klæðagerð og íslensku miðaldaklaustrin	44
Aðgengi að söfnum	49
Hrif og nærandi upplifanir í safnastarfi	52
Náttúran í nágrenninu - tækifæri til uppbrots í safnastarfi	54

SAMSTARF SAFNA

Evrópusamstarf í Listasafni Einars Jónssonar	8
Samstarf eða sameining safna	30
– Austurland	31
– Eyþing	32
– Norðurland vestra	34
– Vesturland	36
– Suðurland	38
Tökum höndum saman	22
Skapandi samstarf grunnskóla og safna	46
Menningararfs Hackathon sem nýsköpunartækifæri fyrir söfn	50

Hafnarhús Kjarvalsstaðir Ásmundarsafn

Opið daglega



listasafnreykjavikur.is
#listasafnreykjavikur
+354 411 6400



Hafnarborg

Menningar- og lista-
miðstöð Hafnarfjarðar

Opið kl. 12–17
Lokað á þriðjudögum
Ókeypis aðgangur

Strandgata 34
220 Hafnarfjörður
Iceland



KRYDD
Kafningahúsið

www.hafnarborg.is
(354) 585 5790



Ritstjóraspjall

Þegar þessi orð eru skrifuð er nýsamþykkt hin nýja safnaskilgreining ICOM sem ætlað er að koma til móts við breytta tíma og samfélög heimsins. Í lauslegri þýðingu minni, sem alls ekki er sú endanlega, hljómar hún svo:

Safn er varanleg, óhagnaðardrífinn stofnun, til þjónustu fyrir samfélagið, sem rannsakar, safnar, varðveitir, túlkar og miðlar áþreifanlegri og óáþreifanlegri arfleifð. Opin almenningi, aðgengileg og inngildandi, stuðla söfn að fjölbreytileika og sjálfbærni. Þau starfa og miðla á siðferðilegan og faglegan hátt, með þátttöku samfélaga og bjóða upp á fjölbreyttar upplifanir til fræðslu, ánægju, ígrundunar og þekkingarmiðlunar.

Án þess að fara út í miklar vangaveltur um kosti og galla þessarar nýju safnaskilgreiningar eða tilurð hennar þá eru vissulega í henni nýmæli og hugtök eins og inn-gilding, sjálfbærni, fjölbreytileiki og þátttaka almennings sem gera ríkari kröfur á hendur safna um starfsemi þeirra og hlutverk.

Þó að skilgreiningin sé glæný um þessar mundir þá sýnir efni þessa níunda tölublaðs Kvists að starf íslenskra safna speglar þegar þessar nýju áherslur sem í henni koma fram. Verkefnið *Tökum höndum saman* sem Borgarsögusafn og Listasafn Reykjavíkur vinna í samstarfi við hin ýmsu félagasamtök og aðila er gott dæmi um bæði inngilding, samfélagsþátttöku og aðgengismál í safnastarfi og það sama má segja

um Evrópuverkefnið í Listasafni Einars Jónssonar. Sjálfbærnimál eru söfnum hugleikin og dæmi um það er innleiðing Grænu skrefanna á Borgarsögusafni. Þau tengjast einnig inn á grein Lilju Árnadóttur um grisjunarstarfið á Tæknimínjasafni Austurlands eftir skriðuföllin á Seyðisfirði. Ég gæti haldið áfram að þylja upp greinarnar í blaðinu í tengslum við safnaskilgreininguna en læt nú staðar numið, hvet hins vegar lesendur til að skoða blaðið með þessum gleraugum.

Að þessu sinni er blaðið ekki þematengt heldur auglýsti ritstjórn eftir efni frá safnafólki og viðbrögðin létu ekki á sér standa. Í því má jafnframt finna þrjár greinar sem byggðar eru á útskriftarverkefnum safnafræðinema sem gefa okkur sem eldri eru í hettunni innsýn inn í hvar áhugi og áherslur safnafræðinnar liggja.

Á síðasta ári komu út skýrslur sem landshlutasamtök sveitarfélaganna létu vinna þar sem skoðaðir voru kostir um frekara samstarf safna eða sameiningar í hverjum landshluta fyrir sig og kostum og göllum þess að stofna ábyrgðarsöfn. Var þetta unnið í tengslum við byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar. Skýrslurnar eru fjölbreyttar en spurning er hvort þær verði nýttar til að koma hreyfingu á hlutina eða rykfalli ásamt ýmsum öðrum skýrslum ofan í skúffu í ráðuneytinu. Ritstjórn bað eina safnamanneskju í hverjum landshluta fyrir sig að skrifa sína hugleiðingu út frá sinni landshluta-skýrslu og sýnist sitt hverjum, eins og eðlilegt er.

Lilja Alfreðsdóttir, ráðherra hins nýja menningar- og viðskiptaráðuneytis er einnig með stutta grein í blaðinu þar sem hún mærir íslenskt safnastarf og kastar fram þeirri tímabæru hugmynd að fara í markvisst markaðsstarf, söfnunum og menningartengdri ferðaþjónustu til góðs. Þessa dagana standa öll spjót á Lilju, vegna verklags við skipun nýs þjóðminjavarðar, hver svo sem málalokin verða. FÍSOS, sem og fleiri fagfélög og aðrir aðilar, hafa mótmælt þeim verkefni harðlega að skipunin fari fram án undangenginnar, lögbundinnar auglýsingar. Það er von mín og annarra í ritstjórn að þessi gjörð ráðherra sé ekki birtingarmynd metnaðar- og stefnuleysis hennar né ríkisins í málefnum íslenskra safna. Í söfnum felast svo mörg tækifæri, samfélaginu til góða, sem oft virðist vanta upp á að séu gripin.

Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir

Safnablaðið Kvistur

Útgefandi Félag íslenskra safna og safnmanna
Ritstjóri Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir
Ritstjórn Birna María Ásgeirsdóttir, Sigurjón Baldur Hafsteinsson, Þóra Sigurbjörnsdóttir, Þorgerður Þorleifsdóttir
Auglýsingar Sigurjón Baldur Hafsteinsson
Hönnun Ármann Agnarsson
Myndskeytingar á forsiðu og í blaði Halli Civelek
Prentun Prentmet

Höfundum greina eru færðar kærar þakkir fyrir þeirra framlag

ISBN – 2298–6944

Rannsóknarstaða hjá Listasafni Reykjavíkur

Hlutur kvenna í íslenskri listasögu

Það var árið 2021 sem Listasafn Reykjavíkur hlaut öndvegissstyrk Safnaráðs til þriggja ára og auglýsti í kjölfarið eftir umsóknum fræðimanna til að rannsaka hlut kvenna í íslenskri listasögu og efla um leið Listasafn Reykjavíkur sem vettvang rannsókna. Verkefnið er unnið í samstarfi við námsbraut í listfræðum við Háskóla Íslands og er markmiðið að rannsaka, skrá, varðveita og safna heimildum um hlut kvenna í íslenskri listasögu ásamt því að miðla þeirri þekkingu sem til verður og hvetja til frekari rannsókna.

Lagt var upp með að bjóða hálfa stöðu til eins árs í senn en rannsókninni lýkur hverju sinni með útgáfu og glæsilegri sýningu í Listasafni Reykjavíkur. Að auki er stefnt að því að niðurstöðurnar séu birtar á fræðilegum vettvangi og kynntar með fyrirlestri og miðlun til almennings. Öll rannsóknargögn og niðurstöður eru varðveitt í Listasafni Reykjavíkur.

Listasafni Reykjavíkur varðveitir sérsöfn þriggja listamanna, þeirra Errós, Ásmundar Sveinssonar og Kjarvals og hefur í árána rás verið lögð áhersla á rannsóknir og miðlun á list þeirra. Það má því segja að sérstök

rannsóknarstaða um hlut kvenna og sköpunarverka þeirra í íslenskri listasögu sé mikilvægt mótþægi við þessa karllægu. Rannsóknarstaðan og þær áherslur sem hún birtir tengjast viðleitni safnsins á síðustu árum í þá átt að beina sjónum að listsköpun kvenna í sögulegu samhengi, verkefni eins og höggmyndagarðurinn Perlufestinn, sýningar á verkum Louisu Matthíasdóttur, Eyborgar Guðmundsdóttur og Ásgerðar Búadóttur auk Guðmunduverðlaunanna sem ætluð eru sem hvatning fyrir starfandi listakonur.

Fyrsti fræðimaður af þremur sem ráðinn var í verkefnið er Sigrún Inga Hrólfsdóttir, MA í heimspeki og myndlistarmaður, en hún var valin úr þrettán firnasterkum umsóknum. Undanfarið ár hefur hún fengist við að rannsaka ævistarf listakonunnar Hildar Hákonardóttur. Hildur er fædd árið 1938 og hefur á löngum starfsferli sínum tekið á málefnum samtíma síns í fjölbreyttum verkum en hún hefur lengst af verið þekkt fyrir vefnað. Umfjöllunarefni hennar tengjast samfélagsumróti hvers tíma og hefur hún meðal annars fjallað um kynjapólitík og umhverfismál. Hildur var lykilmanneskja í Rauðsokkahreyfingunni

og var ein fárra kvenna í SÚM auk þess sem hún hafði mikil áhrif á mótun myndlistarmenntunar í landinu sem skólastjóri Myndlista- og handíðaskóla Íslands frá 1975–78. Afrakstur vinnu Sigrúnar Ingu mun koma út í bókartönu og eins verður sett upp yfirlitssýning með verkum Hildar á Kjarvalsstöðum í ársbyrjun 2023.

Það hefur verið sérstaklega ánægjulegt að fá tækifæri til þess að varpa nýju ljósi á hlut kvenna í íslenskri myndlistarsögu með þessum hætti og fá til þess liðsstyrk úr hópi fræðimanna sem hafa þá tímabundna aðstöðu innan deildar safneignar- og rannsókna við Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsi. Verkefnið eflir og styrkir til framtíðar hugmyndina um rannsóknarhlutverk safnsins og stuðlar að þekkingarsköpun innan íslensks fræðasamfélags um þetta mikilvæga viðfangsefni.

Nýlega var auglýst í annað sinn eftir fræðimanni til áframhaldandi rannsókna á hlut kvenna í íslenskri listasögu og er umsóknarfrestur til og með 1. nóvember 2022.

Nathalia Druzin Halldórsdóttir

Starfsmaður í hlutastarfi hjá FÍSOS

Í byrjun sumars var Dagrún Ósk Jónsdóttir ráðin af Félagi íslenskra safna- og safnmanna (FÍSOS) í 30% starfshlutfall til eins árs til að sinna ýmsum brýnum verkefnum fyrir félagið. Dagrún Ósk er með doktorspróf í þjóðfræði og með margvíslega reynslu af vettvangi safnastarfs, eins og sýningagerð, kynningarmálum, sem og viðburða- og verkefnastjórnun. Meginstörf Dagrúnar Óskar fyrir FÍSOS verða að vekja skipulega athygli á starfsemi íslenskra safna og mikilvægi þeirra í samfélaginu. Hún mun jafnframt sinna verkefnisstjórn í tengslum við íslenska safnadaginn, afhendingu Íslensku safnaverðlaunanna, farskóla safnmanna og annarra viðburða á vegum FÍSOS. Að auki mun hún hafa umsjón með samfélagsmiðlum og heimasíðu FÍSOS og leiða starf hagsmunagæsluhóps FÍSOS, en hann hefur það markmið að vekja athygli sveitarstjórnarmanna og alþingismanna á starfsemi safna.

Til hamingju með stórafmælið!

Minjasafnið á Akureyri fagnar fleiru en að hafa hlotið Safnaverðlaunin þetta árið. Það nær þeim virðulega aldri að verða sextugt. Af því tilefni er m.a. boðið upp á ársmiða í öll sýningarhús þess.

Safnið var stofnað árið 1962 og hefur frá upphafi verið staðsett í húsinu Kirkjuhvoli. Stærsti safngripurinn er Minjasafnskirkjan sem var upphaflega á Svalbarði austanmegin Eyjafjarðar. Hún stendur nú við hliðina á safnhúsinu. Annar óvenjulegur safngripur er minjasafnsgarðurinn sem

er einn fárra íslenskra skrudgarða varðveittur frá aldamótunum 1900. Þetta eru ekki einu stóru safngripirnir sem tengjast safninu, einnig má nefna burstabæinn Laufás, Nonnahús, Davíðshús og Leikfangahúsið. Að nógu hefur því verið að hyggja hjá öflugu starfsliði safnsins í gegnum árin.

Í svona greinarkorni er ekki hægt að telja upp öll þau áhugaverðu verkefni sem starfsfólk safnsins hefur komið að. En það má nefna sýningar eins og *Hér stóð búið!*, *Tónlistarbærinn*


Akureyri og jóla – og korta sýningar þar sem gestir eru hvattir til að bæta við þekkingu safnsins. Einnig eru viðburðir haldnir reglulega, eins og tónleikar á sviðinu í Tónlistarbænum og búðarfundir eftir opnun.

Safninu er óskað innilega til hamingju með afmælið og verður spennandi að fylgjast með verkefnum þess næstu áratugi.



Hvíld, hagldabrauð og útisýningin Hnoð:

Evrópusamstarf í Listasafni Einars Jónssonar



Lágmyndin Hvíld eftir Einar Jónsson, 1915–1935.

Rýnt í stöðu Listasafns Einars Jónssonar (LEJ) og listaverkið sem gleymdist að nefna

Á forsíðu 8. tölublaðs Safnablaðsins Kvists birtist teikning eftir Halla Civelek með sterka tilvísun í þekkt listaverk eftir Einar Jónsson (1874–1954), fyrsta myndhöggvara Íslands.¹ Upprunalega listaverkið, sem forsíðu-teikningin vísaði í, en gleymdist að nefna, heitir *Hvíld* og sýnir tvískipt andlit annars vegar með slétt og fellt yfirbragð og hins vegar grímuskel úr stuðlabergi. *Hvíld* er risastór gifs lágmynd (263x180sm) frá árunum 1915–1935 varðveitt og til sýnis í Listasafni Einars Jónssonar.

Ljósmynd af hluta verksins prýðir forsíðu bókar Ólafs Kvaran um Einar frá 2018, *Einar Jónsson myndhöggvari: Verk, táknheimur og menningarsögulegt samhengi*. Þegar listaverkið er skoðað nánar sést álút mannvera með hamar undir tvískipta andlitinu. Veran er tákn fyrir myndhöggvarann sem hefur það hlutskipti að frelsa fegurðina/andann úr viðjum efnisins. Ein túlkun verksins, byggð á heiti þess, er sú að lágmyndin sé tákn um að hvíla vel í sjálfum sér, sama hvað á dynur – mannkostir sem kófið hefur meðal annars kennt okkur.

Mynd Halla Civelek á forsíðu Kvists sýnir þrjár hansaklæddar hendur dusta ryk eða forverja *Hvíld* og fjarlægja einnota grímu frá andliti listaverksins. Áskoranir og ógnir sem íslensk söfn hafa staðið frammi fyrir voru umfjöllunarefni blaðsins. Gríma og hanskar eru helstu tákn (og safngripir) kófsins og því ákveðinn léttleiki og von um bættu og breytta tíma í teikningunni þó að ári síðar sé fólk enn að bíta úr nálinni með áhrif kófsins á safnastarf.

Hvíld er eitt af þeim listaverkum sem eru í stórhættu á að eyðileggjast meðal annars í jarðskjálftahrinum undanfarinna ára, þar sem enn á eftir að koma verkinu í varanlegt efni eins og brons þrátt fyrir að LEJ sé orðið 99 ára gamalt safn. Helsta ástæðan er kostnaður. Viðvarandi fjárhagsvandráði virðast hafa fylgt safninu frá upphafi. LEJ er fyrsta listasafn landsins sem opnað var almenningi í eigin húsnæði. Stofnun þess byggist á gjafabréfi Einars til íslensku þjóðarinnar, undirrituðu 1909. Gjöfin var þegin með samþykktu frumvarpi til laga 1914 um að verk Einars yrðu flutt frá Kaupmannahöfn til Íslands á kostnað Landssjóðs og byggt yrði

yfir þau safn. Alþingi samþykkti að veita 10.000 kr. til að reisa safnið á Skólavörðuholti en raun kostnaður var nær 30.000 kr. Fram fór söfnun meðal almennings svo að hægt væri að byggja safnið en eigandi þess er þrátt fyrir allt íslenska ríkið.

Að reka safn og varðveita menningararf til framtíðar fylgir mikil ábyrgð. Fjárframlag til LEJ dugar varla til að halda safninu opnu hálfan daginn á besta stað í höfuðborg landsins. LEJ varð engu að síður viðurkennt safn í lok árs 2021. Örfá stöðugildi hamla hins vegar starfsemi safnsins verulega því þrátt fyrir góðan vilja og ágætar heimtur úr hinum ýmsu styrktarsjóðum þá vantar fólk til að sinna verkefnum og lögbundnum þáttum starfsins. Lengi hefur verið stefnt að því að byggja við safnið til að bæta aðstöðu fyrir safngesti og efla starfsemina en erfiðlega gengur að koma þeim fyrirætlunum í framkvæmd. Það stýttist í 100 ára afmæli safnsins 24. júní 2023 og áform um dagskrá því tengdu taka mið af stöðunni eins og hún er. Minnisblöðum LEJ til fagraðuneytis síðustu tvö ár, sem útlista alvarlega stöðu safnsins í aðdraganda aldarafmælisins, hefur ekki verið svarað.



Victoria Björk Ferrell ásamt aðstoðarmanni við verðlaunaverkið Bragðmikið smjör.



Þátttakendur í vikulangri UpCreate skúlptúrsmiðju á opnun sýningarinnar Hnóð í höggmyndagarði Listasafns Einarssonar. Ljósmyndir: Þórdís Erla Ágústsdóttir.

Skapandi samstarf í höggmyndagarði LEJ

Þegar fátt er um svör í heimahögunum þarf að leita eftir skapandi samstarfi í alþjóðlegu samhengi í þeim tilgangi að halda lífi í starfseminni. Í heimsfaraldri urðu til ýmis nýsköpunarverkefni til að stuðla að aukinni samvinnu og virkni ungs fólks í menningarlegu tilliti. Eitt slíkt er fimm landa Evrópuverkefnið *UpCreate* (www.up-create.eu). Yfirskrift verkefnisins er *Listir og matur* og áhersla lögð á að vinna með fólki á aldrinum 18–30 ára. Austurríki tók fyrir tónlist og mat, Ítalía leiklist og mat, Slóvenía arkitektúr og mat, Danmörk málverk og mat og Ísland skúlptúr og mat.

Matur sameinar fólk og er góð leið til að skapa félagstengsl. Það var hins vegar áskorun fyrir LEJ að finna leiðir til að sníða verkefnið að annmörkum safnsins. Í fyrsta lagi er matur ekki leyfilegur í safninu sem hýsir viðkvæm gifsverk. Í öðru lagi var hluti af verkefninu að endurhugsa samskipti safnsins við markhópinn og í þriðja lagi að bjóða ungu fólki vettvang til sköpunar.

Fulltrúar menningarstofnananna sem tóku þátt í verkefninu hittust

í Skagen listasafninu í Danmörku í október 2021. Í kjölfarið var fundað þrisvar á þriggja daga stafrænum vinnufundum til að þróa verkefni hvers og eins áfram auk þess sem farið var yfir ramma og kröfur Evrópusambandsins um styrkveitinguna. Heildarupphæð styrksins er 41,5 milljónir króna og þar af eru eyrnamerkar rúmar 3 milljónir fyrir LEJ. Hverju þátttökulandi var gert að skipuleggja viðburð og eins konar samkeppni þar sem einn vinningshafi yrði valinn til að fara til Feneyja á Tvíæringinn og taka þátt í sameiginlegri smiðju hvers þátttökulands þeim að kostnaðarlausu.

Eftir grúsk og grufl fundum við setningu í bók Einarssonar *Minningar og skoðanir* (1983, bls. 14) þar sem hann segir: „Ég fékk hagldabrauð í nesti hjá mömmu, en tímdi ekki að eta það, því að mér fannst það svo fallegt í laginu, að ég vildi heldur geyma það með öðrum gullum, sem ég átti.“² Vitundin um fegurð formsins varð svengdinni yfirsterkari hjá Einari sem ungum dreng. Þar með var fyrsti vísirinn að útfærslu LEJ í UpCreate verkefninu kominn sem og kveikjan að samstarfi við Brauð & Co.

Hnitbjörg, eins og LEJ er stundum kallað, er fyrsta húsið sem reist var á Skólavörðuholti.³ Áhugaverðar útisýningar spruttu fram á þessu svæði á árunum 1967–1972, sem hvorki Einar né safn hans tóku þátt í. Brauð sem hráefni kom þar við sögu. Í bók um útisýningarnar⁴ er fjöldi ljósmynda þar sem safnið er þögull þátttakandi í bakgrunni. Í þessu samhengi og í samvinnu við Brauð & Co. bauð LEJ nemendum úr Listaháskóla Íslands, Myndlistaskólanum í Reykjavík og Myndlistaskólanum á Akureyri að sækja um þátttöku í UpCreate verkefninu undir yfirskriftinni *Fiktað við íslenska listasögu*. Verkefnið fólst í vikulangri skúlptúrsmiðju í höggmyndagarði LEJ undir handleiðslu Sindra Leifssonar myndlistarmanns ásamt undirbúningi útisýningar. Níu manns skráðu sig til leiks.

Skúlptúrsmiðjan fór fram 20.–24. júní 2022 og hófst á kynningu unga fólksins á sínum fyrirætlunum. Sindri hefur unnið töluvert með mat í sínum verkum og því mikill fengur að fá hann til að leiða umræður og stýra smiðjunni. Hópurinn fékk leiðsögn um safnið og kynningu frá Ingu S. Ragnarsdóttur á útisýningum á holtinu áður en þau hófu



Gamlir og nýir tímar mætast.



Unnið með Brauð & Co. Ljósmyndir: Þórdís Erla Ágústsdóttir.

hugmyndavinnu og útfærslu á eigin verkum. Brauð & Co. sá um að næra og fæða hópinn alla vikuna með nýju brauði og bakkelsi, ásamt því að útvega brauð eða deig sem hráefni í listaverk.

Skrifstofu safnsins var umbreytt í skapandi vinnustofu auk þess sem þátttakendur heimsóttu og ráðfærðu sig við bakara til að ná fram þeim áhrifum sem þau sóttust eftir í listaverkum sínum. Sem dæmi fékk einn þátttakandi bakara til að móta eins langt brauð og ofnar leyfðu, annar fékk þá til að baka hringlaga bollur í yfirstærð og þriðji þátttakandinn fékk nokkur kíló af deigi í sitt verk. Tillaga að nafni útisýningarinnar *Hnoð/Knead* kom frá þátttakendum í smíðjunni og þótti við hæfi. Hópurinn var með fjölbreyttan bakgrunn og reynslu. Sumir voru að ljúka sínu grunnnámi í myndlist, aðrir voru komnir styttra á veg og enn aðrir að ljúka meistaranámi. Þátttakendurnir voru þau Benedikt Ingi, Gabriel Backman, Guðný Sara Birgisdóttir, Hlökk Þrastardóttir, Maria Sideleva, Oliver Wellmann, Saga Líf Sigþórsdóttir, Sigurlinn María Sigurðardóttir og Victoria Björk Ferrell.

Laugardaginn 25. júní kynntu þátttakendur listaverk sín fyrir fimm manna dómnefnd áður en útisýningin *Hnoð/Knead* var opnuð formlega fyrir gestum og gangandi í höggmyndagarði safnsins. Sýningaskrá var gefin út með heitum og staðsetningu þeirra níu listaverka sem voru afrakstur skúlptúrsmíðjunnar. Verkin voru allt frá því að snúast um lykt, gjörning, innsetningar og endurnýtta hluti yfir í forvitnilegt handverk úr stálvír og fuglahús úr brauði. Til stóð að velja einn vinningshafa en þegar ljóst var að verk þátttakenda voru gædd miklum gæðum komst dómnefndin að þeirri niðurstöðu að velja tvo vinningshafa sem munu ferðast með safninu á Feneyjartvíæringinn á haustdögum 2022. Vinningshafarnir eru Victoria Björk Ferrell með verkið *Bragðmikið smjör*, þar sem samband brauðs og smjör var í forgrunni, og verkið borðað af gestum og Gabriel Backman með verkið *Vendingu*, sem lagði mikið upp úr fagurfræði og staðsetningu ásamt samvinnu við bakara.

Á opnun var boðið upp á haglda-brauð (eins og kringla í laginu eða hornhagldir) í boði Brauð & Co. Í dómnefnd sátu fyrrnefndur Sindri

Leifsson, Sigurður Guðmundsson, myndlistarmaður og þátttakandi í útisýningunum á Skólavörðuholti á sínum tíma, Ósk Gunnlaugsdóttir, f.h. Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík, Anna Marie Fisker, alþjóðlegur fulltrúi verkefnisins sem jafnframt stýrir rannsóknasetri í matvælafræðum, hönnun og upplifun við Álaborgarháskóla í Danmörku og AlmaDís Kristinsdóttir safnstjóri LEJ.

- 1 Einar Jónsson nam við Konunglega listaháskólann í Kaupmannahöfn 1896–1899. Strangt til tekið eru Bertel Thorvaldsen (1770–1844) og Gunnlaugur Briem (1773–1834) undanfarar Einar í höggmyndalist en staðhæfinginn byggir á því að Bertel var dansk-íslenskur og Gunnlaugur lærði tréútskurð og starfaði ekki sem myndhöggvari.
- 2 Einar Jónsson. (1983). *Minningar. Skoðanir*. Skuggsjá. [Upprunaleg útgáfa Minninga er frá 1944.]
- 3 Skólavörðan var líklega fyrsta byggingin á Skólavörðuholtinu, reist árið 1795 en látin víkja fyrir styttni af Leifi Eiríkssyni árið 1931. Minnisvarði um vörðuna eftir Þór Sigmundsson, steinsmið, er á milli LEJ og Hallgrímskirkju. Sjá nánar: Stefán Gunnar Sveinsson. (2013, 10. maí). Endurreisir Skólavörðuna. *Morgunblaðið*. bls. 44.
- 4 Inga S. Ragnarsdóttir og Kristín G. Guðnadóttir. (2017). *Útisýningararnar á Skólavörðuholti 1967–1972*. Minningarsjóður um Ragnar Kjartansson 1923–1988 í samvinnu við Myndlistarskólann í Reykjavík og Myndhöggvarafélagið í Reykjavík.

AlmaDís Kristinsdóttir, safnstjóri
Listasafns Einarssonar



REGNBOGA- ÞRÁÐUR

Hljóðleiðsögn

ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS




LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM

OPIÐ ALLA DAGA KL. 12-17

MIKIÐ ÚRVAL AF VÖRUM TIL SAFNAGEYMSLU OG VIÐGERÐAR

VIÐGERÐARPAPPÍR
BÓKBANDSLÍM
GRISJUR
SAURBLÖÐ
SÝRUFRÍR SILKIPAPPÍR
SÝRUFRÍIR KASSAR



—hvitlist

569 1900 | Krókhálsi 3 | 110 Reykjavík | hvitlist.is

Af síld ertu kominn

Fólk horfir á hlutina misjöfnum augum – *sínum augum lítur hver á sílfrið*. Þegar komið er inn á safn eða sýningu, er líklegt að skilningarvitum sé beitt með öðrum hætti en í hversdagslegri „notkun“ – og fólk geri sér sérstaklega far um það. En víst er, hvað sem einbeitingunni líður og viljanum til að nýta vel stundina, þá hljóta gæði sýningarinnar að ráða nokkru um hvernig athygli gestsins er fönguð og hvaða áhrif hún hefur.

Það ætti að vera öllum safnmönnum áhugavert að fá að fylgja skáldi og rithöfundum um eitt safn og horfa með glöggum augum hans og sjá með hans djúpa skilningi undir yfirborð hlutanna.

Þökk sé Guðmundi Andra Thorssyni fyrir að leyfa birtingu greinar hans hér í Kvisti. Hún var prentuð í Fréttablaðinu 8. júlí 2013.

Örlygur Kristinnson, fyrrum safnstjóri Sildarminjasafns Íslands

Ég gekk um Sildarminjasafnið á Siglufirði á dögnum á miðjum rigningardegi – fáir á ferli – þögn yfir öllu.

Þá er alltaf skemmtilegast að ganga um söfn, þegar maður þarf ekki að hlusta á eitthvert skvaldur og getur einbeitt sér að því að hlusta á hlutina þegja.

Þögn hlutanna

Þögnin er margvísleg. Þögn hafsins er mikilúðleg og þögn næturhiminsins vekur manni lotningu, þögn öræfanna er tignarleg og váleg er þögn svarta sanda; sumt fólk þegir þannig að gengur á með þrumum og eldingum kringum það en aðrir sveipa sig mildri og nærgætnislegri þögn. Og svo framvegis.

Þögn hlutanna er hins vegar ólík allri annarri þögn. Nytjahlutir sem lokið hafa þjónustu sinni liggja þarna og bíða eftir höndum, bíða þess að vera teknir upp og notaðir –

og þegja. Hlutir eru til þess að vera notaðir og hlutir sem ekki hafa verið notaðir til síns brúks áratugum saman fara smám saman að þegja á einhvern alveg sérstakan hátt. Aflögd amboð sem liggja til sýnis, tilbúin að spretta á ný upp, tilbúin að verða fyllt lífi með mannlegri nálgun, samleik handa og heila – frá slíkum verkfærum streymir þögn orka, góð og gjöfufull.

Maður horfir á þau og sér liðin handtök, skynjar í sviphendingu ólgandi athafnalíf, framtakssemi, útsjónarsemi, mannlíf – mannlegt hugvit, tiltekinn þankagang – maður gerir svona og svona og svona og þá gerist þetta og þetta – og djúpt í manni vaknar eitthvað sem líkist verkmanni. Mann langar að fara og gera eitthvað gagn einhvers staðar.

Slíkar og þvílíkar kenndir geta vaknað með manni þegar maður fer á minjasöfnin sem víða um land



hafa risið og vitna um myndarskap og ræktarsemi við íslenskan menningararf.

Ekki er síst gaman að koma á Sildarminjasafnið á Siglufirði og sjá allar þær keðjur og króka sem þar þegja, tunnur, klippur, katla og ker – að ógleymdum díxílum.

Afar vel hefur tekist til með uppsetningu safnsins, maður líður þar um af áreynsluleysi og dáist að öllu. Ekki er síst mikilsvert að fá að sjá myndir af fólki, hvort sem það hefur stillt sér upp sérstaklega til myndatöku eða er við störf sín: fjarri er hið luntalega og feimnislega fas sem svo algengt er að sjá á gömlum myndum af íslensku sveitafólki. Þetta fólk er svalt. Það er dugnaðarlegt, íbyggð, opið og fasmikið að sjá, allir virðast óðir og uppvægir við að láta hendur standa fram úr ermum og tileinka sér tækni nýrra tíma, svipurinn ljómar af einhvers konar einkennilegri kátínu, eftirvæntingu, vinnugleði – gott ef ekki sjálfri verðandinni. Samtaka nú! segir þessi svipur.

Kvikmyndirnar sýna síðan fólk sem labbar eins og í gömlum Chaplin-myndum: allir hreyfa sig þar svo hratt og manni finnst eins og það sé ekki vegna þess að kvikmynda-tæknin sé ófullkomin heldur af hinu, að öllum liggi á að bjarga verðmætum, skapa framtíð – samfélag – nýtt og gott Ísland.

Virðing og kærleikur

Yfirleitt heyrum við mest talað um það hvað herinn og blessað stríðið hafi gert mikið fyrir Ísland – en í raun og veru var það þetta fólk sem kom Íslandi til bjargar á kreppu-árunum, þegar Síldarverksmiðjur ríkisins tóku að starfa af fullum krafti og Íslendingar hættu að láta sér nægja að vinna síldina á forsendum Norðmanna. Maður sér það á fasi þess og svipmóti að það hefur mikilsverðu hlutverki að gegna: þetta er fólkið sem bjó til nútíma-Ísland, skapaði með dugnaði sínum, atorku, útsjónarsemi og vinnu-gleði – og samtaki – forsendur fyrir þéttbýlismyndun og bjó þar með í haginn fyrir afkomendur sína.

Við vitum líka hitt, að þetta kostaði sitt: á síldarleysisárum geysaði stundum hungur í bænum, lífsbaráttan var upp á líf og dauða og margar urðu þarna örlagasögurnar, lífið gat verið ljótt og grimmt og stéttaátökin gátu orðið harðvítug vegna þess að verkafólk þurfti að sækja af alefli öll þau réttindi sín, sem sjálfsöğð eru talin nú á dögum. Við megum ekki sjá þessi ár í of rómantísku ljósi eða ímynda okkur að þessi ár hafi lífið verið á einhvern máta betra en við þekkjum. Þetta vitum við. En samt: Síldarárin ljóma í Íslandssögunni. Og þau eru líka tákn þess sem aflaga fór. Af síld ertu kominn og síldin hvarf. Þau eru tákn um fallvaltleik þess að treysta um of á að geta ausið endalaust af brunnum Jarðar, leggja allt sitt traust á hráefnisframleiðslu fremur en hugvit.



Síldarstúlkur á planinu hjá Vigfúsi Friðjónssyni.
Ljósmynd: Steingrímur Kristinnsson / Ljósmyndasafn Síldarminjasafnsins.

Eitt af því sem er svo fallett við Síldarminjasafnið á Siglufirði er að þar er þessi gamla undirstöðu-atvinnugrein okkar, sjávarútvegurinn, umvafinn kærleika og virðingu, eins og vera ber. Allt vitnar um það á þessu safni: hvernig hlutunum er fyrir komið af ástríðu þar sem hver og einn fær notið sín í mælskri þögn sinni, hvernig vinnusvæði eru endurgerð í látleysi sínu og nytjafegurð, hvernig bátarnir í bátaskýlinu tróna í sæmd sinni í mildri birtu ævkvöldsins.

Við erum vön skæklatogi þegar kemur að málefnum sjávarútvegsins og

sjálfir hafa talsmenn greinarinnar ekki verið barnanna bestir í því að umvefja hana neikvæðni með frekju og fruntalegum kveinstöfum. Síldarminjasafnið á Siglufirði er til þess fallið að minna okkur á hitt: af síld ertu kominn. Við byggjum á því sem hún gaf okkur og eigum að einbeita okkur að nýjum úrlausnarefnum með sömu gleði og eftirvæntingu og áar okkar og eddur gerðu þegar síldin kom – og fór.

Guðmundur Andri Thorson
skrifar 8. júlí 2013 06:00

Varðveisla til framtíðar á Byggðasafni Árnesinga

Varðveislumál safna eru sífellt í deiglu og Byggðasafn Árnesinga hefur tekið stórt skref í þessum efnum.

Bráðum 70 ár eru liðin síðan farið var að safna gripum til Byggðasafns Árnesinga. Safnið var opnað sumarið 1964. Safnið var fyrstu áratuginu á Tryggvagötu 23 á Selfossi en alltaf bættist við safnkostinn. Nýjum aðföngum var bætt á sýningu safnsins og þröngt máttu gripir þar liggja. Þegar sýning safnsins var endurbætt árið 1986 eignaðist safnið varðveisluaðstöðu í kjallarahölu í Hótel Selfoss. Önnur aðstaða var síðan útbúin í nýðra húsi Tryggvagötu 23 nokkrum árum síðar. Árið 1992 var ákveðið að flytja starfsemi byggðasafnsins á Eyrarbakka og að grunnsýning safnsins yrði í einu merkasta húsi landsins, Húsinu svokallaða, sem byggt var 1765. Byggðasafn Árnesinga opnaði í Húsinu 1995 en varðveislumálin voru í ólestri þar til safnið eignaðist Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka árið 2002. Varðveislumálin voru í svo miklum ólestri að Morgunblaðið sá tilefni til að fjalla sérstaklega með heilopnu í blaðinu um þennan aðbúnað safnsins í febrúar 2000. Ýtti sú umfjöllun við eigendum og var ráðist í árið 2002 að reisa sérstakt skrifstofu- og varðveisluhúsnæði að Hafnarbrú 3. Fyrir það framtak hlaut Byggðasafn Árnesinga Safnaverðlaunin árið 2002.

Um svipað leyti tók Byggðasafn Árnesinga við rekstri Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka og því safni fylgdi



Ráðherra og safnstjóri undirrita samning um framlag ríkis í febrúar 2021.

Mundakotsskemman, sem nýttist vel fyrir varðveislu á grófmunum safnanna beggja.

Hafnarbrú 3 dugði safninu vel í tæp 20 ár en stöðugt bærust ný aðföng að safninu og varð aðstaðan þar smám saman of lítil. Auk þess bentu forverðir á ákveðna vankanta á skipulagi hússins.

Byggðasafn Árnesinga varð viðurkennt safn árið 2014. Samkvæmt safnalögum var Safnaráði falið eftirlit með því að starfsemi viðurkenndra safna væri fullnægjandi. Í mars 2017 fékk Byggðasafn Árnesinga í hendur skýrslu Safnaráðs um aðbúnað gripa á sýningum og í varðveisluhúsnæði þess. Gerðar voru ýmsar athugasemdir og var fljótlega hægt að lagfæra sumt en annað ekki. Helstu niðurstöður voru þær að þröngt væri um safnkost í Hafnarbrú 3, ekki væri sér rými fyrir uppstoppuð dýr og aðra náttúrugrip, ekkert sérrými væri fyrir ný aðföng og að Mundakotsskemman, væri ófullnægjandi sem varðveisluaðstaða



Þegar húsnæðið var tilbúið hófust starfsmenn handa um að setja upp hillur. Þessar voru settar upp í móttökusal.

fyrir minjar. Skýrslu Safnaráðs var dreift á stjórnendur safnsins, stjórn safnsins og eigendur, sem eru átta sveitarfélög Árnessýslu sem halda úti byggðasamlaginu Héraðsnefnd Árnesinga sem rekur söfn, tónlistarskóla og brunavarnir. Viðbrögð voru lítil til að byrja með en þó var reynt að útvega safninu nýtt varðveisluhúsnæði fyrir grófmuni eins og báta, bíla og vélar og léttu á Hafnarbrúnni. Ýmsar leiðir voru ræddar, en án árangurs. Kannað var hvort stækka mætti Hafnarbrú 3 eða byggja nýtt stakt hús sunnan við það. Hjá sveitastjórnað fengust einungis jákvæð viðbrögð um að úrlausna væri þörf.

Byggðasafn Árnesinga býr, eins og öll söfn í eigu sveitarfélaga, við það að á fjögurra ára fresti verða breytingar á stjórnnum og fulltrúum eigenda. Eftir sveitarstjórnarkosningarnar 2018 komu nýir fulltrúar í stjórn og nýr meirihluti kominn til valda í stærsta sveitarfélaginu Árborg. Nýir stjórnarmenn voru með völd og voru í meirihlutum

sinna sveitarfélaga og tekið var til hendinni. Þarna reyndist skýrsla Safnaráðs mikilvæg. Gerðar voru raunhæfar kostnaðaráætlanir um nýbyggingu fyrir grófmuni safnsins og einnig könnuð gerð viðbyggingar við Sjóminjasafnið. Ráðamönnum fannst þetta dýrir kostir vegna þess hversu langt var niður á Þjórsárhraunið. Allt í einu varð Búðarstígur 22 lausnir. Þetta er hið svonefnda Alpanhús á Eyrarbakka, vestarlega í þorpinu, sem byggt var í nokkrum þórtum 1970 til 1983 og var í fyrstu fiskvinnsluhús en síðar álpönnuverksmiðja. Lausnir er þannig komin til að í september 2018 var rætt við Margréti Hallgrímsdóttur, þáverandi þjóðminjavörð, um þörf safnsins fyrir 400 fermetra varðveisluhús. Hún sagði: „Hafðu húsið 800 fermetra og Þjóðminjasafnið skal leigja af þér helminginn.“ Þessum orðum var tekið fálega. En skömmu síðar barst húsnæðisvandinn á góma við varaformann safnsins sem vissi að Búðarstígur 22 væri falur fyrir rétta kaupendur. Hann kom með þá hugmynd hvort safnið ætti ekki að kaupa hluta Búðarstígs 22, skemmu þess húss, sem er 800 fermetra. Þar var lausnir komin; kaupa skal skemmuna, safnið þarf 400 fermetra fyrir grófsafnmunakostinn og hinn helmingurinn leigður Þjóðminjasafni Íslands! Þetta var rætt á héraðsnefndarfundum í október 2018 og þá vildi héraðsnefndin kanna hvort ekki mætti kaupa allt húsið og setja Héraðsskjalasafn Árnesinga, sem líka stóð í húsnæðisvanda, í eldri hluta Búðarstígs 22.

Þann 9. febrúar 2019 fundaði Héraðsnefnd Árnesinga í Húsinu á Eyrarbakka og fór í vettvangsferð í Búðarstíg 22. Vegna mikillar andstöðu héraðsskjalasafnsins var fallið frá því að flytja það frá Selfossi í Búðarstíg 22. Það kom undirrituðum í opna skjöldu að héraðsnefndin samþykkti að selja Hafnarbrú 3 og kaupa allan Búðarstíg 22 fyrir Byggðasafn Árnesinga. Það var hlutur sem hægt var að láta sig dreyma um en ekki líklegt að



Aðalsalur Búðarstígs 22 þar sem safnkosturinn er varðveittur.

nefndin væri svo rausnarleg. Þetta var hins vegar góð ákvörðun sem myndi leysa varðveisluvanda Byggðasafns Árnesinga til langs tíma. Fljótlega kom verktaki til að gera Alpan-húsið upp og aðlaga að þörfum nýrrar starfsemi. Skipuð var bygginganefnd þungavigtarfólks sem hélt utan um framkvæmdir. Byrjað var á skemmunni árið 2019 og var hún tilbúin til notkunar í árslok. Þá var haldið áfram með framkvæmdir og aðrir hlutar hússins gerðir upp. Þeim framkvæmdum lauk vorið 2021. Þetta kostaði sitt eða 215 milljónir króna og voru tekin lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að upphæð 220 milljónir króna með bakábyrgð sveitarfélaganna. Ríkissjóður styrkti verkefnið um 25 milljónir og „Allir vinna“, endurgreiðsla á virðisaukaskatti af vinnu á verkstað, skilaði 18 milljónum króna.

Fljótlega eftir að kaupin voru ákveðin hófust viðræður við Þjóðminjasafn Íslands um að leigja hluta húsnæðisins fyrir tæknimínjar þess í helmingi skemmunnar og tókust samningar þar um í september 2019. Þjóðminjasafnið fór að nýta þessa nýju aðstöðu 1. nóvember 2019 og eru þar varðveittir gripir sem áður voru varðveittir í Vesturvör 14 í Kópavogi.

Búðarstígur 22 er um fjórfalt stærri að flatarmáli en Hafnarbrúin. Húsið er 1703 fermetrar og kostnaður við kaup og viðgerð 175 þúsund krónur á fermetra, sem þykir lítið. Safnið leigir Þjóðminjasafni Íslands 400

fm helming skemmunnar en að öðru leyti er það nýtt af Byggðasafni Árnesinga. Á fjórum mánuðum var Hafnarbrúin tæmd af safnmunum og öðrum búnaði og skilað til nýrra eigenda í septemberlok 2021. Enn erum við að koma okkur fyrir og ef ég þekki eðli safnastarfs rétt þá er það endalaust verkefni. Í öllu ferlinu, frá þarfagreiningu til flutnings og niðurröðun gripa í nýju varðveisluhúsi, var Nathalie Jacqueminet forvörður til ráðgjafar og kom mörgu góðu til leiðar.

Búðarstígur 22 er í raun ekki sýningarhús en þó gefur salur í skrifstofuálmum kost á margvíslegri starfsemi og þess vegna sýningum á safnkosti. Nokkuð er um að hópar komi til að skoða varðveisluadstöðuna. Innkoma og nýting salar, auk leigutekna af sal Þjóðminjasafnsins, voru sterk rök fyrir kaupunum.

Byggðasafn Árnesinga býr nú við framúrskarandi góða aðstöðu til varðveislusafnmuna. Þannig var það líka árið 2002 en ekki árið 2017. Með eftirlitsskýrslu Safnaráðs varð okkur nokkuð ágengt við að færa safnið til betri vegar í varðveislumálum sínum. Hversu lengi þessi varðveislausn dugar safninu verður tíminn hins vegar að leiða í ljós.

Lýður Pálsson,
safnstjóri Byggðasafns Árnesinga

Vatn, lykt og litir á sýningunni SUND

„Þegar ég stundaði gömlu laugarnar sem mest, var ég eins og alki, ég titraði þegar ég fór á „útsýnispallinn“ og fann lyktina – blöndu af vatnsósa timbri og klór.“

Þótt ég hafi aldrei stundað „gömlu laugarnar“ í Laugardal staldraði ég sérstaklega við þessa tilvitnun í gamlan sundlaugargest á sýningunni SUND, sem opnuð var í Hönnunarsafni Íslands í febrúar 2022. Fyrir þá sem hafa fest ást á íslensku sundlaugunum er hún kunnugleg, lýsingin á þessari áköfu sundþrá, andlegri og líkamlegri í senn. Ég tilheyr þeim hópi sjálf, fer helst í sund nokkrum sinnum í viku, vil heimsækja sem flesta baðstaði landsins, hef sterkar og pedantískar skoðanir á öllu frá skápahönnun í búningasklefum til samskiptahegðunar á sundbrautum, er sannfærð um að heita vatnið sé leið náttúrunnar til að bæta okkur upp allt þetta myrkur og stöðuga næðing.

Þótt sýningin SUND sé til húsa í Hönnunarsafninu hefði hún eins

getað verið sett upp á ýmsum öðrum söfnum, því þetta er sýning um íslenska sundlaugamenningu í býsna breiðum skilningi – það er kallað samfélagshönnun í sýningartexta, með vísun til þess hvernig sundlaugarnar hafi mótað íslenskt líf og samfélag, en hönnun kemur að sjálf sögðu víða við sögu í sundlauginni; í mannvirkjum, í margvíslegum skiltum og merkingum, í sundfötum gestanna og svo framvegis. Sýningarstjórar sýningarinnar SUND eru Valdimar Tr. Hafstein þjóðfræðingur og Brynhildur Pálsdóttir hönnuður.

Sýningin hefst þar sem heita vatnið er flutt úr jörðinni upp á yfirborðið: við borholuna. Mér þótti sérlega gaman að sjá umfjöllun um hin heillandi silfruðu kúluhús sem hönnuð voru yfir borholur um 1980 – það kom í ljós að hálfkúlan



er hentugt form í íslenskum veðrum – og standa nú eins og bústaðir geimvera á háhitasvæðum landsins. Stærðarhlutföllin eru sýnd á hugvitsamlegan hátt á vegg við stigann upp á aðra hæð safnsins; 765,4 metra djúp borhola á móti agnarsmáu borholuhúsi.

Þegar upp í sýningarsalinn er komið tekur við fjölbreytt umfjöllun í lauslegri tímalínu. Aðgengilegir textar veita upplýsingar um sögu sundkennslu, baðmenningar og hugmyndafræðinnar á bak við uppbyggingu sundlauganna. Jónas frá Hríflu svífur yfir vötnum í sundsögunni eins og svo víða á fyrstu áratugum 20. aldar, meðal annars í umfjöllun um héraðsskólalaugarnar sem voru að hans mati „innsti kjarni héraðsskólanna“ og sundið mikilvægur lykill að menntun og þroska. Mér hlýnaði um hjartarætur að sjá Ingibjargar Brands sérstaklega minnst, frumkvöðuls í sundkennslu, kvenréttindum og hjóltreidum, svo fátt eitt sé nefnt. Saga og hönnun nokkurra sundlauga er tekin sérstaklega fyrir á sýningunni, svo sem Árbæjarlaugar, Skeiðalaugar og Sundhallar Reykjavíkur, þar sem meðal annars er sögð sú stórkostlega saga að Guðjón Samúelsson ætlaði upphaflega að byggja Sundhöllina í formi burstabæjar með þremur burstum og sundlaug undir hverri



burst. Undir lok sýningarinnar er fjallað um þá nýjung sem kölluð er „nautnabaðstaðir“, það er baðstaðir á borð við Bláa lónið sem jafnframt eru vinsælir áfangastaðir ferðamanna. Hönnun sundfata kemur einnig við sögu og ég kemst alltaf í gott skap af að berja augum brauðtertusundbol Tönju Levý, þar sem tveir grundvallarþættir í íslenskri menningu koma saman.

Ég hafði sérstaka ánægju af því að kynnast sögu heitu pottanna á sýningunni og því hvernig gerð þeirra hélst í hendur við þróun sundlaugarinnar sem félagslegs vettvangs og afþreyingarmiðstöðvar, þangað sem fólk fer ekki bara til að læra að synda og rækta líkamann heldur líka til að hitta aðra, spjalla og leika sér. Upprunasaga heitu pottanna er skemmtileg en við hönnun þeirra fyrir opnun Vesturbæjarlaugar árið 1961 byggði Gísli Halldórsson arkitekt annars vegar á Snorralaug en hins vegar á útisturtum í Laugardalslaug, þar sem börn busluðu gjarnan í botninum þar sem heitt vatn safnaðist fyrir.

Framsetning efnisins á sýningunni er fjölbreytt, textum er fléttað saman við ljósmyndir, kvikmyndir, hljóðupptök, grafík, líkón, teikningar og gripi. Sums staðar eru farnar frumlegar leiðir til að miðla efninu, til dæmis er sturtukrönum snúið til að kveikja á hljóðupptökum þar sem ólíkt fólk lýsir upplifun sinni af sundlaugamenningunni og á öðrum stað má lyfta glerkúpli til að finna sundlykt. Óskilasundgleraugu úr Laugardalslaug og plastlínurnar sem notaðar eru til að aðskilja sundbrautir – og ég lærði á sýningunni að heita öldubróttar – mynda litríka skúlptúra. Litapalletta sýningarinnar er að sjálfsögðu innblásin af sundlauginni og sjón- og efnisheimur sundlaugarinnar er yfir og allt um kring. Strax þegar gengið er inn í salinn mætir gestinum til dæmis kunnugleg fígúra með ský um höfuð, handarkrika, klof



Litapalletta sýningarinnar tekur mið af sundlaugum. Ljósmyndari: Vigfús Birgisson.

og fætur: VINSAMLEGAST ÞVOIÐ YÐUR VANDLEGA ÁN SUNDFATA ÁÐUR EN GENGIÐ ER TIL LAUGAR! Á sama vegg blasir við fyrsta boðorð sundkennarans: BEYGJA, KREPPA, SUNDUR, SAMAN! Í vitnisburðum fyrrum nemenda í sundi, sem festir eru upp á vegg, er gætt jafnvægis milli þeirra sem elskuðu að læra að synda og hinna sem þróuðu jafnvel með sér vatnshræðslu og andúð á sundi. Sundlaugin getur nefnilega líka verið ógnvekjandi umhverfi, þar sem maður stendur berstrípaður og berskjaldaður frammi fyrir meðborgurum sínum og þarf að fylgja föstum reglum; að sjálfsögðu er hér hægt að nálgast eitt af klassískum grínatriðum Fóstbræðra, þar sem Hilmir Snær Guðnason í hlutverki andstyggilegs baðvarðar skipar Benedikt Erlingssyni að þvo sér betur.

Daglegt líf í sundlaugunum er sýnt á ljósmyndum og í kvikmynd. Ljósmynd Ragnars Vignir frá 1951 af Ásgeiri Ásgeirssyni, þá alþingismanni og bankastjóra en skömmu síðar forseta Íslands, að stinga sér til sunds í Laugardalslaug er bæði skemmtileg sem slík og gæti mögulega staðið sem einhvers

konar táknmynd um þann félagslega jöfnuð sem margir telja að ríki í sundlauginni. Ljósmyndirnar sýna líka fjölbreytt umhverfi og hönnun ólíkra sundlauga, frá stórum þéttbýlislaugum með mörgum renni-brautum til lítilla sveitalauga þar sem náttúran er við laugarbakkann. Viðeigandi er að sýna á heilum vegg hinar fallegu drónaljósmyndir Braga Þórs Jósefssonar sem hann tók af sundlaugum landsins, með öllum sínum sérkennum, þegar þær tæmdust af gestum í Covid.

Sýningin SUND er litrík og falleg, skemmtileg og fræðandi. Að henni lokinni er gestum boðið að upplifa verkið SÝNDARSUND eftir Hrund Atladóttur, þar sem maður setur upp sýndarveruleikagleraugu og buslar svo um á botni sundlaugar. Þetta var eini hluti heimsóknarinnar sem mér þótti hálfgerð antíklímax, ég held að ég hefði notið verksins betur í formi kvikmyndar á vegg en sem sýndarveruleika. En þá er bara að drífa sig í sund.

Kristín Svava Tómasdóttir,
rithöfundur og sagnfræðingur

Íslenskir gripir á söfnum í Bretlandi

Nokkuð magn íslenskra gripa er að finna á söfnum í Bretlandi. Mest eru þetta 18. og 19. aldar nytjahlutir sem tilheyrðu íslenska bændasamfélaginu, eins og útskornir kistlar, trafakefli, askar, prjónastokkar, rúmfjalir, búningaskraut og ýmiss konar textílar, en þar leynast líka eldri gripir. Höfundur þessa pistils hefur tekið saman greinargerð um þessa gripir sem eru dreifðir um allt Bretland.

Aðdragandi verkefnisins var vitneskja um íslenska gripir á Victoria & Albert safninu í London. Ekkert eitt gagnasafn er til fyrir öll söfn í Bretlandi þar sem hægt væri að fletta upp íslenskum gripum. Ég byrjaði í skjalasafni V&A safnsins. Þar var stundum sagt frá því að gripir hafi verið sendir á annað safn. Þegar kom að því að skoða gripina kom fyrir að starfsfólk benti á að hugsanlega væri svipaða gripir að finna á þessu og hinu safninu. Þannig hlóð gagnasafnið utaná sig og tókst að benda á 13 söfn víðsvegar í Bretlandi.

Auk þess að gera skrár yfir gripina, var leitast við að setja söfnun þeirra í víðara samhengi og fá mynd af þeim einstaklingum sem útveguðu söfnunum þá. Slíkar upplýsingar eru þó ekki alltaf fyrir hendi. V&A safnið reyndist vera einna best að þessu leyti.

Áhugi á forngrípum og fornleifum á Íslandi var þegar til staðar snemma á 18. öld þegar Árni Magnússon fór um landið og safnaði handritum. Áhuginn jókst í kjölfar rómantískrar þjóðernisvakningar á Íslandi og annars staðar í Evrópu á 19. öld og leiddi m.a. til þess að Forngrípa-safnið, síðar Þjóðminjasafn Íslands, var stofnað 1863 og Hið íslenska fornleifafélag 1879.

Áhugi erlendra fræðimanna á Íslandi, ekki síst breskra, var einnig mikill á þessum tíma, og nokkrir þeirra lögðu leið sína til landsins til þess að skoða náttúruna, sögufræga staði og fornleifar. Þeir skrifuðu flestir dagbækur um ferðir sínar.

Þar kemur stundum fram að þeir eignuðust íslenska gripi sem þeir höfðu heim með sér. Einna þekktastur er brúðarbúningurinn sem náttúrufræðingurinn William J. Hooker hafði með sér árið 1809 og afkomendur hans seldu V&A safninu árið 1869. Nokkuð hefur verið fjallað um þennan búning og ennisbandið (koffur) sem varð viðskila við hann þar til samhengið uppgötvaðist í kringum 2010.¹ Elsa Guðjónsson sýndi fram á að búningurinn, sem Ólafur Stephensen stiftamtsmaður seldi Hooker, tilheyrði Sigríði Magnúsdóttur konu hans.²

Margir þessara íslensku gripa eiga það sameiginlegt að hafa bæst í



Beltspör í V&A.

safnkostinn stuttu eftir að söfnin voru stofnuð á 19. öldinni, þegar gripir af þessu tagi voru taldir hafa sérstakt menntunargildi fyrir almenning. Áhugi á söfnun og stofnun safna í Bretlandi jókst í kjölfar iðnbyltingarinnar, þegar handverk fór að víkja fyrir vélvæðingu. Þessi þróun leiddi til meiri áhuga á að endurreisa og safna handverki bændasamfélagsins, en slíkar hugmyndir voru m.a. grundvöllur listiðnaðarhreyfingarinnar (The Arts and Crafts Movement) í Bretlandi. Einn helsti forgöngumaður hennar var skáldið, hönnuðurinn og sósíalíski aðgerðastefnusinninn William Morris. Það var fyrir tilstilli hans að margir íslenskir gripir rötuðu inn í safnkost V&A safnsins þar sem hann var ráðgjafi.

Morris hafði mikinn áhuga á Íslandi og fór þangað tvisvar – árin 1871 og 1873. Hann hafði kynnst Eiríki Magnússyni, bókaverði í Cambridge og lært íslensku hjá honum. Hann heillaðist af Íslendingasögum og fór í ferðirnar til þess að kynnst söguviði atburða í fornsögunum. Í skjölum V&A safnsins kemur fram að Eiríkur seldi safninu kvenbúningasilfur árið 1872, sjálfsagt fyrir tilstilli Morris. Einn gripanna var flauelsbelti frá 18. öld með gullsaumudu blaðskrauti (sjá mynd). En það var kona Eiríks, Sigríður Magnússon sem gerðist ötul við að selja íslenska gripi í Bretlandi og ber því þó nokkra ábyrgð á fjölda þeirra þar. Nafn hennar kemur fram í skjölum V&A safnsins, en einnig t.d. í skjölum Pitt Rivers safnsins í Oxford. Sigríður gat sér ekki góðs orðs fyrir þetta athæfi á Íslandi, en, eins og haft er eftir bæði henni sjálfri og Morris var þetta gert til þess að hjálpa fátækum Íslendingum að bjarga sér. Síðustu áratugir 19. aldarinnar á Íslandi einkenndust af harðindum og erfiðleikum fyrir marga.

Annar Íslendingur, Þórunn Jónassen (1850–1922) frá Ketilsstöðum á Völlum í Suður Múlasýslu, kemur við sögu, svo nefnd í skjölum safnsins af



Veggjöld í National Museum of Scotland. Ljósmyndir: Guðrún Sveinbjarnardóttir.

því að hún var kona Jónasar Jónassen læknis – annars var hún Pétursdóttir. Hún seldi safninu tvær rúmflalir og þrjónastokk fyrir hönd Thorvaldsensbasars árið 1907. Salan var gerð í góðgerðarskyni. Ellen Marie Magerøy fjallar um alla þessa gripi í grein í Árbók.³ Rúmflalirnar eru enn á safninu en ekki þrjónastokkurinn, og það á við um 9 af alls 19 gripum sem Magerøy skoðaði árið 1960. Sjaldnast kemur fram hvað varð um horfna gripi. Sumum var sjálfsagt fargað vegna skemmda af völdum maðks eða myglu, aðrir voru jafnvel notaðir til viðgerða á svipuðum gripum og enn aðrir sendir á önnur söfn.

Flestir hinna sem seldu eða gáfu V&A safninu íslenska gripi höfðu einhver tengsl við Ísland – tveir voru konsúlur, aðrir höfðu ferðast til Íslands og svo voru forngripasalar sem höfðu augljóslega áhuga á viðfangsefninu.

Dæmi um fólk sem ferðaðist til Íslands í lok 19. aldar og kom með gripi til baka er frú Alec-Tweedie. Hún var rithöfundur, fór í ferðina 1886 og skrifaði um hana bók.⁴ Hún reyndi að gefa V&A nokkra gripi, en þaðan voru þeir sendir áfram á Horniman safnið í London og

Warrington Museum þar sem þeir féllu betur inn í safnkostinn. Meðal þeirra eru hagldir og hornspönn.

Þjóðminjasafn Skotlands í Edinborg virðist hafa eignast íslenska gripi á undan V&A safninu og þar eru næstum því jafn margir gripir og á V&A. Maður að nafni Robert Mackay Smith (1802–1888), kaupsýslumaður og áhugamaður um forngripi, gaf eða seldi safninu árið 1858 gripi sem falla undir 21 færslu. Meðal þeirra eru veggjöld sem hann keypti af Hallgrími Scheving (1781–1861), kennara við Bessastaðaskóla. Tjöldin munu hafa hangið í Lögréttuhúsinu á Alþingi á Þingvöllum. Á því lengra sem er yngra, frá 17. eða 18. öld, er 11. vers úr 34. Passíusálmi Hallgríms Péturssonar (sjá mynd).

Einn faldbúningur og tveir skautbúningar eru á safninu. Annan skautbúninginn seldi Margrét Hjaltalín árið 1890. Hún dvaldi í Edinborg með manni sínum, Jóni A. Hjaltalín sem var bókavörður þar frá 1871–1880. Hinn gaf Miss Elizabeth Mitchell (1889–1980) árið 1964. Með gjöfinni fylgdi ljósmynd af eigandanum sem var Ólafía Jóhannsdóttir, systurdóttir Þorbjargar Sveinsdóttur ljósmóður (c. 1828–1903). Ekki er



Kistill í Charterhouse School. Ljósmynd: Guðrún Sveinbjarnardóttir.

vitað hvernig Miss Mitchell eignaðist búninginn.

Fulltrúi áhugafólks um muni sem tilheyrðu hverfandi sveitasamfélagi er Gerard Stanley Davis (1845–1927), kennari og síðar skólastjóri Charterhouse School í Godalming í Surrey. Á safninu eru margir íslenskir útskornir trégripir. Ekki er ljóst hvort hann fór nokkurn tíma til Íslands, en hann átti í bréfasíptum þangað um kaup á gripum. Stór hluti safnsins var keyptur til byggðasafnsins í Haslemere, nágrennabæ Godalming. Fjallað hefur verið um það í nýlegri grein.⁵ Meðal þeirra gripa sem urðu eftir í Charterhouse School er kistill með djúpt skornu skrauti á öllum hliðum, ólíkur öðrum sem sést hefur á trégripum í þessari rannsókn. Í skránni stendur að kistillinn sé frá 16. öld og að Jón Arason biskup hafi gert hann! Ekki þykir það nú líklegt, en kistillinn er líklega gamall (sjá mynd).

Pitt Rivers þjóðfræðasafnið í Oxford er dæmigert fyrir söfn sem voru

stofnuð í menntunarskyni undir áhrifum heimilisiðnaðar- og listiðnaðarhreyfinganna (The Home Arts & Arts & Crafts Movements) á 19. öld. Þar er þriðji mesti fjöldi íslenskra gripa á safni í Bretlandi. Stærri hluti þeirra en annars staðar tilheyrir verkmenningu, t.d. gripir sem voru notaðir við sjávarútveg og handið. Það var ekki síst náttúru- og mannfræðingurinn Thomas Nelson Annendale (1876–1924), fyrrverandi háskólanemi í Oxford, sem gaf safninu svona gripi, alls 22, marga frá Vestmannaeyjum, en hann ferðaðist til Íslands og skrifaði um það bók.⁶ Hann gaf einnig þjóðminjasafni Skotlands, þar sem hann bjó, íslenska gripi.

Pitt Rivers hershöfðingi, stofnandi safnsins, átti stórt einkasafn. Í því voru 38 gripir sem Sigríður Magnússon seldi honum eftir sýningu sem var haldin í Oxford 1889. Þeir fóru aldrei á safnið en voru seldir eða látnir fara annað eftir dauða Pitt Rivers. Afdrif fæstra þeirra eru þekkt. Með skránni, sem er geymd

í Cambridge University Library, fylgja stundum teikningar af gripunum sem Pitt Rivers gerði.

Hér er einungis fjallað um lítið brot af gripunum sem voru skoðaðir. Upplýsingar um aðra verða vonandi aðgengilegar á einhverju formi í náninni framtíð. Svolítill gluggi hefur verið opnaður inn í menningarleg samskipti Íslands við Bretland, aðallega á 19. öldinni. Það er ljóst að íslenskt handverk skipaði þar svolítinn sess.

- 1 Sjá Faurby, Hanne 2018. „Icelandic Jewellery“. *Jewellery History Today* Issue 33. Sigrún Helgadóttir 2019. Faldbúningurinn fagri og koffrið sem honum fylgdi. *Hugur og hönd* 2019, 7–12
- 2 Elsa E. Guðjónsson 1985. „Íslenskur brúðarbúningur í ensku safni“. Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1984, 49–80.
- 3 Magerøy, Ellen Marie 1964. „Íslenskur tréskurður í erlendum söfnum IV. Gripir í Victoria & Albert Museum, London“. Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1963, 112–127.
- 4 Alec-Tweedie, Ethel 1889. *A girl's ride in Iceland*. London: Griffith, Farran, Okeden & Welsh.
- 5 Áslaug Sverrisdóttir 2015. „Gripir úr íslenska sveitasamfélaginu í Haslemere, Surrey“. Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2014, 169–182.
- 6 Anendale, Nelson Thomas. 1905. *The Faroes and Iceland. Studies in Island Life*. Oxford: Clarendon Press.

Guðrún Sveinbjarnardóttir,
fornleifafræðingur

Gerðarsafn

Kópavogur Art Museum

www.
gerdarsafn.is

Safnbúð **Museum Shop**
Reykjavík Roasters

Hamraborg 4

200 Kópavogur



„Ég hef aldrei getað skoðað sýninguna svona vel!“

Tökum höndum saman

Borgarsögusafn Reykjavíkur og Listasafn Reykjavíkur vinna saman að verkefni sem kallast *Tökum höndum saman* og snýst um aðgengismál í sem víðustum skilningi. Verkefnið felst í að finna skapandi leiðir til að vinna með ólíkum hópum á þeirra forsendum á fjölbreyttum sýningarstöðum safnanna. Dæmi um það sem hefur verið gert undir hatti verkefnisins eru séroþnanir fyrir fólk á einhverfurófi, leiðsagnir á ólíkum tungumálum, sjónlýsingar fyrir blinda og sjónskerta og auknar upplýsingar um aðgengi á vefum safnanna. Verkefnið er styrkt af Öndvegissjóði safnasjóðs til þriggja ára og samstarfið hefur gefið verkefnateymi á vegum safnanna tækifæri til að setja margbreytileika samfélagsins í fókus.

Tökum höndum saman verkefnið miðar að því að auka aðgengi fólks að söfnunum tveimur og bjóða alla gesti velkomna, líka þau sem af einhverjum ástæðum eiga erfitt með að koma í söfnin eða finna sig ekki þar. Verkefnateymi á vegum safnanna setur sig í samband við ólíka hópa til að eiga samtali um þær hindranir sem viðkomandi hópur upplifir þegar kemur að því að heimsækja söfnin. Hindranir geta verið vegna fötlunar, veikinda, menningarmunar eða félagslegra og efnahagslegra aðstæðna svo fátt eitt sé nefnt.

Teymið einsetur sér að tengjast tveimur nýjum hópum á hverju ári verkefnisins, vinna að lausnum í

samstarfi við hópinn og hrinda þeim í framkvæmd á báðum söfnum í einu. Verkefnið hófst árið 2020 og lýkur í árslok 2022. Á þessum tíma hefur byggst upp þekking á ólíkum hindrunum sem gera það að verkum að fólk getur ekki tekið þátt eins og það langar.

Borða ekki allir pasta?

Söfn eru fyrir okkur öll og allt sem gert er á söfnum er gert í þágu samfélagsins. Fyrir safnafólk er þetta svo augljós staðreynd að það getur reynst erfitt að sjá af hverju sumt fólk finnur sig ekki á söfnum. Til að hugsa þetta upp á nýtt er hægt að líkja safnastarfi við matreiðslu og að allt sem safnið býður upp á, hvort sem það eru sýningar, viðburðir, safnfræðsla eða annað, sé gómsætur og innihaldsríkur pastaréttur. Verkefni eins og *Tökum höndum saman* væri í þessari líkingu glútenlaust pasta. Það er sami rétturinn og safnið býður upp á með starfi sínu nema að tekið er tillit til sérþarfa fólks sem þolir ekki glúten.

Þessi myndlíking er fengin að láni frá kynningu á verkefni sem miðar að því að lækka þröskulda inn á söfn í Finnlandi. Þar var myndlíkingunni haldið áfram og talað um sérhæfð fæðubótarefni sem safnið bauð upp á, svo sem pabbamorgna á safninu í samvinnu við heilsugæslu fyrir feður sem glíma við félagslega einangrun. Markmiðið er að bjóða upp á rétti eða næringu sem við öll getum notið. Reynslan sýnir að um leið og þrösk-



uldar eru lækkaðir fyrir einn hóp, nýtist það fleirum. Vandinn er oft að koma auga á hindranirnar og til þess er samtalið við ólíka hópa gríðarlega mikilvægt.

Samtali

Í samtali við Einhverfusamtökin kom í ljós að það er mikilvægt fyrir fólk á einhverfurófi að hafa aðgang að greinagóðum upplýsingum um söfnin áður en komið er á staðinn. Óþekktar aðstæður geta verið kvíðavaldandi og því fylgir öryggis-tilfinning að vita við hverju má búast í heimsókn á söfnin. Upplýsingar eins og hvernig uppröðun er á kaffihúsi safnsins og hvernig móttaka safnsins lítur út geta skipt máli.



Sagan talar tungum á Árbæjarsafni, leiðsögn á slóvakísku og tékknesku. Ljósmynd Martina Kravčíková.

Til að bregðast við þessu notaði verkefnisteymið covid-lokanirnar til að bæta við upplýsingum um aðgengismál á vefum safnanna auk ljósmynda frá öllum stöðum safnanna. Fjallað var sérstaklega um aðgengi fyrir einhverfa og fólki með skynúrvinnsluvanda og skrifaðar voru félagsfærnisögur um hvern stað fyrir börn á einhverfurófi. Félagsfærnisögur eru stuttar sögur sem hjálpa barninu að undirbúa sig fyrir ýmsar aðstæður. Hægt er prenta sögu út og lesa hana með barninu áður en safnið er heimsótt.

Þegar söfnin opnuðu aftur fyrir gesti var farið af stað með sérstaka viðburði fyrir fólki á einhverfurófi. Þá voru söfnin opin utan hefðbundins opnunartíma og áreiti á sýningum

stillt með þarfir hópsins í huga. Sér-opnunartími safnanna var kynntur í samvinnu við Einhverfusamtökin og mæltist mjög vel fyrir hjá gestum sem kjósa að skoða sýningarnar í minna áreiti en vanalega. Setningar eins og „Ég hef aldrei getað skoðað sýninguna svona vell!“ voru meðal umsagna gesta á sérofnun á Sjóminjasafninu í Reykjavík.

Sagan/Listin talar tungum

Undir hatti verkefnisins er samstarf við *Móðurmál – samtök um tvítyngi – the Association on Bilingualism* um skipulag viðburða undir heitinum *Listin talar tungum* í Listasafni Reykjavíkur og *Sagan talar tungum* í Borgarsögusafni Reykjavíkur. *Listin talar tungum* er viðburðaröð sem byrjaði í Listasafni

“

FRÁSÖGN AF SÉROPNUN FYRIR FÓLK Á EINHVERFURÓFI Á SJÓMINJASAFNINU

Fyrsta sérofnun verkefnisins var auglýst sem klukkutíma opnun, heimsókn á eigin vegum, eftir opnunartíma safnsins. Þá hafði lýsing á grunnsýningunni, *Fiskur og fólk – sjósókn í 150 ár*, verið dempuð, slökkt var á myndböndum sem annars má sjá á heilu veggjum rýmisins og slökkt var á hljóðum. Eins flott og sýningin er með öllum sínum tæknilausnum, þá naut hún sín ótrúlega vel í kyrrðinni sem skapaðist. Fólk kom og fór á eigin forsendum, skoðaði alla sýninguna eða hluta hennar, allt eftir því hvað hentaði.

Með því að hafa opnunina svona frjálsglega var komið í veg fyrir að gestir þyrftu að mæta á ákveðnum tíma eða fyndust þau þurfa að fylgja hópi í gegnum sýninguna. Starfsfólk safnsins var til staðar án þess þó að vera með eiginlega leiðsögn eða fræðslu. Fólk hafði þá kost á að spyrja út í efni sýningarinnar eða hvað annað sem því datt í hug meðan á heimsókninni stóð.

Heilt yfir, virkilega vel heppnuð sérofnun þar sem gestir og ekki síður starfsfólk, nutu sín vel.

”

Reykjavíkur 2017 og hélt nú áfram á báðum söfnunum í einu. Viðburðirnir eru leiðsagnir um sýningar safnanna á ýmsum tungumálum sem eru töluð á Íslandi. Unnið er með einum hópi í einu og kennari úr hópnum ráðinn til að fara með leiðsögn á sínu tungumáli um valda sýningu safnanna. Í undirbúningi fær viðkomandi



Heimsókn Tjarnarleikhópsins á sýninguna Eilíf endurkoma á Kjarvalsstöðum. Ljósmynd Guðný María Jónsdóttir.

sérleiðsögn um sýninguna með sérfræðingi safnsins og upplýsingar til að vinna úr. Á söfnunum hafa verið leiðsagnir á fjölda tungumála s.s. litháísku, spænsku, ungversku, filippseysku, slóvakísku, tékknesku, japönsku og döff (táknmáli).

Söfn sem viðfangsefni í móðurmálsnámi

Innan Móðurmáls – samtaka um tvítýngi eru starfræktir móðurmálsskólar þar sem hlúð er að fjölmörgum ólíkum móðurmálum á Íslandi. Samkvæmt starfshópi á vegum samtakanna eru töluð 109 tungumál í íslenskum leik- og grunnskólum og móðurmál er gríðarmikilvægt fyrir sjálfsmynd og tilfinningalíf hvers og eins. Að mati UNESCO getur áhersla á fjöltyngi ýtt undir nám án aðgreiningar og stuðl- að að framþróun í áherslu heims- markmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Söfnin buðu móðurmálsskólum samtakanna að nota söfnin sem vett- vang fyrir móðurmálsskennslu. Það hefur reynst mjög vel því kennarar móðurmálsskólanna eru sífellt á höttunum eftir frjóu umhverfi til að þjálfa tungumálafærni nemenda. Um

leið kynnist hópurinn því sem söfnin hafa að miðla og nemendum gefst færi á að spegla það í móðurmáli sínu öðru en íslensku. Í þessum heim- sóknum stjórnar kennarinn ferðinni, hefur frumkvæði að því hvaða safn er heimsótt og hvenær.

Sérhæfð heimsóknadagskrá

Ólíkt heimsóknum móðurmáls- skólanna hefur teymið frumkvæði að skipulagðri heimsóknadagskrá ýmissa hópa sem söfnin eru í sam- starfi við. Dagskráin er sett saman hálf t. á ári fram í tímann, starfsfólk safnananna tekur á móti og lagar heimsóknina að þörfum viðkomandi hóps. Þetta fyrirkomulag hefur fest sig í sessi og er nú orðið fastur liður í starfsemi samtaka eins og Hlut- verkaseturs og Klúbbsins Geysis sem heimsækja eitt safn í mánuði. Meðal markmiða samstarfsins er að kynna söfnin fyrir þátttakendum sem stað sem hægt er að sækja innblástur, fræðslu, upplifun og umfram allt stað sem er öllum opin. Samstarfið hefur gefið af sér allskyns skemmtileg hliðarverkefni eins og t.d. sýningar Hlutverkasetursins á Árbæjarsafni og Sjóminjasafninu í Reykjavík.

“

FRÁSÖGN AF UNDIRBÚNINGI Á LISTIN TALAR TUNGUM Á RÚSSNESKU

Ludmila Zadorozhnyia hafði aldrei komið á Listasafn Reykja- víkur þegar hún kom á sýn- inguna Abrakadabra í Hafnar- húsi til að undirbúa Listin talar tungum. Við hittumst í lok dags því flestir kennarar Móðurmáls eru í fullri vinnu og kennslan aukastarf sem fer fram um helgar. Við höfðum verið í sam- skiptum í tölvupósti og þegar við hittumst ákváðum við að tala saman á íslensku. Ludmila hafði fengið fræðsluefni sent bæði á íslensku og ensku. Verk- efnastjóri fór yfir upplýsingar um safnið og valin verk. Við töluðum líka um kennslufræði- lega þætti eins og staðsetningu í rýminu og öryggisþætti. Samtalið var gefandi, nærandi og upplýsandi fyrir okkur báðar. Undirbúningur á safninu er mikilvægur svo að kennari sé kunnugur aðstæðum og geti miðlað af öryggi.

Við gáfum okkur tíma, hlust- uðum af athygli og veittum því eftirtekt hvað verið var að tjá en ekki hvernig

”

Auk þessa taka bæði söfnin þátt í sérhæfðum safnheimsóknum hópa sem í er fólk með heilabilun sem sækir dagþjálfun og er hluti af verk- efninu *Listir, hugarefning og vellíðan: Hittumst á safninu* undir stjórn Halldóru Arnardóttur.

Á vegum verkefnisins er einnig boðið upp á sjónlýsingu fyrir blinda og

“

FRÁSÖGN AF DÖFF LEIDSÖGN Á LANDNÁMSSÝNINGUNNI

Fyrsta döff leiðsögn verkefnisins, í samstarfi við Félag heyrnarlausra, heppnaðist frábærlega. Túlkurinn hafði komið áður á Landnámssýninguna til að kynna sýningunni og fá leiðsögn hjá verkefnastjóra sýninga og fræðslu. Leiðsögnin fór fram á opnunartíma safnsins en passað var upp á að hún væri ekki á álagstíma og að aðrir hópar væru ekki bókaðir á sama tíma. Gestafjöldinn var passlegur fyrir leiðsögn af þessu tagi. Allir sáu túlkinn vel og gátu fylgt eftir. Strax í byrjun myndaðist skemmtilegt andrúmsloft í mót-tökunni þar sem margir gestanna þekktust greinilega. Nokkrir tóku börnin sín með og voru áfram í fjölskylduhorni safnsins að leika og spila eftir að leiðsögninni lauk, og aðrir gengu aftur í gegnum sýninguna á eigin vegum. Allir gáfu sér tíma til að njóta, bæði starfsfólk og gestir. Yndisleg stund sem við hlökkum til að endurtaka. Þetta þarf nefnilega ekki að vera flókið.

”



Sjónlýsing fyrir hóp á ævintýranámskeiði á vegum Blindrafélagsins á Ásmundarsafni.
Ljósmynd: Marianna Eva Dúfa Sævarsdóttir.

sjónskerta, en sjónlýsing er aðferð til að færa sjónræna hluti og upplifun í orð og lýsa fyrir þeim sem ekki geta séð með eigin augum. Í samstarfi við sérfræðinga í sjónlýsingum er reglulega boðið upp á opna viðburði með sjónlýsingu á völdum sýningum safnanna.

Niðurlag

Verkefni eins og *Tökum höndum saman* hefur gefið starfsfólki safnanna tveggja tækifæri til að setja samstarf við ólíka hópa samfélagsins ofar í verkefnabunkann. Það hefur lengi verið á óskalistanum að setja aukinn

kraft í aðgengismál en af því að rödd ólíkra hópa er ekki hávær innan safnastarfs og hrópar ekki á aðgerðir er hætt við því að þessi verkefni lendi neðst í forgangs-röðinni í annasömu starfi safnafólks. Í rýminu sem verkefnið hefur skapað hefur orðið enn augljósara hversu raddlausir og ósýnilegir margir hópar samfélagsins eru í safnastarfi. Söfn starfa í þágu samfélagsins alls og það er nauðsynlegt að gefa sér tíma og spyrja hvort réttirnir sem söfn bera á borð henti ekki örugglega öllum.



Vorheimsókn litháíska móðurmálsskólans á Árbæjarsafni með viðkomu á Árbæjarsafnsvelli. Ljósmynd Roman Gerasymenko.

Birna María Ásgeirsdóttir,
Hlín Gylfadóttir, Hróðný Kristínar
Kristjánsdóttir starfskonur
Borgarsögusafns.
Halla Margrét Jóhannesdóttir,
Listasafni Reykjavíkur.

Söfn eru mikilvægir innviðir

Menningarmál hafa nú eignast nýtt heimili innan stjórnarráðsins eftir að hinu nýja menningar- og viðskiptaráðuneytinu var komið á laggirnar. Ég er þeirrar skoðunar að breytingarnar hafi verið tímabærar enda hafa umsvif menningarmála aukist umtalsvert í tímans rás en framlög til menningarmála nema yfir 16 milljörðum króna. Breytingarnar gefa menningarmálum aukið vægi en að sama skapi felast spennandi tækifæri í sambýli með öðrum málaflokkum ráðuneytisins, sem eru ferðapjónusta og viðskipti ásamt skapandi greinum og fjölmiðlum. Stór hluti af framlögum ráðuneytisins til menningarmála rennur til safnamála en söfn eru í mínum huga hluti af nauðsynlegum innviðum í nútímasamfélagi. Söfn gegna lykilhlutverki í að varðveita frumheimildir um menningu, sögu og náttúru landsins og veita aðgang að þeim til framdráttar í rannsóknunum, fyrir þekkingaröflun og til ánægju íbúa landsins sem og erlendra gesta sem heimsækja Ísland.

Unnið hefur verið að safnamálum Stjórnvöld hafa á undanförnum árum aukið framlög til menningar- og safnamála og í sáttmála ríkisstjórnarflokkanna kemur fram að hlúð verði að safnastarfi með aukinni stafrænni skráningu safnakosts og áherslu á sýningar og miðlun sem víðast í samfélaginu. Í júní 2021 samþykkti ég stefnumörkun um safnastarf en stefnumörkunin var unnin í samstarfi safnaráðs og höfuðsafnanna þriggja, Listasafns Íslands, Náttúruminjasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands.

Dæmi um verkefni sem unnið er að í safnamálum samkvæmt fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2023–2027 er að leysa varðveisluhúsnæðisvanda Listasafns Íslands, Þjóðskjalasafns Íslands og Landsbókasafns – Háskólabókasafns til framtíðar svo menningararfur þjóðarinnar glattist ekki að einhverju leyti.

Ég vil í þessu samhengi einnig nefna endurbyggingu Tæknimínjasafns Austurlands í kjölfar skriðufallanna á Seyðisfirði, sem stjórnvöld voru einhuga um að tryggja, enda hefur safnið að geyma mikilvægan hluta af þjóðfélagssögu Íslands.

Menningartengd ferðapjónusta

Samhliða auknum ferðamannastraumi til Íslands undanfarinn áratug hefur þörfin og eftirspurnin eftir fjölbreyttri afþreyingu aukist til muna hringinn í kringum landið. Þar gegna söfn lykilhlutverki – en úrvalið af þeim er stórgott! Í menningarstefnu þeirri sem stjórnvöld samþykktu árið 2013 var litið svo á að menningarlífíð væri einn lykilþátturinn í uppbyggingu ferðapjónustu. Ávallt hefur verið litið til þeirra jákvæðu áhrifa sem menningar- og safnastarf hefur á samfélagið allt og ekki síst það aðdráttarafl sem það hefur fyrir ferðamenn. Á söfnum gefst innlendum jafnt sem erlendum ferðamönnum gott tækifæri til þess að kynna menningu og sögu þjóðarinnar á fróðlegan hátt. Í auknum straumi ferðamanna felast óneitanlega tækifæri til þess að efla starfsemi safnanna með fjölgun gesta. Í því ljósi tel ég til að mynda að tækifæri séu fólgin í því að kynna söfn hringinn í



kringum landið með enn markvissari hætti. Söfn, sveitarfélög og hið opinbera þurfa að vinna sameiginlega að því markmiði. Viðurkennd söfn hafa getað sótt styrki í safnasjóð til að efla sitt kynningarstarf auk þess sem Uppbyggingarsjóðir sóknaráætlana landslutanna hafa styrkt mörg menningartengd ferðapjónustuverkefni. Ég tel að það sé þess virði að kanna möguleika á heildarkynningarherferð fyrir söfnin í landinu með það að markmiði að auka samspil þeirra og ferðapjónustu enn frekar.

Eitt af þeim tækifærum sem ég sé með tilkomu hins nýja menningar- og viðskiptaráðuneytis er meðal annars að auka slagkraft safnastarfs og ferðapjónustu til góða fyrir báða málaflokka. Ég er óendanlega stolt af því góða starfi sem unnið er á söfnum um allt land og því mikla fagfólki sem á þeim starfar. Það sem starfsfólk safna gerir á hverjum degi skiptir máli fyrir samfélagið og sjálfsmynd okkar sem þjóðar og ég hlakka til vinna frekar með þeim í því að ná enn lengra.

Lilja Alfreðsdóttir,
menningarmálaráðherra
og varaformaður Framsóknar

Nætur sem daga / Night and day

Í tilefni 40 ára starfsafmælis Ljósmyndasafns Reykjavíkur hefur safnið gefið út bókina *Nætur sem daga*, í ritstjórn Sigrúnar Kristjánsdóttur. Þetta er ljósmyndabók með ljósmyndum úr safneigninni.

Inngangstexti, ritaður af Kristínu Svövu Tómasdóttur, er á köflum of háflegur fyrir minn smekk, en þegar fram vindur er það góð hugmynd að vitna í myndir í bókinni og draga þær inn í samhengi frásagnarinnar með númerum þannig að lesandinn getur flett sjálfur og skoðað myndirnar.

Fyrstu viðbrögð við ruglingslegri tímaröð myndanna voru neikvæð, en fljótlega fór að verða spennandi að sjá hvað kæmi næst og sú nálgun er skemmtileg á köflum.

Um myndavalið sáu Sigríður Kristín Birnudóttir, Kristín Hauksdóttir og Gísli Helgason. Það sést að þau þrjú hafa verið í áratuga daglegu samneyti við safnkost Ljósmyndasafns Reykjavíkur og hafa dregið fram myndir úr safninu sem er ákaflega áhugavert að setja saman í þessa bók, mér finnst þeim hafa tekist vel til, en það hefðu mátt vera fleiri litljósmyndir úr safneigninni.

Um ljóð og örsögur Óskars Árna Óskarssonar læt ég eftir lesendum að dæma sjálfir.

(63)Ef ég ætti að velja eina mynd sem ég hef ekki séð áður og situr eftir, er það myndin af sjoppunni í Vestmannaeyjum eftir gos 1974. Unglingarnir standa út í hnapp og eru eins og unglingar allra tíma að skapa tengsl og sækja í afþreyingu við þeirra hæfi. Á þessum árum var ekki margt annað sem var við að vera. Sárálítið er til að svona myndefni í söfnum landsins. Myndin er að öllum líkindum tekin á þrífæti en samt tekst Braga Guðmundssyni að ná augnablikinu, því tæknilega var erfitt að ná svona mynd á filmu með þessa tíma tæknibúnað og án þess að nota flass.

Litmyndirnar eru kapítuli út af fyrir sig. Í litgreiningunni er ekki farið offari heldur farinn millivegur mjúkra lita litskyggunnar. Ekki er hægt að sjá hvort litmyndirnar eru teknar á litskyggjur eða negatífar filmur, hvorki í bókinni né á heimasíðu Ljósmyndasafnsins. Þarna erum við að sjá gamalt myndefni í lit, sem ekki hefur verið aðgengilegt og er mikil þörf á að fara að opna frekar.

Að lokum er ég hrifin af hönnun Ámunda á kápu bókarinnar, það að setja aðalviðfangsefni ljósmyndar Sigurhans Vignis á baksíðuna, en almenning á framsíðuna er frumlegt og skemmtilegt, því augað fer að leita eftir því hvað allt fólkið er að horfa á? Það þarf að snúa bókinni við til að sjá hvað er á baksíðunni.



Bókin er skemmtileg ljósmyndabók sem ég mæli með bæði til skemmtunar og fyrir þá sem eru að taka sín fyrstu skref í að skoða ljósmyndaarf okkar Íslendinga, vel gert.

Nætur og Dagar er vel prentuð og er myndvinnslan í henni ákaflega góð.

Akureyri ágúst 2022

Hörður Geirsson, safnvörður
ljósmyndadeildar Minjasafnsins
á Akureyri

Uppgjör og endurreisn

Atvik höguðu því þannig að á fyrri hluta árs 2020 átti ég sem fulltrúi Þjóðminjasafns Íslands aðkomu að gerð breytingaáætlaða fyrir Tækniminjasafn Austurland. Því heimsótti ég safnið um sumarið. Hafin var tiltekt og röðun gripa af margs konar tagi sem lent höfðu undir verndarvæng safnsins samhliða því að viðgerðir hófust á nokkrum safnhúsanna undir umsjá sérfræðinga Minjastofnunar. Talsvert ávannst og fram skyldi haldið á nýju ári.

En regnið skall á og aurskriða fell á Seyðisfjörð. Mannvirki eyðulögðust og/eða skemmdust. Tækniminjasafnið var ekki undanskilið. Góðu heilli urðu ekki slys á fólki en illa hefði farið hefði forstöðumaðurinn verið við vinnu sína í Renniverkstæðinu. Ágætlega hefur verið sagt frá yfirferð og björgun safngripa bæði á vettvangi safnmanna og í fjölmiðlum. Að sjálfsögðu var björgun veraldlegra eigna Seyðisfirðinga í fyrirrúmi. Næst kom að safnkostinum en í seinasta tölublaði Kvists, bls. 14–17. (Ágústa Kristófersdóttir, Sigurjón Baldur Hafsteinsson, Zuhaitz Akizu) er fjallað um hvernig staðið var því verki framan af.

Hér verður gerð tilraun til þess að lýsa því hvernig það er að standa í verkum af þessu tagi við mjög erfiðar aðstæður. Hvernig mögulegt er að feta sig áfram og sneiða hjá mistökum. Ekki var tóm til mikillar umhugsunar því á fyrstu stigum verksins var yfirvofandi hætta á frekari hamförum sem kynnu að verða.

Strax sýndi sig að eina leiðin til þess að koma verkinu áfram var að marka ákveðna áfanga og ljúka þeim. Ekki vaða úr einu í annað en taka hæfilega stór skref svo árangur væri merkjanlegur jafnóðum. Fljótt sýndi sig að línuleg framvinda verksins var óraunhæf. Bæði var umfang þess gífurlegt og aðstæður gátu breyst fyrirvaralítið.

Stefnumörkun í upphafi verksins skipti öllu máli um framhald þess. Gildandi söfnunarstefna var rýnd og sett upp drög að nýrri stefnu til þess að styðjast við í flokkun og yfirferð. Sú stefna reyndist forsenda þess að hægt var að halda dampi á fyrstu stigum. Þegar á leið kom í ljós að hún dugði vel og varð í raun leiðarljós við gerð söfnunarstefnu sem samþykkt var á fyrri hluta árs 2022.

Það hefði verið auðvelt að láta hugfallast en með tryggri aðkomu Múlaþings og starfsmanna þess unnust stórir áfanga á því tímabili þar sem óvissa ríkti um framhald skriðufallanna. Samhliða framlagi Múlaþings, starfsfólks safnsins, fyrirtækja á Seyðisfirði sem annað hvort lánuðu eða leigðu húsnæði til að vinna í, þátttöku starfsfólks annarra safna á Austurlandi og fjárfstyrk ríkisins til Tækniminjasafnsins sem veitt var í gegnum Þjóðminjasafnið þá náðust nauðsynlegir áfanga á fyrri hluta árs 2021. Samstillt átak allra leiddi til þess að mikið ávannst við björgun, flokkun, grisjun, flutninga í burtu, útvistun með söfnunar og grisjunarstefnu að vopni. Þá gekk



Þriðja umferð grisjunar biður safngripa sem enn eru að miklu leyti geymdir í fiskikörum í bráðabirgðageymslu. Ljósmynd: Lilja Árnadóttir.

settur forstöðumaður vasklega fram í því að útvega fé til og stjórna daglegu amstri.

Ennþá er ekki öll sagan sögð en yfirferðin hefur staðið yfir allt árið 2022 eftir því sem kostur hefur verið. Aðferðir og leiðir hafa þróast og tekið breytingum eftir framvindu verksins. Styrkur fékkst úr Nýsköpunarsjóði námsmanna vorið 2022 til þess að ráða námsmenn sem ætlað er að þróa aðferðir og leiðir til að uppvinnslu safngripa í anda sjálfbærni og nýsköpunar. Mikilvæg er og aðkoma Reykjavík Tool Library sem fékk styrk frá Lincoln University á Englandi til þess að fá nokkra starfsmenn í forvörslu til þess að fara yfir og beita fyrirbyggjandi forvörslu á þá gripi sem hafa verið og eru kjarni safnsins. Það eru munir frá ritsímanum sem flestir voru á sýningu safnsins í Símtöðinni frá því fyrir aldamót og munu skipa veglegan sess á grunnsýningu í nýju safnhúsi á Lónsleiru.

Samhliða öllu þessu hefur starfsfólk safnsins einhent sér í að móta framtíðarstefnu um uppbyggingu,



Starfskonur Tæknimínjasafnsins við opnun sýningarinnar *The Landslide Project* sumarið 2022 í nýju útgalleríi staðsettu á framtíðarlóð safnsins. Ljósmynd: Jessica Auer.

söfnun og miðlun í nýju safni sem góðar horfur er á að muni blómstra í framtíð við nýjar og gjörbreyttar aðstæður.

Lærdómur

Skriðuföllin á Seyðisfirði í desember 2020 ollu veraldlegu stórtjóni en voru jafnframt andleg ágjöf fyrir Seyðisfirðinga og alla sem staðnum unna.

Tæknimínjasafnið varð fyrir tjóni sem safnheimurinn þarf að læra af. Eftir að hafa átt þess kost að taka þátt í uppbyggingarstarfi Tæknimínjasafns Austurlands verður eftirfarandi ofarlega í huga:

Söfnunar- og starfsstefna er nauðsynlegt verkfæri í daglegu starfi og rekstri safna. Hana þarf að uppfæra með jöfnu millibili, aðlaga hana forsendum hvers tíma og betrumbæta og/eða aðlaga aðstæðum með ákveðnu millibili. Halda þarf lifandi samræðu eigenda safns, stjórnvalda, nærsamfélags og annarra safna.

Samþykkt stefna er verkfæri við söfnun og miðlun og sé frá henni vikið þarf að gera það í samtali við alla sem

hlut geta átt að máli, ábyrgðaraðila, stjórnvöld og önnur söfn.

Skýr sýn er nauðsynleg og mikilvægt halda sig við upphaflegt markmið sem þróa verður þó áfram til vaxtar og viðgangs safnsins á hverjum tíma. Mikilvægt er að muna að sníða verður stakk sinn eftir vexti. Nauðsynlegt að þekkja upphaf safns og leitast við að skilja hvaða forsendur lágu að baki þegar safn var stofnsett. Gleyma því aldrei að það fylgir ábyrgð að verða við aðsteðjandi kröfum um að taka við munum og minjum til varðveislu bæði frá fólki í heimabyggð og öðrum söfnum sem í skjótraði hliðra til hjá sér með því að flytja muni til vistunar án nákvæmrar athugunar á ríkjandi ástandi á viðtökusafninu. Í því sambandi þarf að meta varðveislugildi safngripa sem safnast hafa í tímans rás, meira af kappi en forsjá.

Verkefnið á Seyðisfirði sýnir og sannar gildi samstillts átaks, góðrar samvinnu og viðtækrar þátttöku. Það er bæði ókleift og kostnaðarsamt að reka safn, sem býr ekki yfir nægum starfskrafti svo unnt sé að sinna öllum þáttum safnastarfsins.

Atburðirnir sem þeir á Seyðisfirði eru góðu heilli ekki tíðir. Það má þó minna á að í snjóflóðinu á Flateyri árið 1995 gjöreyðilögðust safngripir.

Öryggismál eru margþætt og felast í fleiru en húsakosti, geymsluaðstæðum og viðvörunarbúnaði sem lítills má sín þegar slík ósköp sem á Seyðisfirði dynja yfir. Skráning er forsenda allrar varðveislu og miðlunar. Sé hún unnin og vistun upplýsinga tryggð þá er hægt að átta sig á hvað hefur eyðilagst eða glatast og þá er hugsanlega mögulegt að bæta tjón. Allavega liggja fyrir upplýsingar um hvað var til.

Það blasa við spennandi verkefni í Tæknimínjasafni Austurlands þrátt fyrir skakkaföll vegna skriðufalla. Þess er óskað að á Seyðisfirði verði lagst á árar Tæknimínjasafnsins og annarra safna til framgangs, hvatningar og þróunar.

Lilja Árnadóttir, fyrrum sviðsstjóri hjá Þjóðmínjasafni Íslands

Samstarf eða sameining safna

Á síðustu tveimur árum gerði mennta- og menningarmálaráðuneytið samninga við landshlutasamtök sveitarfélaga um um gerð fýsileikakannana varðandi samstarf og sameiningu safna samstarfi og sameiningu safna á sínum landsvæðum.

Meginmarkmið þessara kannana er að þær verði til þess að efla enn frekar það safnastarf sem fyrir er í landshlutunum og samrýmist það hlutverki landshlutasamtaka sveitarfélaga, sem er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum í hverjum landshluta. Vorið 2022 höfðu flest landshlutasamtök lokið verkefninu og skilað af sér

skýrslum þar að lútandi. Hægt er að nálgast þær á vefsvæðum landshlutasamtakanna. Ritstjórn Safnablaðsins Kvists leitaði til nokkurra aðila sem þekkja vel til safnamála í sínum landshluta. Voru þau beðin um að meta þær hugmyndir og niðurstöður sem finna má í skýrslunum og fara hugleiðingar þeirra hér á eftir.



Austurland

Í skýrslunni *Aukið samstarf eða sameining safna á Austurlandi?* er verið að velta tveimur ólíkum atriðum upp. Að mínu mati er samstarf safna einungis af hinu góða. Sem dæmi má nefna eru söfnin á Austurlandi að reyna að hrinda í framkvæmd sameiginlegu varðveisluhúsnæði fyrir safngripi. Mörg söfn eiga í erfiðleikum með að koma sér upp eigin geymslurými sem stenst allar reglugerðir. Almennar samræður þar sem fólk skiptist á skoðunum og deilir reynslu eru líka mikilvægur þáttur í safnageiranum. Ég tel góðan grundvöll fyrir aukinni samvinnu safna á Austurlandi og mörg tækifæri fólgin í því.

Hvað varðar sameiningu safna er eðlilegt er að velta fyrir sér hverju sameining myndi skila í raun. Er mögulega verið að setja fjármagn í stórt verkefni sem svo reynist breyta litlu? Hefði þeim fjármunum mögulega verið betur varið í söfnin sjálf?

Á Austurlandi er gestafjöldi lægstur af öllum landshlutum sem leiðir af sér að þetta eru litlar rekstrareiningar með litla veltu sem þýðir að ekki er mikið svigrúm til framkvæmda eða þróunar. Þessi söfn treysta því á styrkveitingar. Svoleiðis rekstur gengur ekki til lengdar. Því er eðlilegt að hugmynd um sameiningu komi upp. En gengur það upp á Austurlandi? Söfnin á Austurlandi eru að mörgu leiti ólík og langar vegalengdir eru á milli þeirra.

Minjasafnið á Bustarfelli í Vopnafirði er dæmi um safn sem er úr alfara leið. Ekki einungis er safnið langt

úti á landi heldur líka töluverða vegalengd frá Þjóðvegi 1. Landfræðilega tilheyrir Vopnafjörður kannski Austurlandi en er aftur á móti langt frá hinum eiginlegu „Austfjörðum“. Það tekur álíka langan tíma að ferðast frá Vopnafirði til Akureyrar og til Neskaupstaðar sem dæmi. Ef Minjasafnið á Bustarfelli á að ná inn nægum rekstartekjum þarf fleiri ferðamenn á svæðið. En fyrir Bustarfell er ekki nóg að fá fleiri ferðamenn til Austurlands, þeir þurfa að vera tilbúnir að taka krók, fara útaf Þjóðvegi 1 og keyra norðausturströndina. Hverju myndi sameining við söfn á Austurlandi skila fyrir Minjasafnið á Bustarfelli? Forráðamenn Minjasafnsins á Bustarfelli vita vel hvað þarf að leggja áherslu á varðandi markaðssetningu og forgangsroðun fyrir Bustarfell. Eiga sömu áherslu við um hin söfnin á Austurlandi? Fyrir öll hin söfnin er nóg að fá fleiri ferðamenn til að ferðast um austfirði eða Fljótsdalshérað en Vopnafjörður fellur sjaldnast undir þennan pakka vegna fjarlægðar við hina. Minjasafnið á Bustarfelli á ef til vill meira sameiginlegt með söfnum á Norð-Austurlandi eins og t.d. Grenjaðarstað sem er minjasafn í torfbæ auk þess að vera landfræðilega nær en flestir austfirðir.

Allt kemur þetta þó niður á fjármagni. Ef einhversskonar sameining myndi þýða aukið fjármagn fyrir söfnin er það alltaf eitthvað sem vert er að skoða en að mínu mati eru engir augljósir kostir varðandi sameiningu safna í sjónmáli.

Í skýrslunni er talað um „Ábyrgðarsafn“. Það er erfitt að mynda sér

skoðun á slíku fyrirkomulagi því ekkert íslenskt safn hefur fengið þá skilgreiningu og ekki hefur verið sett reglugerð fyrir það hlutverk. Flestir eru sammála um að skýra þurfi betur hlutverk ábyrgðarsafns áður en hægt er að taka afstöðu. Ég á þó erfitt með að sjá að það muni skila nokkru.

Mitt álit á skýrslunni sjálfri er að hún sé ítarleg. Það er flott að hafa SVÓT greiningu sem tekur á ólíkum hlutum og gott að fá sjónarmið forstöðumanna höfuðsafna. Skýrslan er snyrtilega upp sett og vel skrifuð og fær skýrsluhöfundur hér hrós fyrir. Innihaldi skýrslunnar óviðkomandi, þá þótti mér leiðinleg staðreyndavilla að sjá mynd af litlu skemmu-lofti á Bustarfelli á síðu 22 og kalla það „Baðstofa Minjasafnsins á Bustarfelli“.

Í samantekt má segja að mér finnst að söfn á Austurlandi ættu hiklaust að efla samstarf sitt, í því liggja mörg tækifæri. Ávinningurinn af sameiningu safna á Austurlandi er hins vegar óljós. Skýra þarf betur tilgang með ábyrgðarsafni og kostum þess.

Heimild: Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir (2021). *Aukið samstarf eða sameining safna á Austurlandi?* Austurbrú, fyrir Samband sveitarfélaga á Austurlandi.

Eyþór Bragi Bragason, safnstjóri á Minjasafninu á Bustarfelli

Eyþing

Skýrslan SAMSTARF SAFNA – ÁBYRGÐARSÖFN sameining og samvinna safna á Eyþingssvæðinu er útkoma verkefnis sem unnið var af Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA), fyrir Samband Sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, sem jafnframt var liður í byggðaaætlun fyrir árin 2018 til 2024. Markmiðið var að efla safnastarf í landshlutum, með athugun á því hvort hægt væri að auka samstarf og/eða sameiningu safna á viðkomandi starfssvæði og þá í samstarfi við höfuðsafn og viðurkennt safn, eins og segir í skýrslunni.

Yfirskriftin „Samstarf safna – ábyrgðarsöfn“ kemur svolítið spáskt fyrir sjónir, þar sem ekki er augljóst við hvað er átt með henni sem varðar eflingu samstarfs á svæðinu eða sameiningu þeirra. Í inngangi skýrslunnar, sem gefin er út 2020, er aftur á móti vitnað til nýmæla í Safnalögum (skv. þingskjali nr. 1152/2010–2011) varðandi ákvæði um m.a. ábyrgðarsöfn, sem sé hugmynd um að skilgreina ákveðin söfn sérstaklega sem sterk eru á sínu sérfræðisviði eða innan síns svæðis, sem geti þannig aðstoðað önnur söfn og verið þeim ráðgefandi. Með ábyrgðarsöfnum er talið að hægt væri að efla faglegt starf safna. Draga má þá ályktun að skýrsluhöfundar gefi sér þá hugmynd að með því að útnefna ábyrgðarsafn á svæðinu þá aukist samstarf þeirra á milli vegna ráðgefandi hlutverks þess fyrrnefnda. Ekki er mér þó ljóst hvernig sú aukning í samstarfi á að ná til annarra safna en nákvæmlega þess eða þeirra safna sem ábyrgðartitillinn hljóta, ef til þess kæmi, og

svo þess sem það aðstoðar hverju sinni. Ekki er útskýrt hvernig gjörningurinn myndi efla samstarf milli annarra safna svæðisins. Þá skal þess getið að nýmælið svokallaða tilheyrir þingskjali sem var nú ára gamalt árið 2020 þegar skýrslan var útgefin.

Framkvæmd verkefnisins byggir mikið til á viðtölum við forsvarsmenn eða staðgengla þeirra hjá átta viðurkenndum söfnum og fimm annarra safna í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, um aukningu á samstarfi í landshlutanum, sem og skoðanir þeirra varðandi sameiningu safna á viðkomandi starfssvæði. Tekið er fram að um 40 söfn, setur og sýningar séu á starfssvæðinu. Einnig tóku skýrsluhöfundar viðtöl við aðila hjá höfuðsöfnum og við starfsfólk hjá Safnaráði.

Uppbygging skýrslunnar er nokkuð sérkennileg þar sem efnistök byrja með upptalningu staðreynda sem eiga að heita niðurstöður skýrslunnar. Þar eru þó oftast en ekki aðeins listaðar upp staðreyndir um safnastarf á svæðinu, sem við sem störfum innan málaflokksins á starfssvæðinu könnumst líklega flest við. Dæmi um staðreyndir, en varla niðurstöður, eru til dæmis eftirfarandi: „Enginn fastur starfsmaður er í forvörslu á Norðurlandi eystra“ og „Aðgöngumiði á Síldarminjasafnið gildir líka í Þjóðlagasetrið“. Varla geta slíkar fullyrðingar talist til niðurstöðna í úrvinnslu á skýrslu sem hefur það að markmiði að efla samstarf safna í landshlutanum, mögulega með áherslu á sameiningu einhverra þeirra. Allskyns hugmyndir eru líka framsettar í niðurstöðum sem fram hafa væntanlega komið

í samtali við ákveðið starfsfólk safnanna. Enn og aftur þykir mér hæpið að kalla eftirfarandi dæmi, sem annars eru ágætis hugmyndir, sem niðurstöður verkefnisins þ.e.; „Sameiginleg heimasíða safna gæti verið skynsamleg...“ og „Hægt að hafa bíl við höfnina á Akureyri sem nokkur söfn gætu rekið saman og farið í nokkur söfn í innbænum og jafnvel víðar.“

Næst koma nokkuð löng skrif um hvert hinna níu viðurkenndu safna svæðisins, sem unnin eru meðal annars upp úr viðtölum og út frá minnispunktum skýrsluhöfunda á meðan á viðtölum stóð, og sem snúa að stofnupplýsingum safnanna, safneign, stjórnunarformi, gestatölum og fleiri gagnlegum atriðum er varða rekstur þeirra. Einnig er gefin ágætis lýsing á fyrirbærunum ábyrgðarsöfn, höfuðsöfn og viðurkennd söfn, auk útskýringar á skilgreindum óviðurkenndum söfnum. Niðurstöður úr viðtölum er svo greinargóður kafla. Nokkurskonar samantekt á safnastarfi svæðisins sem byggir á staðreyndum er lúta að samstarfi safnanna, samskiptum þeirra við höfuðsöfn, um hugmyndir til að efla samstarf með t.d. sameiginlegum safnapassa og sameiginlegu sýningarhaldi. Rekstrarfyrirkomulagi safnanna, sem er æði misjafnt, eru gerð skil í löngu máli og mikið lagt upp úr vangaveltum um hvernig hægt sé til dæmis að reka saman ákveðnar einingar á Akureyri. Til að útskýra hugmyndirnar er rekstrarform safna á vegum Reykjavíkurborgar rakið, sem er sérstakt að eyða svo miklu púðri í, en það verður að segjast að stundum virka skrifin meira sem upplýsingaefni til

hins almenna borgara en greining á fastmótuðu starfi safna svæðisins í þeim tilgangi að efla samstarf þeirra á milli. Kaflinn endar svo á samantekt varðandi hlutverk ábyrgarsafns, þar sem sjónum er aðallega beint að Minjasafninu á Akureyri og dregin sú ályktun, út frá viðtölum, að það sé það safn á Norðurlandi sem helst hafi burði til að gegna hlutverki ábyrgðarsafns, vegna þekkingar á byggðasögu og þéttbýlismyndun. Ekki er þó skýrt frekar hvort sú þekking sé bundin við Akureyri, jafnvel Eyjafjörð, eða hvort um ræðir yfirburða þekkingu á umtöluðu Eyþingssvæði öllu, þ.e. bæði öllum Eyjafirði og Þingeyjarsýslum í heild sinni. Kaflinn er mikið til í formi vangaveltna, en það er einnig umræðukaflinn í lokin þar sem sjaldnast er kveðið fast að orði varðandi einhverja ákveðna útkomu eða leið í átt að efla samstarfi, heldur lýtur að því hvað hægt væri að gera til að auka það. En einnig að því að forsvarsmenn þeirra safna, sem skýrsluhöfundar álíta hæfust sem ábyrgðarsöfn, séu jákvæðir fyrir því hlutverki og að rekstur sé erfiður á söfnum svæðisins. Enn og aftur hugmyndir að leiðum til eflingar safnastarfs og staðreyndir um það sem fyrir finnst.

Að ætla ákveðnu safni að vera ábyrgðarsafn ákveðins sviðs og/eða á ákveðnu landsvæði er ekkert sérstaklega augljós hugmynd þegar horft er t.d. til byggðasafna umrædds svæðis, en þau stærstu, annars vegar í Eyjafirði og hins vegar í Þingeyjarsýslum, eiga varla mikið meira sameiginlegt en önnur byggðasöfn landsins. Byggðasaga er varðveitt í Eyjafirði á þar til gerðu safni, Minjasafninu á Akureyri, þar sem fag- og söguþekking er til staðar og hvar safnast hefur sérþekking á eyfirsri sögu að einhverju leyti í gegnum tíðina. En það sama er uppi á teningnum í Þingeyjarsýslunum, hjá Menningar- miðstöð Þingeyinga sem geymir

bæði Byggðasafn Suður-Þingeyinga og Byggðasafn Norður-Þingeyinga. Hugsanlega líka á söfnum í fleiri sveitum landsfjórðungsins, þar sem byggðasaga hefur varðveist í gegnum muni, skjöl og sagnir. Ég sé ekki í fljótu bragði hvort (hvert) byggða- eða minjasafnanna ætti að standa öðru fremur til að vera í ráðgefandi hlutverki varðandi byggðasögu alls svæðisins. Staðbundin þekking geymist best í þartilgerðu safni viðkomandi

Að mínu mati er stærð landsins, mannfjöldi og fjöldi safna ekki meiri en svo að ég tel að höfuðsöfnin sinni ennþá tilteknum sviðum og starfa í umhverfi þar sem boðleiðir eru stuttar. Höfuðsöfnin virka sem ábyrgðaraðilar á þáttum safnastarfsins þeim tengdum, á öllu landinu, og tel ég það enn bestu leiðina til ráðgefandi samtals og starfshátta í safnastarfinu og gáfulegra á allan hátt en þann möguleika sem dreginn er upp í þeim efnum í skýrslu þessari.

sveitar og skýrsluhöfundar leggja aðeins fram vangaveltur varðandi sterka stöðu ákveðinna safna til hlutverksins.

Annað mál er þegar horft er til einstakra og ákveðinna fagsafna sem geyma til að mynda síldarminjar og/eða tækniminjar og er Síldarminjasafnið á Siglufirði jafnframt nefnt í skýrslunni sem vænlegur kostur er kemur að ábyrgð ákveðinna minja. En hvort Síldarminjasafnið sé til þess fallið að vera leiðandi á sviði sjóminja í heild sinni á landsvísu, eins og fram er sett af skýrsluhöfundum, get ég ekki lagt mat á.

Ef fyrsti kafli safnalaga (2011 nr. 141 28. september), sem í er vitnað og fjallar um tilgang, gildissvið og skilgreiningar safna, er svo skoðaður, segir eftirfarandi í 4.gr:

„Ábyrgðarsafn er viðurkennt safn sem ráðherra hefur, að fenginni tillögu viðkomandi höfuðsafns, falið að bera ábyrgð á ákveðnum þáttum safnastarfs á tilteknu sviði eða landsvæði.

„Parna er verklagið skrifað í lögin og hefur mun meira með ábyrgðarhlutverk að gera en þann þátt sem

snýr að sameiningu og samvinnu safna, í þessu tilviki á ákveðnu landsvæði. Með þessa staðreynd á borðinu getur það því varla verið á valdi landshlutasamtaka að ákveða hvort, og þá hvaða safn, með aðstoð RHA sem kannar meiningar starfsmanna á söfnum svæðisins varðandi starfsemi og samstarf, skuli vera til þess fallið að sinna hlutverkinu sem ábyrgðarsafn.

Vinnsla og framsetning skýrslunnar bera svolítið með sér að höfundar búa líklega ekki yfir mikilli fagþekkingu og úrvinnsla efnisins er þannig að lítið gagn er af sem verkfæri til aukinnar samvinnu safna. Að endingu verð ég að segja að efnistökin minna óneitanlega á þau sem viðhöfð voru við forvinnu við Safnastefnu Akureyrarbæjar 2022–2026, sem undirrituð verkefnastýrði og fékk RHA m.a. til samvinnu við vegna framkvæmdar á könnun, en sem kölluðu mun betur fram verkfæri og niðurstöður til áframhaldandi vinnu við það viðfangsefni en þau gera hér í skoðun á samvinnu og sameiningu safna á Eyþingssvæðinu.

Arnar Þór Jóhannesson, Rannveig Gústafsdóttir (2020): *Samstarf safna - Ábyrgðarsöfn. Sameining og samvinna safna á Eyþingssvæðinu*. Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri fyrir Eyþing.

Sigríður Örvarsdóttir, forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Þingeyinga.

Norðurland vestra

Í júní 2021 kom út skýrslan „Samstarf og sóknarfæri safna á Norðurlandi vestra“. Skýrslan var unnin fyrir Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) og eins og nafnið gefur til kynna fjallaði hún um samstarf og hugsanlegar sameiningar safna í landshlutanum, í samræmi við tillögu í Byggðaáætlun 2018–2024. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofa annaðist samantektina, með þjóðfræðingana Jón Jónsson og Eirík Valdimarsson í fararbroddi en þeir hafa báðir reynslu af starfi á söfnum og einnig af setu í sveitarstjórn og eru því málefninu vel kunnugir.

Um er að ræða yfirgripsmikla og vandaða samantekt sem er fyrst og fremst skrifuð fyrir safna- og sveitarstjórnarfólk á Norðurlandi vestra. Hún er í senn yfirlit og stöðugreining á safnamálum á svæðinu og um leið hvatning til samvinnu í safnaheiminum, aukins samráðs og öflugs samtals. Á Norðurlandi vestra er safnastarf fjölbreytt og breiddin umtalsverð. Þar eru starfandi byggðasöfn, héraðsskjalasöfn og bókasöfn fyrir allt svæðið. Í landshlutanum er einnig að finna áhugaverð sérsöfn og margvíslega miðlun sem byggir á sögulegri, náttúrutengdri og menningarlegri sérstöðu. Þá eru öflugar tengingar við minjavörsluna á landsvísu, náttúruvísindi, sögu, menningu, ferðaþjónustu, rannsóknir og fræði (bls. 5). Tæpt er á ólíkri umgjörð safna, setra og sýninga og þeim áskorunum sem starfsemi þeirra fylgir, t.d. með tilliti til ólíks lagaramma og reglna sem þau styðjast við og hversu ólík starfsemi safnanna getur verið. Farið er á greinargóðan hátt yfir það

samstarf sem nú þegar er á milli líkra og ólíkra aðila, tækifæri og möguleika til frekara samstarfs. Samantekin er mjög fróðleg bæði fyrir sveitarstjórnarfólk, safnafólk og alla þá sem vilja koma sér vel inn í málaflokkinn í landshlutanum. Þar er að finna góða hugvekju þess efnis að lykillinn að góðu samstarfi á milli safna- og sveitarstjórnarfólks sé gagnkvæm virðing – það eru fagleg vinnubrögð að sýna öðrum virðingu.

„Staðreyndin er sú að á íslenskum söfnum starfar stór hópur af reynslumiklu, skapandi og duglegu hugsjóna- og fagfólki. Stundum beinlínis kraftaverkafólki sem virðist bókstaflega geta gert alla skapaða hluti og haldið fjölmörgum boltum á lofti í einu, eins og ekkert sé. Þar er saman komið fólk sem hefur oftast virkilega gaman af því sem það er að gera, allavega á meðan lágmarks skilningur og stuðningur er fyrir hendi. Það er bæði sjálfsöð og eðlileg krafa á eigendur safna og þau sem fjalla um safnamál, að reynslu og þekkingu safnafólks sé sýnd virðing.“

(bls. 41) segir í skýrslunni. Sem fyrr segir þarf virðingin að vera gagnkvæm og því sjálfsagt að safnafólk sýni sveitarstjórnarfólki og hugmyndum þess áhuga. Það reyni að standa sig við að svara kröfum þess sem best og hlusti af athygli og áhuga á skoðanir þess og vangaveltur. Þannig er hægt að grípa um leið tækifærið til að eiga gagnlegar samræður, upplýsa og fræða um starfsemina og hlutverk safnanna.

Forsendurnar sem þurfa að vera til staðar fyrir hugsanlega sameiningu safna eru vel skilgreindar í skýrslunni. Þar segir að forsendur séu til staðar þegar; aðilar vilja sameinast og fagleg rök eru fyrir því að starfsemin eflist við sameiningu. Eigandi safnanna sé hinn sami. Bakgrunnur, markmið og tilgangur starfsemi safnanna er svipaður. Við sameiningu sveitarfélaga er hægt að skoða möguleikann á sameiningu í samstarfi við það fagfólk sem starfar á söfnunum. Þegar illa gengur fjárhags- eða rekstrarlega í safnastofnun eða safnatengdri starfsemi og markmið um starfsemi eða þjónustu nást ekki. Loks þegar kynslóðaskipti eða stórar breytingar eru hjá einkareknum söfnum geta skapast aðstæður til að skoða hvort sameining sé ákjósanlegur kostur. Sameining safna kemur síður til álita við eftirfarandi aðstæður; þegar markmið og tilgangur starfseminnar er ólíkur. Ólíkt eignarhald er á safnastofnunum, þá þarf viljinn að vera fyrir hendi til að yfirstíga það. Þegar starfsemi lítilla safna er í blóma og reksturinn er sjálfbær. Ekki er mælt með að mörg sveitarfélög á stóru landsvæði standi saman að rekstri eins safns, nema sýningarstaðir eða þjónustustöðvar séu fleiri, einkum þar sem nálægð íbúa skiptir máli og tilfinning þeirra um mikilvægi, tengsl og rætur safna á starfssvæðinu (bls. 46). Þessi skýra og vel afmarkaða samantekt getur reynst mjög hjálplegt tól til hliðssjónar þegar hugmyndir um sameiningar koma til tals.

Skýrsluhöfundar heimsóttu söfn og setur í landshlutanum og ræddu við forstöðumenn um helstu áskoranir sem einstök söfn standa frammi fyrir. Eins hvernig hugmyndir um samstarf og hugsanlegar sam-

einingar safna horfðu við þeim. Í skýrslunni segir að í samræðum við safnafólk í landshlutanum hafi fljótt komið fram að samstarf milli safna á svæðinu sé nú þegar mikið og gott, einkum á milli þeirra sem starfa á sambærilegum sviðum eða í næsta nágrenni. Þá taki stærri söfn einnig þátt í samstarfi á landsvísu (bls. 47).

Þegar sameiningu safna bar á góma í samtali við safnafólk kom heilt yfir ekki mikill áhugi á stórtækum aðgerðum á því sviði. Öðru máli gegndi hins vegar um allt sem snéri að auknu samstarfi safna á svæðinu. Þar var mikill áhugi fyrir hendi og margvíslegar hugmyndir á lofti. „Gjöfult samstarf hefur líka verið í gangi undanfarin ár milli safna á svæðinu, en fjölmargar tillögur komu líka fram í umræðum við safnafólk um hvernig væri hægt að byggja ofan á það. Samstarfið getur auðveldlega orðið að veruleika, þótt sameining stofnanna sé ekki í farvatninu og kannski alls ekkert til umræðu.“

Það liggur raunar beint við að efla og stuðla að samvinnu, ávallt þegar tækifæri gefast, öllum aðilum til hagsbóta. Raunverulegt samstarf byggist alltaf á því að af því sé ávinningur fyrir alla sem taka þátt, staðan verður að vera sú að slíkum sameiginlegum verkefnum sé hægt að lýsa sem „win-win“ dæmi,“ (bls. 47) segir í skýrslunni. Ég tek heilshugar undir þessi orð sem þarna koma fram. Það er mín einlæga upplifun að mikið og gott samstarf sé á milli safna í landshlutanum, sem og við aðrar stofnanir, félagasamtök og einstaklinga í nærsamfélaginu. Með öflugu og góðu samstarfi hefur verið hægt að stuðla að auknum símenntunarúrræðum, eflingu á faglegu starfi og stuðningi sem hefur reynst ómetanlegt. Þá er ég einnig sammála því að lykilatriði að góðu samstarfi er að báðir aðilar njóti góðs af, annars getur það í raun ekki flokkast sem samstarf.

Skýrsluhöfundar lögðu til að safnafólk á Norðurlandi vestra stofni til tímabundins tilraunaverkefnis á árunum 2022–2024, til að efla samstarf safna á svæðinu. Verkefnið yrði þá vettvangur fyrir áframhaldandi umræðu um samstarf sem allir

hefðu ávinning af, það yrði hluti af verkefninu sjálfu að móta samstarfið og gera tilraunir með það. Sérstakri áskorun var beint til öflugustu safnanna á svæðinu til að leiða verkefnið og öðrum aðilum, sýningum, setrum og menningartengdu ferðaþjónustunni, væri boðið til þátttöku. Á raf-rænum kynningarfundum á niðurstöðum skýrslunnar þann 16. september 2021 tók ég, fyrir hönd Byggðasafns Skagfirðinga, og Sólborg Una Pálsdóttir, fyrir hönd Héraðsskjalasafns Skagfirðinga, áskoruninni. Við sendum umsókn og hlutum styrk frá Uppbyggingasjóði SSNV fyrir tilraunaverkefnið: *Þverfaglegt samstarf safna, setra og sýninga* á Norðurlandi vestra en er um að ræða fyrsta hlutann af þriggja ára átaksverkefni, líkt og skýrsluhöfundar lögðu til. Lagt er upp með að fyrsta árið mun Skagafjörður hafa veg og vanda að skipulagningu samstarfsins. Annað árið mun Austur-Húnavatnssýsla sjá um skipulagningu og þriðja árið mun Húnaþing vestra vera í forsvari fyrir verkefnið. Markmið samstarfsverkefnisins er að auka gæði, fagmennsku og nýsköpun í starfi safna, setra og sýninga á svæðinu. Það er því tilhlökkunarefni að hitta öflugt safnafólk á Norðurlandi vestra í haust og ræða og kanna samstarfsfleti til framtíðar.

Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson eiga þakkir skildar fyrir góða og vandaða samantekt sem ég tel að ætti að vera skyldulesning fyrir nýkjörna sveitarstjórnarfulltrúa og þá sem vinna að safnamálum á Norðurlandi vestra.

Heimild: Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson (2021). *Samstarf og soknarfari safna á Norðurlandi vestra*. Hólmavík: Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa, unnið fyrir SSNV.



Byggðasafn Hafnarfjarðar
Velkominn í menningarbæinn Hafnarfjörð



Berglind Þorsteinsdóttir, safnstjóri
Byggðasafns Skagfirðinga

Vesturland

Skýrsla Creatrix um samstarf safna á Vesturlandi er unnin úr gögnum og niðurstöðum sem fengust þegar vinna hófst við mörkun menningarstefnu Vesturlands árið 2016. Ein af fimm meginstöðum stefnunnar er *samvinna* og hefur grundvöllur samstarfs safna og menningarstofnana verið kannaður í kjölfarið. Verkefni um meira samstarf og jafnvel sameiningu safna fellur undir liðinn *Samstarf safna – ábyrgðarsöfn í byggða-áætlun*.

Skýrslan byggir að hluta á gögnum skýrslu sem kom út árið 2019, *Aukin samvinna safna á Vesturlandi*, og var unnin úr spurningum sem lagðar voru fyrir safnafólk á Vesturlandi. Í þeirri skýrslu komu meðal annars fram hugmyndir um varðveislusetur, ábyrgðarsafn og sameiginlegt héraðsskjalasafn fyrir landshlutann og vilja safnafólks, sýninga og setra til aukins samstarfs. Mikill samhljómur var um uppbyggingu varðveisluseturs sem gæfi möguleika á sérhæfðum varðveislurýmum með viðurkenndum aðstæðum og umhverfisstjórnun fyrir margvíslegan safnkost skjala-, lista- og menningarminjasafna. Fátt var um mótrök en þau beindust aðallega að því að halda safnkosti í eigin héraði. Leiða má líkum að því að faglegri varðveisluaðstæður og samnýting sérfræðinga og tækjabúnaðar hafi yfirboðið slíkan málflutning þegar á leið. Hugmynd um sameiginlegt héraðsskjalasafn hefur ekki þótt ákjósanleg, einnig rökstutt með því að halda þurfi safnkosti í héraði. Rafræn skjalavarsla og samvinna um hana þykir þó fýsileg flestum sem við var rætt.

Samstarf safna á Vesturlandi er unnin úr fyrrnefndri skýrslu ásamt viðtölum

við forstöðumenn, safnverði og starfsfólk safna á Vesturlandi. Ennig var rætt við forstöðufólk höfuðsafnanna, héraðsskjalaverði og fulltrúa Þjóðskjalasafns og menningarnefnda sveitarfélaganna. Brynja Björk Birgisdóttir, safnstjóri Sverresborg Museum í Noregi var einnig til ráðgjafar um fyrirkomulag safnastarfs þar. En fyrir um áratug fór fram viðamikil sameining safna þar í landi. Bent var á mikla móttöðu safnafólks sem hefði mætt slíkri sameiningu í byrjun. Væru samt flestir sammála um í dag að faglegt starf og varðveisla hefðu eflst í kjölfarið. Bent var á valdboðun í þessu samhengi þegar kemur að sameiningu safna.

Þegar kemur að auknu samstarfi safna sýnir öll rýni fram á að söfn á Vesturlandi eigi flest í ýmisskonar samstarfi, mis umfangsmiklu þó, þrátt fyrir fjölda upptalinna atriða. Viðmælendur virðast hafa mestan áhuga á samstarfi þegar kemur að markaðsmálum og fræðslu. Enn vefjast fyrir atriði um sameiginlega varðveislu samkvæmt skýrslunni. Höfuðsöfn eru jákvæð fyrir meira samstarfi og bent er þar sérstaklega á menntunarhlutverk safnanna og samvinnu við það ásamt skráningu safnkosts í Sarp.

Skýrsla kynnt – júní 2021

Kynningarfundur um skýrsluna á vegum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi var haldinn í júní 2021. Var safnafólki á Vesturlandi boðið þangað til samtals. Menningarfulltrúi Vesturlands stjórnaði fundi og Signý Óskarsdóttir, höfundur skýrslunnar, kynnti niðurstöður. Allir fundargestir voru sammála um meginatriði; meira samstarf,

nauðsyn á stofnun varðveisluseturs og ábyrgðarsafns, stofnun safnaklasa Vesturlands og fleiri atriði. Einnig var vilji til þess að eiga meira í samstarfi milli viðurkenndra stofnanna og þeirra sem starfa við annarskonar menningarmiðlun, eins og setur og sýningar. Mikil jákvæðni var í fólki og sóknarfæri voru rakin í samræðum í lok kynningar. Einnig voru langflestir sammála um að tímabært væri að grípa til aðgerða eftir langt greiningartímabil. Einn forstöðumaður mætti ekki til þessa fundar en skilaði inn skriflegri ályktun og rakti þar atriði á móti sameiningu og samnýtingu safna að sínu mati. Meginrök ályktunarinnar snerust um að halda munum og skjölum í héraði og ætlaða fortíðarþrá notenda safna. Í lok fundar var sterkur samhljómur um að halda yrði áfram þessari vinnu og að komast ætti sem fyrst í framkvæmdafasa.

Stefnumótunarfundur um safnaklasa Vesturlands – mars 2022

SSV boðaði til stefnumótunarfundar um safnaklasa Vesturlands í mars 2022. Stýrði höfundur skýrslu fundi og aftur var fulltrúum safna, sýninga og setra, boðið til leiks. Hópavinna með hugarkortum og tillögum um hlutverk og framtíðarsýn safnaklasans skilaði meðal annars af sér eftirfarandi atriðum. Að miklir möguleikar væru fólgnir í meiri samvinnu milli safna, sýninga og setra að mati fundarfólks. Enn og aftur var bent á markaðssetningu og samnýtingu mannauðs í faglegu starfi sem augljósa kosti. Möguleikar á öflugri styrkjum til safnaklasans og þar með eflingu faglegs starfs yrðu raungerðir með safnaklasa. Mikilvægt væri að kjósa stjórn yfir safnaklasanum og ráða þyrfti starfskraft í fulla stöðu til að sjá um greiningar, styrkjamál og samhæfingu milli stofnana. Næstu skref voru í kjölfarið skilgreind í lok stefnumótunarfundar. Skrifa yrði samþykktir fyrir safnaklasa Vesturlands, finna félagasform sem hentaði

Þessum klasa og vinna yrði rekstrar-
áætlun til þriggja ára. Stofnfundur
safnaklasa Vesturlands væri síðan
næst á döfinni, þar sem kosið yrði
í stjórn og markmið og gildi yrðu
skilgreind.

Hvað er að fréttu?

Síðan stefnumótunarfundur fór
fram í mars hefur ekki dregið til
mikilla tíðinda í framkvæmdarlið.
Gagnasöfnun um varðveislubörf
og núverandi varðveisluaðstæður
safna á Vesturlandi er í ferli. Er það á
höndum SSV. Mun það fylgja frekari
gögnum til ráðuneytisins þar sem
metnaður er fyrir því að stofna og
reisa varðveislusetur fyrir Vesturland.
Má sem dæmi nefna varaeyntakassafn
í Reykholti sem þyrfti slíkt úrræði, til
eflingar annarrar starfsemi sem líður
fyrir plássleysi.

**Ekki má líta framhjá eðlis-
mun á þörfum og skyldum
annarsvegar safna og
hinsvegar setra og sýninga.**

**Má því ætla að hagsmuna-
árekstrar gætu myndast ef
þessi munur er ekki viður-
kenndur og skilgreindur á
skýran hátt. Starfsfólk viður-
kenndra safna í eigu sveitar-
félaga þurfa endurtekið að
uppfræða eigendur sína um
þarfir og skyldur við faglega
miðlun, menntunarhlutverk
safna, varðveislur og rann-
sóknir, svo fátt eitt sé nefnt.**

Með reglulegum endunýjunum í
sveitarstjórnunum, og þar með fólki
með misjafnar forsendur eða áhuga
á málaflokknum, byrjar þessi vinna
upp á nýtt og ekki gott að vita
hvernig fer hverju sinni. Sem dæmi
um áskoranir má nefna viðurkennd
söfn sem gert er að samnýta varð-
veislurými með öðrum stofnunum
sveitarfélaga, eins og slökkviliði
eða áhaldahúsum. Geymslur séu
jú geymslur og lífsbjargandi starf-
semi slökkviliðsins hljóti að vera
mikilvægari en umhverfisstýring í

safngeymslu. Allt eru þetta atriði sem
einkareknar sýningar og setur þurfa
síður að kljást við – jafnvel ekki neitt.
Ekki er enn hafin vinna við skilgrein-
ingu og stofnun ábyrgðarsafns fyrir
landshlutann, í það minnsta ekki
opinberlega.

Hljóð í safnafólki er þó jákvætt, á
fleka seigfljótandi stjórnsýslunnar.
Að sjálfsögðu vænta allir að faglegu
menningarstarfi á Vesturlandi verði
lyft á næsta stig með stofnun safna-
klasa, varðveisluseturs og ábyrgðar-
safna. Framkvæmda er beðið með
eftirvæntingu.

Heimild: Emma Björk Eyjólfsdóttir
og Signý Óskarsdóttir (2021). *Samstarf
safna á Vesturlandi*. Creatrix, unnið fyrir
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.

Guðlaug Dröfn Gunnarsdóttir,
sérfræðingur, Safnahúsi Borgarfjarðar



Suðurland

Guðlaug Ósk Svansdóttir vann samantekt um samstarf og sameiningu safna á Suðurlandi fyrir Háskólafélag Suðurlands. Í þessu stutta greinarkorni hyggst ég lýsa því hvernig sú samantekt horfir við mér sem safnverði, og eina starfsmanni Listasafns Svavars Guðnasonar.

Listasafnið er staðsett á Höfn í Hornafirði og á sér ekki langa sögu, þó það eigi mjög glæsilegan safnkost. Sá safnkostur byggir á ríkri menningararfleifð Austur-Skaftafellssýslu á sviði myndlistar, en frá því einn af fyrstu atvinnumyndlistarmönnum þjóðarinnar, Ásgrímur Jónsson heimsótti sýsluna á síðustu öld (fyrst Örafin 1911 og svo Höfn 1912) hefur hér verið öflugt samfélag landslagsmálara. Þetta samfélag gat svo af sér ýmsa athyglisverða listamenn og frumkvöðla, þar má nefna Jón Þorleifsson fyrsta faglega listgagnrýnanda þjóðarinnar, Höskuld Björnsson sem þótti einn færasti fuglamálari landsins og Svavar Guðnason, sem safnið heitir eftir, sem var einn helsti brautryðjandi abstrakt-málverksins á Íslandi.

Safnið sem staðsett er í ráðhúsi sveitarfélagsins Hornafjarðar er með glæsilegan sýningarsal í viðbyggingu sem áður hýsti slökkvibíla, og geymir málverkin í klefum sem áður voru fangaklefar lögreglustöðvarinnar. Sem eini starfsmaður safnsins líður

mér stundum eins og vitaverði, ef ekki fangaverði þegar ég rölti um geymslurnar, en það er margt á minni könnu sem í stærra safni væri sérstaða. Það þarf ólíka hæfni og menntun til að sinna forvörslu, kynningarstarfi, fræðslustarfi og sýningarstjórnun. Í öll þessi störf geng ég að einhverju leyti, þó auðvitað sé líka aðkeypt þjónusta hjá listfræðingum, forvörðum og hönnuðum þegar safnið fær styrki til þess. Sumir forverar mínir áttu að sinna þessu án þess að vera í hundrad prósent stöðu, sem ég get varla ímyndað mér hvernig var hægt, án þess að einfaldlega vinna jafnmikið og ég geri fyrir helminginn af kaupinu.

Sem betur fer, er ég ekki aleinn heldur heyrir Listasafn Svavars Guðnasonar, eða Svavarssafn, undir Menningarmiðstöð Hornafjarðar, sem þýðir að ég deili skrifstofu með starfsfólki bókasafns, byggðasafns, héraðsskjalasafns og rannsóknarsviði. Samstarfsfólk mitt fæst við ólík viðfangsefni, en það er kostur að geta leitað ráða, aðstoðar og geta slúðrað við fólk hjá kaffivélinni. Þetta þýðir líka að ég hef aðstoðarfólk við uppsetningu sýninga og aðstoð við ákvarðanatöku.

Í samantekt Guðlaugar er spurningum beint að Menningarmiðstöðinni í heild sinni, sem Svavarssafn heyrir undir. Svavarssafn er þó eina eiginlega safnið eins og staðan er núna,

því Byggðasafnið er ekki með það húsnæði og starfsfólk sem þarf til að standa opið gestum, nokkuð sem vonandi breytist í náninni framtíð. Ég get tekið undir að margt myndi ávinnast með að deila þekkingu og starfsfólki. Það þarf þó að huga vel að því hvaða verkefnum á að útvísta. Tökum sem dæmi eina hugmyndina í samantektinni, sameiginlegur forvörður.

Ég held að allir sem komi að störfum safna á Íslandi hljóti að vera sammála um að það eru ekki of margir forverðir á Íslandi. Það eru næg verkefni á söfnum á höfuðborgarsvæðinu fyrir þá fáu sem eru sérmenntaðir á því sviði. Þó svo staðan væri hentug þá spyr ég mig hver myndi vilja ráða sig í starf sem fæli í sér nærri stöðugan þeyting allan ársins hring. Suðurland nær yfir meira en 30.000 kílómetra svæði, og við sem sinnum menningarstarfi á Hornafirði sem er langviðfeðmasta sveitarfélag landsins, eigum í erfiðleikum með að hlúa almennilega að menningarstarfi alls staðar í sveitinni.

Forvörður sunnlenskra safna myndi eyða full miklum tíma bakvið stýri og of litlum tíma með safnkostinum að mínu mati, þó svo hugmyndin að forverði sem söfn myndu ráða til sín

í sameiningu sé góðra gjalda verð. Hornafjörður er vissulega hluti af Suðurlandi stjórnsýslulega, en það gæti verið að fyrir samstarf sem krefst nærveru þá ættum við að líta frekar til Austfjarða þar sem eru rekin söfn sambærileg Svavarssafni, t.d. Tryggvasafn á Neskaupsstað og hið nýopnaða Ars Longa á Djúpavogi. Ættu sunnlensk söfn að vinna saman af því þau eru í sama kjördæmi eða er sameiginleg saga og praktísk atriði, eins og landfræðileg lega, mikilvægari?

Ef við ættum að ráðast á garðinn þar sem hann væri lægstur væri sennilega einfaldara að skapa einhvers konar kynningarmiðstöð fyrir menningu á Suðurlandi. Það væri auðveldara að finna starfsmann með viðeigandi hæfni og einfaldara fyrir

viðkomandi að sinna slíku starfi í fjarvinnu eða í hlutastarfi. Kannski er ekki eins brýn þörf á slíkri stöðu, en aðili sem gæti aðstoðað við fréttatilkyrningar, kynningarefni og jafnvel styrkumsóknir, gæti létt undir með safnvörðum minni safna þannig að þeir gætu einbeitt sér að viðburðahaldi, fræðslustarfi og leiðsögn gesta, í meira mæli.

Það er vissulega rétt sem fram kemur í úttektinni að vegalengdir, fjármagnsskortur og mannekla er letjandi til samstarfs. Samstarf er tímafrekt og það tekur tíma að kynna hugsanlegum samstarfsaðilum. Í mínum huga er ekki spurning um að safnvörður Svavarssafns gæti lært marga með því að kynnast innra starfi annarra safna á Suðurlandi (starfsmannaskipti voru önnur góð

hugmynd sem kom fram í úttektinni), og það getur verið að gjöfulesta samstarfið verði óvænt, þ.e.a.s. við vitum ekki ennþá hvað það er sem við gætum skapað í sameiningu, það muni ekki koma í ljós fyrr en við reynum að finna það. Þessi úttekt er gott skref í þá átt og augljóst á niðurstöðum hennar að það er áhugi á samstarfi og til mikils að vinna.

Heimild: Guðlaug Ósk Svansdóttir (2021): *Samstarf safna – Ábyrgðarsöfn: Sameining og samstarf safna á Suðurlandi*. Háskólafélag Suðurlands fyrir Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.

Snæbjörn Brynjarsson, safnvörður á Listasafni Svavars Guðnasonar

PRENTMET
augl. setja sjálfir inn

„Eitt skref í einu í átt að grænu safni“

Réttar tunnur, rangar tunnur, of litlar tunnur, grænar tunnur. Fyrir allt glerið, málminn, dósirnar, pappann, plastið, lífræna, timbrið – svo ég tali ekki um allar ljósaperurnar sem skipt er um á sýningum safnsins (muna panta réttar perur!). Undanfarna fjóra mánuði hef ég varla hugsað um annað og fer bráðum að breyta í söng í anda West Side Story, með smá dans atriði – haldandi á tunnu. Ástæðan? *Grænu skrefin*.

Árið 2021 var gert átak að fá sem flestar stofnanir Reykjavíkurborgar til að skrá sig í verkefnið *Grænu skrefin* fyrir lok árs. Borgarsögusafn tók þeirri áskorun enda lengi verið á áætlun, haft á bakvið eyrað en hafði stundum gleymst út í geymslu við hliðina á fallega útskorinni hillu. Starfsfólk safnsins er þó umhverfisvænt og því var ekki erfitt að fá þau til að dansa samkvæmt grænu skrefunum.

Eins og þið kannski vitið þá samanstendur Borgarsögusafn Reykjavíkur af fimm söfnum, sýningum og einni fallettri eyju (lesist: náttúrurparadís): Árbæjarsafn, Landnáms-sýningin & Aðalstræti, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Sjóminjasafnið í Reykjavík og Viðey. Nýjasta sýningin er í Aðalstræti 10, sýning sem teygir anga sína frá upphafi 20 aldar aftur í græna landnámsöld í Aðalstræti 16.

Skref 1

Hvar á eiginlega að byrja? Grænu skrefin eru fjögur talsins. Verkefnisstjóri verkefnisins aðstoðar borgarstofnanir að hefja verkefnið innan

sinnar stofnunar og eru með tilbúin allskonar töl til að auðvelda vinnuna. Á vefsíðu verkefnisins (<https://graensskref.reykjavik.is>) má sjá m.a. vinnuskjöl sem allir þátttakendur fá ásamt itarefni sem hefur hjálpað okkur á safninu mikið. Grænu skrefin skiptast m.a. niður í eftirfarandi þætti: Rafmagn og húshitun, flokkun og minni soun, viðburðir og fundir, samgöngur, eldhús og kaffistofur, innkaup, miðlun og stjórnun. Þetta virðist yfirgripsmikið í fyrstu, sérstaklega ef þarf að fara í innkaup eða framkvæmdir en þátttakendur fá eitt ár til að klára hvert skref fyrir sig.

Fyrsta skrefið á safninu var að stofna teymi, sem samanstendur af hressu samstarfsfólki á hverri starfstöð safnsins, sem bæði aðstoðar mig og samstarfsfólk á sínu safni að feta sig samkvæmt nýjum viðmiðum og hvetja hvort annað áfram í dansinum. Tvær starfstöðvar safnsins hafa þegar tekið skref 1; Ljósmyndasafnið fyrir nokkrum árum og er nú að byrja á skrefi 2 og Landnáms-sýningin & Aðalstræti náði skrefi 1 núna á vordögum.

Stefnt var að opna nýju sýninguna í Aðalstræti 10 vorið 2022 og var því hentugt að drífa af skref 1 þar og á Landnáms-sýningunni enda sama starfsstöð. Skráning í *Grænu skrefin* var stórt skref, þó að við byrjuðum ekki um leið þá breyttist hugsunin strax í upphafi. Fórum að hugsa um verklag og venjur á skrifstofunni. Hvernig eru hlutirnir framkvæmdir – hverju er hægt að breyta? Framkvæmdirnar voru ákveðið tækifæri til að breyta

ýmsum venjum, sérstaklega ef við yrðum dugleg að hvetja hvort annað áfram. Farið vel yfir alla verkferla á skrifstofunni við innkaup og reikninga; velja umhverfisvænni kosti og athuga vel allar merkingar á því sem keypt er inn. Passa að prenta ekki að óþörfu en oft fylgir mikill pappír slíkri vinnu. Einfaldasta skrefið var að setja flokkunartunnur á lager og kaffistofur og fá alla til að flokka rétt.

Í framkvæmdunum var reynt að fylgja *Grænu skrefunum* af fremsta megni og valin t.d. umhverfisvænni kostur í ljósabúnaði. Lýsing er eitt-hvað sem safnafólk þarf alltaf að hugsa fyrir á nýjum sýningum. Oftar en ekki er það sjálf birtan og staðsetningin sem er kannski ofarlega í huga en nú bætist við hvort að ljósin séu umhverfisvæn, endingargóð og sprengi ekki upp þann litla pening sem fékkst fyrir sýninguna í heild sinni. Ákveðið var síðan að endurnýja ljósabúnað á Landnáms-sýningunni sem var orðin gamall og því tilvalið tækifæri að skipta yfir í umhverfisvænni kost. Eftir stóð langt ferli þar sem aðalvandráðin reyndust vera aðgengi að sorptunnum sem eru sameiginlegar með öðrum aðila. Skref 1 náðist svo formlega í maí við mikinn fögnuð hjá teyminu.

Á Sjóminjasafninu er verið að klára skref 1 og næst er bara að fá úttekt. Úttektin er framkvæmd af verkefnisstjóra *Grænna skrefa* hjá borginni og fer viðkomandi yfir öll atriði á skjalinu sem allir þátttakendur verkefnisins fá í hendurnar við skráningu. Fyrir nokkrum árum gerðum við tilraun



Koma þarf fyrir fallegum flokkunartunnum á útisvæði Árbæjarsafns án þess að þær stingi í stúf.
Ljósmynd: Borgarsöfusafrn.

til að byrja á skrefunum en það reyndist snúið. Við safnið vantaði hjólastand og það tók ansi langan tíma að fá hann uppsettan við safnið. Nú eru hjólastandar beggja megin við safnið sem eru þó aðallega nýttir af gestum. Starfsfólk geymir sín hjól innandyra öryggisins vegna. Hér voru sorpmál í lamasessi lengi vegna vöntunar á rými fyrir tunnurnar. Tunnur voru geymdar um tíma undir stiga úti við annan enda safnsins. Það reyndist einkar óhentug staðsetning þar sem tunnurnar áttu það til að fara í stutta flugtúra vegna veðurs. Eftir nokkra fundi var ákveðið að fá afnot af ruslageymslu hjá fyrirtæki í sama húsi. Safnið hefur nú afnot af henni og þar er flokkað í þá flokka sem er krafist af *Grænu skrefunum*. Gott samstarf er gulli betra.

Á flestum starfsstöðum safnsins býðst gestum frítt kaffi enda eflaust kaffiþyrst eftir göngu um útisvæði Árbæjarsafns, eltingarleik við hænurnar þar eða að hafa tapað illilega í lyftaraleiknum okkar á Sjóminjasafninu (hann er svolítið erfiður – mana ykkur til að prófa!). Passa þarf bara að starfsfólk falli ekki í þá óumhverfi-

svænu gryfju að nota einnota ílát. Á landnámssýningunni var búið að elta upp umhverfissvænni kaffimál fyrir gesti að nota en passa þarf allar merkingar. Nú hugsið þið, kæra safnafólk, má ekki nota fjölnota fyrir gesti? Nú eru flestar starfsstöðvar okkar það stórar að þar er starfsfólk við afgreiðslu – vissulega sums staðar fleiri en einn í einu en hafa mikið að gera að sinna gestum og safnbúðum. Á sumrin sjáum við okkur ekki fært um að nota stellið sem Sjóminjasafnið fékk gefins frá Reykjavíkurborg – næstum því safnmunir – fallega merktir borginni og henta því einstaklega vel. Endurnýting í sínu besta formi. Þegar við siglum inn í haustið þá tökum við fínu bollana okkar í notkun og prófum hvort að hinn almenni safnagestur vilji ekki nota þá og setjast niður.

Árbæjarsafn er að hefja skref 1 líkt og Sjóminjasafnið en þar erum við ekki komin eins langt á leið, aðal-umhugsunarefnið núna er að finna fallegar flokkunartunnur sem við getum haft á útisvæði safnsins án þess að þær stingi í stúf. Svæðið er stórt og hugsa þarf vel út í staðsetn-

ingar og fá gesti til að flokka með okkur. Það hefur reynt erfitt hingað til. Nú þegar eru matarafgangar frá starfsfólki nýttir í hænurnar en í framtíðinni stefnum við Ingibjörg Áskelsdóttir, sem sér um *Grænu skrefin* á Árbæjarsafni ásamt Sigurlaugi Ingólfssyni og Maríu Karen Sigurðardóttur, að búa til moltu á svæðinu. Enda nóg pláss á svæðinu – það þarf bara finna hinn fullkomna stað.

Næstu skref?

Þegar greinin var skrifuð var safnið í miðri stefnumótun og markmiðið var að setja sér metnaðarfulla loftslags- og umhverfisstefnu. Í slíkri vinnu er nauðsynlegt að gera síðan aðgerðaráætlun og vera dugleg að hvetja hvort annað í að vera umhverfissvænni. Gerðar voru greiningar á PESTLE og yfirferð yfir heimsmarkmið SP. Allar breytingar taka tíma en helsta áskorunin er flæðið á milli deilda sem eru á sama starfsstað. Við Birna María Ásgeirsdóttir tókum eftir því að í framkvæmdunum í Aðalstræti 10 var nauðsynlegt að gera þetta miðlægt yfir allt safnið á sama tíma sem skiptist í nokkra starfsstaði með sínar hefðir og venjur. Það einfaldar málið töluvert að hafa einn sem ber ábyrgð á verkefninu og er með yfirsýn og getur hvatt áfram samstarfsfólk í teyminu sem er að vinna að skrefunum á sínum starfsstað.

Markmiðið er að allt Borgarsögusafn verði komið með skref 1 áður en árinu lýkur og svo höldum við óhrædd áfram í dansinum – að til-einka okkur *Grænu skrefin*, fíkra okkur upp í skref 2 og gera betur. Að lokum viljum við hvetja söfn landsins að deila sínum grænu lausnum – kynna sér *Grænu skrefin* og hefja dansinn í átt að umhverfissvænni söfnum og sýningarstöðum.

Alma Sigrún Sigurgeirsdóttir
verkefnastjóri umhverfismála og safnfræðslu, Borgarsögusafn Reykjavíkur

Rannsóknastarf safna

– möguleikar og hindranir

I. Hluti af kjarnastarfsemi

Alþjóðasamfélag safna hefur komið sér saman um að fimm grunnþættir faglegs starfs séu söfnun, skrásetning, varðveisla, rannsóknir og miðlun. Þannig má segja að söfn séu allt í senn – menningarstofnanir, menntastofnanir og rannsóknastofnanir. Af þessum starfsþáttum er miðlunarhlutverkið sennilega hvað skýrast meðan rannsóknahlutverki hvað óráðast. Hvert sem lítið er virðast rannsóknir gjarnan lenda aftast í forgangs röðun daglegs starfs, og þetta er sá starfsþáttur sem fær hvað minnstan sýnileika í opinberri framsetningu safna sem og stefnumótun. Alengt er að söfn eigi erfitt með að fjármagna rannsóknir sínar og skapa þeim svigrúm í krefjandi rekstrarumhverfi nýfrjálshyggjunnar, og sömuleiðis er verkaskiptingin óljós – hver á að stunda rannsóknir í safninu og hvað með samstarf við háskóla? En sennilega er óljós merking hugtaksins „rannsókn“ í samhengi safna það sem flækir myndina hvað mest. Eiga þær að vera „akademískar“, þ.e. þarf að miðla niðurstöðum í ritrýndum greinum til að þekkingarsköpunin sé viðurkennd, eða gilda önnur lögmál en í háskólum þegar kemur að framleiðslu þekkingar á söfnum?

Þessi fjölmörgu og flóknu vandræði safnarannsóknna virðast ekki bundin við landfræðilega legu, og jafnvel staðilegustu söfn á alþjóðavísu segjast myndu vilja sinna þessum þætti betur en raun ber vitni. Á Íslandi hefur það einnig sýnt sig að rannsóknþátturinn er hvað óráðastur af öllum þeim opinberu skyldum sem söfn hafa, á sama tíma og það er bundið í safnalög að stunda beri rannsóknir. Hvað það þýðir í praxis er óljóst og stjórnsýsluleg umgjörð safnarannsóknna er nokkuð

óformleg, þótt söfn eigi að vísu að telja fram sínar rannsóknir árlega gagnvart ráðuneyti. Söfn á Íslandi eru auðvitað misstöndug gagnvart rannsóknakröfunni sem gerð eru á þau, en í öllu falli er ljóst að hér eru mörg tækifæri til umbóta og þróunar, bæði meðal safnanna sjálfra sem og í stjórnsýslunni. En í þessari grein langar mig að líta aðeins upp frá staðbundnum aðstæðum og horfa almennt á hlutverk rannsókna í söfnum með því að stikla á stóru í sögulegri þróun safna sem rannsóknastofnana.

II. Rannsóknahlutverkið í sögulegu ljósi

Opinber söfn í þeirri mynd sem við þekkjum þau í dag eru afsprengi endurreisnarinnar, þegar evrópskir aðalsmenn hófu að endurmeta og enduruppögðva sinn eigin klassíska menningararf með því að safna fornminjum frá tímum Grikkja og Rómverja. Þessi forngripasöfn tóku svo að stækka smá saman þegar ný tækni gerði siglingar yfir úthöfin mögulegar, og sífellt nýir og framandi gripir bættust við í furðustofur þessara merkismanna. Greifar, prinsar og lærðir menn gerðu út leiðangra sem færðu þeim sýnishorn úr nýja heiminum, sem þegar heim var komið var raðað upp í skápa, hillur og hólfi í einkasöfnum þeirra. Þessi fyrstu söfn samanstóðu jafnt af gripum úr steinaríkinu, plönturíkinu og dýraríkinu, sem stillt var upp við hlið manngerðra muna þannig að öllu ægði saman, enda var á þessum tíma ekki gerður sá greinarmunur á náttúru og menningu sem söfn gera í dag. En þegar leið á upplýsingaöldina og vísindabyltingin ruddi sér til rúms jókst þessi munur og grunnurinn lagður að því flokkunarkerfi þekkingar sem við búum við í dag, og fljótlega aðgreindust söfn

í náttúrufræðisöfn, listasöfn og menningarminjasöfn (og síðar fleiri flokka). Á þessum tíma reyndi fólk að koma skikki á heiminn með nýjum leiðum sem einkenndust af vísindalegum aðferðum sem byggðu á mælingum og kortlagningu með tilkomu nýrrar tækni, aðferðum sem tóku við af guðfræðilegri þekkingarfræði sem hafði ráðið túlkun heimsins fyrirbæra fram að því.

Safnafræðingurinn Hooper-Greenhill hefur sýnt fram á hvernig söfn hafa allt frá þessum upphafsárum haft afgerandi áhrif á mótun þekkingarinnar um heiminn. Þannig hafa söfn ekki eingöngu áhrif á hvernig þekking verður til, heldur einnig hvernig þeirri þekkingu er miðlað í gegnum tiltekin form, hvort sem þau eru bundin í rými eða texta. Þegar söfn voru á barnsskónum varð einmitt til ný heimsmynd sem byggðist að miklu leyti á því að nota skynfærin og handfátla hluti, upplifa rými í eigin líkama, snerta, þefa og horfa, og raða efnislegum hlutum upp í kerfi. Löngu síðar, eða á 18. öld, urðu söfn svo að opinberum stofnunum sem almenn-ingur gat heimsótt og notið. Þannig má segja má að söfn hafi virkað sem efnislegar alfræðiorðabækur allt fram á tuttugustu öldina, þegar háskólar tóku yfir þekkingarframleiðsluna og söfn hófu að einbeita sér meira að hinum endanum – þekkingarmiðluninni. Staða rannsókna í söfnum hefur þannig verið að breytast yfir langt tímabil og, í augum sumra safnafræðinga, misst vægi sitt í samanburði við aðra grunnþætti, eins og söfnun, skrásetningu, varðveislu og miðlun.

III. Fjölbreytt rannsóknastarf safna

Á opinberum söfnum fer fram gífurlega ríkulegt þekkingarstarf sem snertir alla kima daglegrar starfsemi. Þarna koma saman störf sem lúta að söfnun gripa, skrásetningu þeirra og lýsingu í gagnasöfnum, varðveislu í öruggu rými, forvörslu, fræðslu og miðlun í einni eða annarri mynd. Þessi miðlun getur verið t.d. í varanlegu eða tímabundnu sýningarformi,

í útgáfu á prenti, orðræðu í munnlegri miðlun eða hverskonar rafrænni og stafrænni miðlun. Söfn hafa nán söguleg tengsl við nær allar mögulegar fræðigreinar sem hægt er að læra í dag, en í upphafi þróuðust söfn að mörgu leyti samhliða þróun fræðigreinnanna eins og þær komu fram innan háskólanna. Þannig tengjast söfn sterkum böndum greinum eins og sagnfræði, þjóðfræði, mannfræði, fornleifafræði, náttúrufræði, jarðfræði, listasögu, læknissagnfræði og vísinda- og tæknisögu. Hver grein á sér sína sögu og sitt þróunarferli innan háskólanna, sem aftur getur af sér tiltekna aðferðafræði eða nálgun til þekkingarsköpunar og -miðlunar.

Rannsóknir á söfnum hafa sín tilteknu viðfangsefni og búa yfir tiltekinni aðferðafræði, kerfum sem hýsa heimildir og rannsóknagögn, og ekki síst, búa söfn yfir einstökum leiðum til miðlunar rannsóknafraksturs. Safnarannsóknir eru gífurlega fjölbreyttar og geta látið sig varða eins ólík viðfangsefni og upplifun gesta, geðheilsu, markaðsfræði, margmiðlun og menntunarfræði – fyrir utan rannsóknir sem stundaðar eru á safnkostinum sjálfum í samhengi þeirra fræðigreina sem hann tilheyrir og því sérsviði sem safnið starfar á. Af þessu leiðir að sú aðferðafræði sem beitt er við safnarannsóknir er síður en svo einsleit og einkennist yfirleitt af þeirri sérhæfingu sem viðkomandi safn starfar eftir. Þá kerfst stjórnun upplýsinga, heimilda og annarra gagna sem söfn varðveita flókins utanumhalds, og upplýsingakerfin hafa sín innbyggðu lögmál og lógík, eins og t.d. spjaldskúffur, skjalaskápar, eða rafræn gagnasöfn. Síðast en ekki síst, þá hafa söfn afar breytta möguleika á að miðla rannsóknafrakstri sínum til almennings, eins og t.d. efnislega gripi í arkitektónískum sýningarrýmum, opin rými undir beru lofti, prentaðar útgáfur, vefsíður, ráðstefnur og aðra viðburðadagskrá, smáforrit, hlaðvörp og aðra gagnvirk miðla. Hér hafa söfn verulegt forskot á aðrar helstu rannsóknastofnanir samtímans, eins og háskóla. En hvers vegna á þá rann-

sóknabátturinn svo mikið undir högg að sækja sem raun ber vitni?

IV. Rannsóknahlutverkið í breyttu starfsumhverfi

Safnafræðingar hafa rakið breytt rannsóknahlutverk safna m.a. til þess vandi-punktar sem átti sér stað undir lok níunda áratugarins, þegar safnafræðin gekk í gegnum gagngera endurskoðun undir merkjum hinnar svokölluðu „nýju safnafræði“. Á þessum tíma varð fræðileg endurnýjun í faginu til þess að auka vægi gagnrýnninnar orðræðu um félags-pólitískt hlutverk safna og áhersla lögð á siðferðisleg álitamál og tengsl við nærsamfélagið. Þessi umskipti leiddu til þess að brennidepill fræðilegrar orðræðu sneri æ meir að opinberum viðburðum og tengslum við samfélagið, með minnkandi athygli á rannsóknastarf (sem einnig fær minna fjármagn í kjölfar þessarar áherslubreytinga). Þetta hefur meðal annars leitt til að þess að mörg söfn eiga í dag erfitt með að fóta sig í rannsóknahlutverkinu og finnst erfitt að finna því stað meðal allra þeirra flóknu skyldna og hlutverka sem söfnum er gert að sinna. Í mörgum tilfellum kvarta bæði stjórnendur og starfsfólk yfir því að rannsóknahlutverkið sé orðið mjög óljóst, bæði hérlandis sem erlendis. Endurtekið stef í þessari umræðu er hvort söfn eigi að undirgangast sömu viðmið og viðhafast í háskólum þegar kemur að skilgreiningu á rannsóknahugtakinu, og hvort eigi að meta áreiðanleika, gæði og ávinning eftir mælikvörðum háskólakerfsins. Viða á Norðurlöndum hafa verið gerðar tilraunir til að ganga inn í þá stjórnsýslulegu umgjörð rannsókna sem háskólar notast við, þ.e. með tilheyrandi punktakerfi og skrásetningu afraksturs í miðlæga gagnagrunna, eða jafnvel gera þá kröfu til safnastarfsfólks að það hafi doktorsgráðu. Þessi leið er vandkvæðum bundin og afar umdeild, ekki síst vegna þeirrar einföldu staðreyndar að söfn eru ekki háskólar og þurfa því ekki lúta sömu lögmálum og þeir. Að vísu er stjórnsýsluleg umgjörð safna afar mismunandi eftir löndum, og sumstaðar hafa þau formlegan

rannsóknastofnanastatus og því fylgja ýmsar kvaðir. Hér á landi hefur engin slík umræða farið fram, sem tímabært er orðið að eiga. Og ekki síst, þá hefur safnafræðin hér verk að vinna. Það er mín afstaða að söfn séu einstök hvað varðar möguleika til rannsóknastarfs og því tel ég brýnt að draga fram sérstöðu þeirra meðal annarra rannsóknastofnana. Færa má rök fyrir því að sértækar aðferðir safna í rannsóknaférlinu skapi sérstöðu, sem ekki eingöngu felst í efnisleika og formgerð gripa heldur einnig þeim mikla mannauð og sérfræðipækkingu sem söfn búa yfir til að koma þessari þekkingu til skila með áhrifaríkum þætti til almennings. Þessir sértæku þekkingarfræðilegu eiginleikar safna er umræða sem komin er skammt á veg innan safnafræðinnar. Þó hafa mótast vísar að henni undanfarin ár sem áhugavert verður að fylgjast með í náinni framtíð, bæði hér heima og erlendis.

Heimildir

- Anderson, R. (2005). To Thrive or Survive? The State and Status of Research in Museums. *Museum Management and Curatorship*, 20 (4): 297–311, doi:10.1016/j.musmancur.2005.10.001.
- Appleton, J. (2007). Museums for 'The People'. In *Museums and Their Communities*, ritstýrt af Sharon Watson, 114–126. New York: Routledge.
- Bjerregaard, P. (ristj.). (2020). *Exhibitions as Research: Experimental Methods in Museums*. London: Routledge.
- Boylan, P. J. (1999). Universities and Museums: Past, Present and Future. *Museum Management and Curatorship* 18 (1): 43–56. doi:10.1080/09647779900501801
- Foucault, M. (1974). *The Archaeology of Knowledge*. London: Tavistock.
- Hooper-Greenhill, E. (1992). *Museums and the Shaping of Knowledge*. London: Routledge.
- Ólöf G. Sigfúsdóttir. (2014). *Söfn sem þekkingarmiðstöðvar: könnun á umfangi og skipulagi rannsókna í íslensku safnastarfi*. Reykjavík: Safnarád.
- Ólöf G. Sigfúsdóttir. (2021). *Safnarannsóknir: Könnun á umfangi og skipulagi rannsókna í íslensku safnastarfi*. Reykjavík: Rannsóknasetur Háskóla Íslands í safnafræðum.
- Ólöf G. Sigfúsdóttir. (2021). The State of Research Among Icelandic Museums. *Nordisk Museologi* 2–3: 81–95.
- Pringle, E. (2019). *Rethinking Research in the Art Museum*. London: Routledge.

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir,
doktorsnemi í safnafræði við HÍ

Klæðagerð og íslensku miðaldaklaustrin

Handrit sem unnin voru hérlandis á miðöldum hafa vakið verðskuldaða athygli enda um afar verðmætan menningararf og gripaflokk að ræða. Handritin eru á heimsminjaskrá Unesco en stór hluti þeirra var lengst um varðveittur í Danmörku eftir að söfnun á þeim hófst á tímum Endurreisnarinnar¹. Mörgum handritum hefur verið skilað heim við hátíðleg tækifæri, eins og til dæmis þegar Íslendingar fögnuðu 1000 ára afmæli Alþingis árið 1930 og þegar Ísland varð sjálfstætt ríki um miðja síðustu öld. Ritun handritanna fór fram á stærstu höfðingjasetrum landsins á þjóðveldisöld (930–1262) en einnig í íslensku munkaklaustrunum, til dæmis á Þingeyrum, að Helgafelli og í Þykkvabæ, allt þar til prentverkið kom til sögunnar á sextándu öld.² Á sama tíma fór fram umsvifamikil textílgærd í unnuklaustrunum tveimur, í Kirkjubæ og á Reynistað. Þar voru unnin myndskreytt altarisklæði, veggteppi og reflar, auk messuskrúða. Í altarisklæðin voru alla jafna skráðar sögur dýrlinga en í veggteppin og reflana frásagnir af merkum atburðum eða fólki, rétt eins og gert var á bókfelli. En þrátt fyrir að útsaumur í klæði sé í raun texti rétt eins og stafir á bókfelli, þá hefur miðaldaklæðunum verið gefinn mun minni gaumur en miðaldahandritunum. Á það jafnt við söfnun, sýningar eða söguritun. Sést það einna best á því að handritum hefur verið safnað með markvissum hætti allt frá siðaskiptunum um 1550 en myndskreyttum klæðum ekki. Markmiðið með greininni er að greina ástæður þess

að íslensk miðaldaklæði hafi aldrei komist á sömu skör og íslensku miðaldahandritin.

Íslensku miðaldaklæðin

Um fimmtán myndskreytt klæði sem unnin voru hér á landi á miðöldum hafa varðveist. Flest eru þau til sýnis í Þjóðminjasafni Íslands en nokkur eru í Þjóðminjasafni Dana í Kaupmannahöfn, eitt er til sýnis í safni í Hollandi³ og enn annað í Louvre í París⁴. Hafa mörg klæðin varðveist vegna þess að þau voru keypt af efnuðum einstaklingum sem ferðuðust til Íslands á síðari öldum en álitu þau vera dýrmæt listaverk. Íslenskum miðaldahandritum hefur hins vegar verið safnað markvisst, fyrst af fornfræðingum Endurreisnartímans en síðar af handritasérfræðingum allt fram til okkar daga. Skipta varðveitt handrit eða skjöl þúsundum en þau eru geymd í sérhæfðum handritasöfnunum og á rannsóknarstofnunum í Reykjavík og Kaupmannahöfn.⁵

Flest myndskreyttu miðaldaklæðin eru altarisklæði en meðal þeirra eru riddaraklæði, reflar og veggteppi. Nokkur munur er á veggteppi og reflum. Reflar eru ofin tjöld með íofnu myndverki en myndverkið er aftur á móti saumað í veggteppin. Bayeux refillinn er svo dæmi sé tekið ekki reffill, samkvæmt ströngustu skilgreiningu refsils, vegna þess að myndverkið er saumað í hann en ekki ofið. Sýnir myndverkið sögu orrustunnar við Hastings árið 1066. Hefð hefur hins vegar skapast fyrir því að kalla reffilinn – og önnur lík veggteppi – reffil

og mun sú hefð líklega haldast. Þegar talað er um reffilssaum hér á landi er verið að vísa í útsauminn í Bayeux refflinum en allflest íslensku altarisklæðin og veggteppin eru saumuð út með reffilssaumum. Riddaraklæðin voru skreytt myndum og sögum af riddurum, en vinsældir þeirra má að líkindum rekja til þess þegar riddarmennska barst til landsins eftir að Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd árið 1262. Uppúr því voru einnig þýddar eða frumsamdar á íslenska tungu fjöldi riddarasagna, meðal annars í íslensku munkaklaustrunum. Eins var algengt á þessum tíma að dýrlingasögur væru þýddar á íslensku eða saumaðar út í klæði. Dæmi um það er íslenska klæðið sem er til sýnis í Louvre en það sýnir sögu heilags Marteins.

Eitt af þeim altarisklæðum sem varðveitt er í Þjóðminjasafni Íslands er frá Svalbarði á Svalbarðsströnd en lengst af hefur það verið talið sýna sögu Jóhannesar postula. Við nánari skoðun hefur komið í ljós að klæðið er bútur úr stærra veggteppi, eða reflum ef vísað er til hefðarinnar, en í það er saumuð saga af veraldlegu fólki. Svo virðist alltént sem að búturinn hafi verið endurnýttur sem altarisklæði, ef til vill vegna skemmda, en klippt hefur verið af vinstri jaðri veggteppisins. Óljóst er hversu mikið vantar á þá sögu sem þar var skráð en greinilegt er að þar er fjallað um veraldlegt fólk og atburði því tengdu. Sést það einkum á því að ekkert af því fólki sem kemur fyrir í klæðinu ber geislabaug sem dýrlingar og postular báru undantekningalaust til aðgreiningar frá veraldlegu fólki. Útilokað er því að myndverkið sýni sögu Jóhannesar postula. Hann ber geislabaug í öllu myndverki sem til er um hann, í handritum, klæðum eða útskurði. Hönd Guðs kemur einnig nokkrum sinnum fyrir í myndverki Svalbarðklæðisins og hefur það þótt benda til þess að viðfangsefnið sé trúartengt. Þess má hins vegar geta

að hönd Guðs kemur oft fyrir í veraldlegu myndverki, eins og til dæmis því sem þrýðir Bayeux refileinn. Höndin þýðir blessun Guðs yfir atburðum eða samþykki hans vegna gjörða fólks. Hafa ber einnig í huga að minni munur var gerður á hinu andlega og veraldlega á miðöldum en gert var með Endurreisninni eftir siðaskiptin.

Kvennasaga?

Almúgafólk miðalda var ekki læst á ritað mál nema að litlu leyti enda var myndmál í textíl, á steini eða tréverki, sú aðferð sem var notuð til þess að fræða fólk eða miðla frásögnum af sögulegum atburðum ekki síður en á bók. Hafa ber í huga að hugtakið list varð fyrst til á tímum Endurreisnarinnar. Það sem telst list nú á dögum þjónaði allt öðru hlutverki á miðöldum.⁶ Myndmál kann þannig að vera ítarlegasta heimildin um atburði fyrri alda, eins og Bayeux refileinn sýnir svo glögt.

Tjöld og reftar voru gerð af fólki sem hafði þekkingu á útsaumi og einnig í því að nýta tákn við að skrá atburði í myndverk, rétt eins og þegar stafir eru skrifaðir á bókkell. Í þessi tákn kunni miðalda-fólk að lesa, líkt og nútíma-fólk sem kann að lesa ritað mál. Þörfin fyrir lestur bóka var því önnur þá en nú er.

Ljóst má vera að báðir þessir gripa-flokkar, textílar og textar, höfðu það hlutverk á miðöldum að miðla og uppfræða leika sem lærða. Eigi að síður hefur klæðagerð, hvers kyns, oft á tíðum verið flokkuð sem verðlaus handavinna eða tómstundir, jafnvel þrátt fyrir að vitað sé að verðgildi vandað hökuls eða myndskreytts klæðis var það sama og góðrar bókar. Textílgærð krefst háþróaðrar, fræðilegrar og verklegar færni, rétt eins og handritagerð. Í raun er óhætt að fullyrða að myndskreytt veggteppi

og reftar hafi verið verðmætari og eftirsóknarverðari meðal fólks af aðalsættum á miðöldum en flest annað handverk á miðöldum, fyrir utan kannski dýrmætustu gripi úr málm. Textílgæðsla var þannig ekki síður ábatasöm en handritagerð og hvort tveggja virðist hafa skipað mjög mikilvægan sess í þeirri starfsemi sem fram fór í íslensku klaustrunum.

Karlar skrifuðu um sögu miðalda á bókkell en konur saumuðu sögurnar í klæði. Það voru líka karlar sem skráðu sögu fortíðar löngu síðar og söfnuðu gripum sem endurspegla áttu sögu þjóðarinnar. Það má því vel vera að saga textílgærðar sé í raun kvennasaga og birtingamynd baráttu þeirra fyrir því að eiga hlutdeild og röð í heimi karllægrar söguritunar og söfnunar. Að minnsta kosti vekur athygli að þegar uppgötvað var um miðja síðustu öld að altarisklæði, unnið í Reynistaðaklaustri á miðöldum, væri til sýnis í Louvre safninu í París var einungis birt umfjöllun um það í kvennablaðinu Melkorku en ekki í Árbók Hins íslenska fornleifafélags eða í fréttum dagblaðanna. Sömuðis hafa textílgæðsöknir oft á tíðum miðað að því að rekja vísbendingar sem gætu sannað þátttöku kvenna í ritstörfum eða þá hvort textílgærðin gæti hugsanlega passað inn í efnahagssögu landsins. Dæmi um það eru hinar fjölmörgu rannsóknir á vaðmáli, einum helsta gjaldmiðli Íslendinga á miðöldum, en með þeim hefur verið reynt að sýna fram á að konur hafi eftir allt tekið þátt í að byggja upp efnahag landsins. Það virðist því sem að þegar verk kvenna falla utan svið efnahags, eða jafnvel stjórnmál, þá hætta þau að skipta máli í sögulegu samhengi. Þá vegur vissulega þungt að myndverk missti merkingu sína sem mikilvægur miðill eftir siðaskiptin og útsaumur, sem konur áttu mest þátt í að vinna, breyttist í handverk – eða í besta falli list.

Lokaorð

Sagnahefðin var rík á miðöldum, jafnt í máli sem myndum. Konur tóku jafn ríkan þátt í miðlun sögunnar og karlar: konurnar í gegnum útsaum en karlmenn í gegnum ritun. Sögurnar lifðu í munnlegri geymd en einnig í klæðum og á bókkelli, allt þar til hið ritaða orð varð nær allsráðandi eftir siðaskiptin. Þá þótti brýnt að almenningur kynni að lesa hið ritaða orð en ekki táknfræðina sem tilheyrði kaþólskri menningu og trú. Lögd var áhersla á að safna fornum handritum, fremur en útsaumum textílum, enda litu fornfræðingar Endurreisnarinnar, sem eingöngu voru karlar, svo á að aðeins með lestri bóka – handskrifaðra eða prentaðra – væri hægt að fræðast og menntast. Hin aldagamla kunnátta og hefð að lesa í myndmál í textíl, líkt og ritað mál væri, hvarf því smám saman eftir siðaskiptin og gleymdist með kynslóðunum sem á eftir komu. Þetta kann að vera ástæðan fyrir því að myndskreyttum klæðum hafi verið mun minni gaumur gefinn en textum á bókkelli á síðustu öldum, þrátt fyrir að textílar séu í raun textar.

- 1 Oft nefnd Lærdómsöld á Íslandi og miðast hún við tímabilið 1550–1770.
- 2 Gottskálk Jónsson, „Þingeyrar Abbey in Northern Iceland: A Benedictine Powerhouse of Cultural Heritage“, *Religions* 12/2021, bls. 149–164.
- 3 Elsa E. Guðjónsson, „Íslenskur dýrgripur í hollensku safni“, *Andvari* 87:2 (1962), bls. 127–138.
- 4 Wandel, G., „Íslensk altarisklæði í erlendum söfnum“, *Melkorka* 3(1952), bls. 51–54.
- 5 Ólafsson, Bragi Þorgrímur, *Í útlendra höndum: Jón Sigurðsson og handritasöfnun á Íslandi 1840–1880*, (doktorsritgerð í sagnfræði, Háskóli Íslands, 2022)
- 6 Kessler, H. L., „On the State of Medieval Art History“, *The Art Bulletin*, 70:2 (1988), bls. 166–187; Gajewski, A. and Seeborg, S., „Art in Monastic Churches of Western Europe from the Twelfth to the Fourteenth Century“, í *The Cambridge History of Medieval Monasticism in the Latin West*, ritstj. Alison I. Beach og Isabelle Cochelin (Cambridge: Cambridge University Press, 2020), bls. 999–1003.

Steinunn Kristjánsdóttir,
prófessor í fornleifafræði við HÍ

Skapandi samstarf grunnskóla og safna

Margir lesendur Kvists sáu beiðni mína um frásagnir af skapandi safnfræðslu fyrir grunnskólanemendum sem ég sendi öllum viðurkenndum söfnum og höfðuðsöfnunum í upphafi árs vegna lokaverkefnis míns í meistaranámi í kennslufræðum við Listaháskóla Íslands. Mig langar að deila með lesendum útkomu verkefnisins og ástæðunum fyrir því að ég valdi að taka þessar frásagnir saman í handbók ætlaða grunnskólakennurum.

Hugmyndahatturinn

Ég lagði upp í þennan leiðangur vegna þeirrar löngunar minnar að opna sambandið milli safna og grunnskóla meira í báðar áttir. Eftir langt tímabil einhliða miðlunar frá safni til skóla, þar sem safnið upplýsir um námstilboð sín til mismunandi árganga skólakerfisins, er kominn tími til að leggja meiri áherslu á samtal á milli kennara í skólakerfinu og safnfræðslusérfræðinganna. Ég hef tekið eftir því að þegar námsleið í safni verður til í gegnum samtal þá lifnar safnheimsóknin við, hún verður oft markvissari og meira rými gefið nemendum til úrvinnslu og sköpunar. Þetta finnst mér jákvætt og eftirsóknarvert að stuðla að aukinni áherslu á slíkar safnheimsóknir grunnskólanema. Hér er ekki um einangraða skoðun mína að ræða, heldur á sér stað þróun innan safna- og kennslufræða sem kallar á nálgun sem valdeflir safngesti/nemendur. Sem leið að

þessu markmiði réðist ég í gerð handbókarinnar sem ég gaf nafnið *Hugmyndahatturinn*. Handbókin og greinargerð mín um verkefnið er nú aðgengileg á Skemmunni og víðar.

Ég ákvað að kalla eftir dæmum af vettvangi safna um skapandi samstarf og miðlun milli safna og grunnskóla því ég vissi að í söfnum víðsvegar um landið höfðu orðið til verkefni af þessum toga sem ég gæti tekið saman og birt á einum stað í aðgengilegu uppflettiriti. Viðbrögðin stóðust væntingar og fjölbreytt dæmi um skapandi vinnu með nemendum bárust. Innsend dæmi fela öll í sér einhvers konar nýnæmi eða skapandi vinkil og fara þannig öll upp úr þeim hjólförum sem það sem ég kalla „hefðbundin safnheimsókn“ situr í, en það er leiðsögn safnfræðslusérfræðings fyrir passífa nemendur, oft með smá uppbroti í lokin. Ég greini innsend dæmi eftir þeim þáttum sem ein-kenna námsferlið og merki hvert og eitt þeirra með þeim þáttum sem við það eiga. Ég raða verkefnalýsingum upp í handbókina út frá fjölda þátta þannig að fremst er flóknasta eða fjölþættasta framkvæmdin og svo koll af kolli til þeirrar einföldustu aftast. Dæmigert námsferli inniheldur **þema – safnheimsókn – sköpun – sýningu**. Þetta grunnferli getur tekið á sig ýmsar myndir og þá koma við-eigandi þættir inn til að gefa það til kynna. Í sumum tilvikum er jafnvel ekki um að ræða safnheimsókn og

ekki alltaf er um eiginlega sköpun að ræða eða sýningu og þá er þeim þáttum sleppt við viðkomandi verkefnislýsingu.

Kaflinn með verkefnalýsingum heitir *Fyrirmyndarverkefni* og er hann ríkulega myndskreyttur því starfsfólk safna var örlátt á ljósmyndir frá ýmsum stigum verkefnavinnunnar, oftast þó hinna skapandi útkomu sem rataði oft á tíðum á sýningu. Ég er samstarfsfólki mínu á söfnunum þakklát fyrir framlagið til handbókarinnar en án ykkar, og framtaks ykkar í að innleiða skapandi nálgun í safnfræðslu grunnskólanemenda, væri ekki frá neinu að segja.

Þrátt fyrir þá áherslu sem ég legg á samtal og samvinnu milli safns og skóla urðu alls ekki öll innsend verkefni til í gegnum slíkt samtal. Sum



Ísaksskóli, 6 ára SÓL. Sjávardýraþema, árangur skapandi vinnu í skólastofunni. Ljósmynd: Söley Ósk Elíóttir.



Minjasafn Austurlands. Þjóðsagna StopMotion smíðja. Ljósmynd: Minjasafn Austurlands.

urðu til í samtali á milli safns og þriðja aðila og önnur urðu eingöngu til innan safnsins en öll lýsa þau skapandi ferli með áherslu á virkni nemenda og skapandi úrvinnslu. Þannig þjóna þau öll tilganginum; að vera grunnskólakennurum hvatning til að líta til safna um samstarf um gefandi námsupplifun fyrir nemendur. Grunnskólakennari sem flettir í gegnum *Hugmyndahattinn* sér hvað hægt er gera í samvinnu við söfn og er þá tilbúnari í samtal um verkefni sem myndi henta hans nemendum og lyfta þeirra námi. Það er von mín að kennarinn valdeflist gagnvart safninu og finni að hann geti haft áhrif á safnheimsóknina og látið hana þjóna sinni námsyfirferð með nemendum. Með því móti eru nemendur einbeittari í safnheimsókninni vegna þess að markmiðin með henni eru þeim ljósari.

Verkefnin í bókinni eiga það sameiginlegt að fara á einhvern hátt út fyrir ramma hefðbundinnar safnheimsóknar (leiðsögn og e.t.v. verkefni leyst). Þau eru ólík innbyrðis, t.d. að því leyti að mismunandi er hvaðan frumkvæðið kemur, hver mótaði verkefnið, hvað nemendur

gera og hvort afrakstri er fylgt eftir og gerður sýnilegur út fyrir bekkinn. Ég sóttist eftir skapandi verkefnum en það getur bæði átt við að bryddað sé upp á nýjungum í nálgun og að námsferlið innifeli skapandi virkni nemenda. Hvoru tveggja á oftast við í verkefnum handbókarinnar. Nokkur verkefnanna snúast um stafræna miðlun enda hafa á undanförunum árum orðið til á söfnum þó nokkur skemmtileg, fjölbreytt, skapandi og fræðandi dæmi um hvernig nýta má þennan miðlunarmáta til að ná inn til skólanna. Enn fleiri dæmi eru til um stafræna miðlun safna til almennings og oft er skörun þarna á milli.

Kennslufræðin sem býr að baki

Andrúmsloft sköpunar, teymiskennslu, þverfaglegrar nálgunar og þemanáms er að ryðja sér til rúms í skólastarfi þessi misserin og sýni ég fram á það í greinargerð minni að þessi þróun á sér stöðir í stefnumörkun hins opinbera á sviði menningar og lista, menntunar og barnamenningar. Söfn og aðrar menningarstofnanir eru hvött til samstarfs við skólakerfið, aðrar stofnanir, félög og einstaklinga, sérstaklega í þágu barnamenningar,

þ.e. þátttöku barna í menningu og listum. Þessi áhersla á þemanám með áherslu á skapandi úrvinnslu nemenda í skólum almennt stuðlar eflaust að því að kennarar séu æ móttækilegri fyrir möguleikunum sem felast í samvinnu við söfn. Ég tel því tímabært að söfn geri sig meira gildandi innan skólakerfisins með skapandi verkefnum eins og þeim sem ég hef safnað saman í *Hugmyndahattinn*. Fyrirmyndarverkefnin valdefla kennara en veita einnig safnfræðslusérfræðingum innblástur til að feta þá braut samvinnu og samtals sem þau fela í sér.

Ég tel safnfræðslu standa á tímamótum á Íslandi í dag. Í dag er leitað leiða innan skólakerfisins til að nemendur séu virkari í þekkingaröflun sinni en áður var og mikil áhersla er lögð á skapandi starf með börnunum. Nám á nú að vera orðið nemendamiðað en ekki kennaramiðað eins og tíðkaðist lengi vel. Samtal milli grunnskólakennara og fræðslusérfræðinga safnanna er til staðar og rými er fyrir þróun í þá átt að forsendur kennara og nemenda grunnskóla fái aukið vægi í safnfræðslunni og að námsferlið frá sjónarhóli nemenda sé meira skapandi.

Þær kennslufræðilegu stefnur sem halda nemendamiðaða nálgun hvað helst í heiðri, og ég gef nokkurt rými í greinargerð minni, eru hugsmíðahygga og útinám eða nánar til tekið listræn umhverfismenntun. Þessar stefnur ganga út frá því að nemandinn sé gerandi í eigin menntun, það er nemandinn sem byggir upp sína þekkingu og lærdóm í gegnum reynslu sína. Ferð á safn er í vissum skilningi útinám þar sem farið er með nemendur út fyrir skólaföndun. En útinám felst ekki bara í því heldur líka í nálguninni; að skynfæri nemenda eru virk þar sem börnin eru að upplifa sjálf og öðlast reynslu og þessi reynsla myndar tengsl þeirra við umhverfið, þ.e.a.s. safnið þegar um safnheimsókn er að ræða. Útinám er þannig reynslumiðað



Náttúrufræðistofa Kópavogs. Lífljómun, ratleikur í umhverfi stofunnar. Ljósmynd: Ríkey Hlín Sævarsdóttir.

nám þar sem örvun skynfæranna leikur lykilhlutverk en í gegnum þau taka nemendur reynsluna inn og þannig getur námið orðið dýpra og merkingarbærara fyrir hvert og eitt þeirra. Þessi áhersla á upplifun, reynslu og fjölþætta skynjun er kjarni listmiðaðrar umhverfismenntunar – að viðbætti sköpun. Í kennslu er mikilvægt að stuðla að því að reynslan af skynjuninni, þ.e. upplifunin, sé ánægjuleg og uppbyggileg svo að nemandinn myndi jákvæða tengingu við umhverfið, hvort sem það er safn eða náttúra, og verði þannig málsvári þess í samfélaginu. Eitt af því sem getur byggt undir slíka tengingu, fyrir utan að vera á staðnum og upplifa, er að gefa nemendum rými fyrir sköpun, þ.e. listræna og sjálfstæða úrvinnslu á reynslunni, sem er það sem listmiðuð umhverfismenntun gengur út á. Sé þessum kennslufræðilegu nálgunum beitt felur það í sér að nemandinn verður síður eins og gestur eða áhorfandi í safninu

og meira eins og rannsakandi og notandi þess. Það stuðlar að því að nemandinn öðlist visst eignarhald á safninu í gegnum reynslu sína. Hið sama gildir um grunnskólakennara sem leiða nemendur sína í söfn með þessar kennslufræðilegu nálganir að leiðarljósi.

Það sem ég geri mér vonir um að skili sér til bæði kennara og nemenda með þátttöku í verkefnum að fyrirmynd *Hugmyndahattsins* er sem sagt ekki aðeins þekking á því efni sem safnkostur viðkomandi safns fjallar um, heldur einnig þau hughrif að söfn geymi fjársjóð áþreifanlegrar þekkingar og sögu, að hægt sé að kafa ofan í þann fjársjóð og gera tilraunir, rannsaka, prófa, skoða, meta og safna saman áhugaverðum atriðum til að vinna úr á skapandi hátt, sjálfstætt eða í samvinnu við aðra. Þannig vona ég að nemendur, og ekki síður kennarar, muni láta sig menningararfinn varða og finni að þau geti haft áhrif á nærumhverfi

sitt með þátttöku í samfélaginu í gegnum söfnin. Möguleikarnir á dýrmætri námsupplifun eru svo margir og ávinningurinn ríkur fyrir nemendur sé vel að verki staðið og bæði grunnskólakennarar og safnkennarar virk í að móta námið í safninu og úrvinnslu safnheimsóknar með nemendum. Til þess að svo geti orðið þarf vitundarvakningu innan grunnskólanna um að söfnin standi þeim opin, að kennarar og nemendur geti haft áhrif á hvað gerist í safninu, eða í samvinnu við safnið, en þurfi ekki að vera aðeins óvirkir þiggjendur safnfræðsludagskrár sem starfsfólk safnsins hefur mótað einhliða. Ég legg *Hugmyndahattinn* fram til að leggja mitt á vogarskálar til slíkrar vitundarvakningar.

Jóhanna Bergmann,
safnkennari, M.A., M.Ed.

Aðgengi að söfnum

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin áætlað að um 15% fólks búi við fötlun í heiminum, eða meira en einn milljarður manna. Stofnunin gengur út frá þeirri skilgreiningu að fötlun sé regnhlíf-
arhugtak fyrir fólk með skerðingar, takmarkaða virkni og takmarkaða þátttökugetu, meðal annars vegna skorts á aðgengi. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin bendir jafnframt á að fötlun sé flókin, aðstæður fatlaðs fólks eru breytilegar eftir samfélögum og ólíkum kerfum. Vegna hækkandi aldurs og framfara í læknavísindum fjölga þeim sem búa við einhverjar skerðingar. Fatlað fólk upplifir fötlun sína á mjög ólíkan hátt eftir því hvernig skerðingu þau hafa, samfélögum og öðrum hópum sem þau tilheyrir, til dæmis aldri, kyni, kynþætti eða.¹

Þegar við hugsum um aðgengi fatlaðra að söfnum vill það oft verða þannig að við hugsum um líkamlegt aðgengi að safnhúsum, til dæmis rampa, lyftur og aðgengileg klósett. Það er ekki gott að ætla að láta þar við sitja og halda ekki áfram vinnunni við að gera safnið aðgengilegt. Það er mikilvægt að greina þær hindranir sem standa í vegi fyrir þátttöku fatlaðs fólks og vinna gagnert að því að brjóta þær niður. Hindranirnar geta verið líkamlegt aðgengi en einnig geta þær verið af fjárhagslegum toga, félagslegum og menningarlegum. Besta leiðin til að komast að því hvaða hindranir eru til staðar er að vera í samstarfi við fatlað fólk um hvað megi betur fara á safninu og finna lausnir í samvinnu við starfsfólk safnsins. Það er líka mikilvægt að muna að fatlað fólk er ekki einsleitur hópur og styðjast þurfi mögulega við ólíkar lausnir til að koma á mót við ólíka hópa. Þær lausnir sem koma fram og það efni sem verður til í þessari vinnu má svo vinna áfram og nýta með öðrum hópum, svo sem eldri borgurum, börnum, inn-

flytjendum og ferðamönnum. Þegar kemur að þessari vinnu er mikilvægt að vera í samstarfi við fatlað fólk og hagsmunasamtök þess, hlusta á þeirra hugmyndir og máta við hvert safn fyrir sig.

Hér vil ég sérstaklega ræða mikilvægi þess að þjálfar allt starfsfólk í að taka á móti fötlunum og um aðgengi að sýningunni, sérstaklega þau sem vinna í móttöku og eftirliti með sýningum. Hvert er raunverulegt aðgengi sýningarinnar, hvernig eru hurðirnar, eru tröppur eða önnur þrep, er lyfta, eru sæti inni á sýningunni til að setjast í, eru textar með stóru lettri, er hljóðleiðsögn til, er til einfaldari útgáfa af textum, hvernig eru bílastæðin? Allar þessar upplýsingar og fleiri, eru mikilvægar þegar fatlað fólk ætlar að koma í heimsókn á safnið. Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir, fötlunaraktivisti og listfræðingur bendir á í greininni „Ekki biðja mig um að vinna vinnuna þína“ sem birtist í vefritinu Flóru, að í hvert skiptir sem hún ætlar á viðburði eða á nýja veitingastaði þarf hún að hringja og kanna aðgengi. Hún bendir einnig á að ekki allir geri sér grein fyrir hvað þarf til að staður sé aðgengilegur.² Út frá þessu má sjá að ef safn er búið að vinna sína vinnu og fræða starfsfólkið sitt þá er hægtur leikur fyrir starfsfólk að svara þessum spurningum, sem auðveldar aðgengi að safninu. Einnig væri gott að hafa þessar upplýsingar aðgengilegar á nokkrum tungumálum á heimasíðu safnsins. Þar væri líka hægt að hafa lista yfir öll þau ólíku úrræði sem safn býr yfir til að koma á mót við sem flesta gesti. Svo er mikilvægt að muna að ekki bera allir fötlun sína utan á sér og því mikilvægt að taka öllum vel sem kunna að spyrja út í þessi úrræði. Það getur líka verið fráhrindandi fyrir gesti ef fyrsti starfsmaðurinn sem fólk á í samskiptum við sé stuttur í spuna

eða svara spurningum illa þá er líklegt að fólk hætti við að koma eða komi ekki aftur í heimsókn.

Í félagslegu módeli fötlunarfræða er ekki horft fram hjá líkamlegum einkennum fötlunar né þeirri lækni-
aðstoð sem fólk gæti þurft á að halda vegna fötlunarinnar. Stærsta vanda-
málið sem fatlað fólk stendur frammi fyrir liggur hins vegar hjá sam-
félaginu, í félagslegu og manngerðu umhverfi sem gerir ekki ráð fyrir fólki með fötlun.³ Samkvæmt því, þá er það samfélagið sem fatlar fólk. Það að samfélagið sé ekki aðgengilegt fyrir alla útilokar hina ýmsu hópa fólks. Fatlað fólk lendir margoft í aðstæðum sem eru óaðgengilegar. Við þetta má bæta að það að fatlað fólk sé ekki sýnilegt á söfnum getur orðið til þess að fötlun fólk finnst það ekki velkomin á söfn. Einnig getur það einangrað fólk að geta aldrei speglað eða fundið sig neins staðar í samfélaginu. Ef fáar fyrirmyndir eru til staðar í samfélaginu þá er samfélagið líklegra til að byggja á staðalímyndum og fordómum, sem býr til enn stærri gjá milli fatlaðra og samfélagsins sem hefur útilokað. Vegna þessa langar mig að hvetja söfn og safnafólk til að huga að þessum þáttum, ræða við fólk með fötlun og þeirra hagsmunasamtök og velja fyrir sér hvaða gripi safnið á sem tengjast fötlun fólk á einhvern hátt, hvort þeir séu til sýnis og í hvaða samhengi.

Greinin er unnin upp úr lokaritgerðinni Hnífar og hækjur: Birtingarmynd fatlaðs fólks á söfnum.

1 World Health Organization. *World Report on Disability*. Geneva: World Health Organization, 2011. Bls. 7–8.

2 Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir. (á.á). *Ekki biðja mig að vinna vinnuna þína*. Sótt 21. júlí 2020 á <https://flora-utgafa.is/5-utgafa/ekki-bidja-mig-ad-vinna-vinnuna-thina/>.

3 The Council for Museums, Archives and Libraries, *Disability Directory for Museums and Galleries*. London: The Council for Museums, Archives and Libraries, 2000. Bls. 12, 13, 23 og 66.

Ríkey Guðmundsdóttir Eydal,
safnafræðingur

Í takt við tímann – Opin gagnasöfn og nýsköpun

Menningararfs Hackathon sem nýsköpunartækifæri fyrir söfn

Áhrifamáttur internetsins, tæknibreytingar á samfélög og menningarneyslu eru ein af þeim áskorunum sem menningarstofnanir um allan heimi standa frammi fyrir. Tilkoma nýmiðla í formi opins aðgangs, samstarfs á breiðum skala og að deila með öðrum hefur gjörbreytt aðgengi að menningararfi á alþjóðavettvangi. Menningarstofnanir eru því í meira mæli að bregðast við breyttum aðstæðum, m.a. með því að yfirfæra menningararfinn á stafrænt form og setja gagnasöfn sín á internetið með „aðgengi fyrir alla“ að leiðarljósi, frjálst til afnota. Þessi þróun hefur opnað fyrir sköpun og endurbliðun menningararfs og upp úr þessum jarðvegi hefur Menningararfs Hackathon sprottið upp sem aðferð til nýsköpunar á sviði safna víða um heim.

Í upphafi var Hackathon aðeins þekkt innan tölvubransans sem forritunarkeppni og kölluð hinum ýmsu nöfnum (e.codefest, hackday, hackfest) sem leiddi saman forritara, hönnuði og sérfræðinga innan tölvugeirans er unnu að hugbúnaðarþróun. En fleiri hafa tekið formið upp til nýsköpunar. Klassískt Hackathon stendur yfirleitt yfir eina helgi en það þekkist þó líka að það nái yfir styttri tíma (einn dag) og er þá verið að einblína á hugmyndir eða jafnvel lengri tíma, 6–14 vikur.

Menningararfs Hackathon eru skapandi vinnubúðir þar sem þriggja til fimm manna þverfaglegir hópar fagfólks frá hinum ýmsu geirum eins og listamenn, hönnuðir, forritarar, fræðimenn, margmiðlunarfræðingar og vef- og grafískir hönnuðir sameinast um að vinna að nýjum hugmyndum að framsetningu, vöru eða tæknilausnum tengdum menningararfi. Stafræn menning leikur þar afar stórt hlutverk þar sem unnið er með gagnasöfn til afþreyingar, sköpunar, samskipta, rannsókna, varðveislu og miðlunar.

Stefna stjórnvalda hér á landi allt frá 2011, sem kemur fram m.a. í nýrri aðalnámskrá fyrir fyrstu þrjú skólastigin og í Menningarstefnu frá 2013 hefur verið að færa menningararf á stafrænt form, auka tölvulæsi, að leysa höfundarréttarmál og að hvetja menningarstofnanir til aukinnar miðlunar á listum og menningararfi með stafrænum hætti í samstarfi við hagsmunaaðila. Í mastersritgerð minni í safnafræði skoðaði ég hvort stefnur og aðgengi að menningararfi hér á landi skapaði grundvöll fyrir nýsköpun og þá með Hackathon viðburði í huga. Möguleikum á að vinna með safneignina og þá hvort einhverjir vegatálmar kæmu í veg fyrir þess konar vinnu.

Menningarstofnanir erlendis sem eru leiðandi í þróun á stafrænni




SMK OPEN, Portræt af Cecilie Trier, f. Melchior. Fyrir neðan myndina eru þeir möguleika sem vefsíðan býður upp á. Hægt að deila, stækka, senda áfram og búa til sitt eigið safn með stjórnunni.

framsetningu á safneigninni eru t.a.m. Rijkmuseum í Hollandi og Statens Museum for Kunst í Danmörku. Söfnin hafa stigið það skref að setja safneignir sínar á stafrænt form og opnað fyrir gjaldfrjálst aðgengi á heimasíðum sínum á menningararf þar sem höfundaréttur á ekki við. Söfnin deila einnig þessari vinnu á vefsíðum eins og Europeana.eu og Google Art and Culture vefnum sem söfn um allan heim nota í síauknum mæli.

Á þessum vefsíðum er hægt að nálgast safneignina á hvaða tíma sem er, vinna frekar með hana, skoða í hárrí upplausn, deila með öðrum, nota í bókaútgáfu, rannsóknagreinar, ritgerðir og skólaverkefni, prenta plaköt eða á púðaver.



Rijksmuseum, Self-portrait, Vincent van Gogh, 1887. Neðst í hægra horni má sjá þá möguleika sem eru í boði í tengslum við myndina.



Vefsíða SMK Open, Statens Museum for Kunst í Danmörku með stafrænum verkum safnsins.

Þessi tvö söfn sem nefnd eru hér hafa einnig komið að Hackathons viðburðum sem haldin hafa verið undafarin ár. Statens Museum for Kunst, danska Þjóðminjasafnið og Konunglega danska bókasafnið héldu netráðstefnu 2021 í miðjum Covid-faraldri til að fagna 10 ára afmæli SHARING IS CARING og danska menningararfs Hackathoninu Hack4DK. Ein af aðal fyrirlesurum ráðstefnunnar, Kati Hyypä frá Finnlandi, hefur tekið þátt í mörgum Hackathonum í Evrópu og deildi með ráðstefnugestum sýnishorn af einstökum verkefnum sínum. Áhugasamir geta nálgast fyrirlesturinn á netinu. Yfirskrift erindisins var „Þar sem opið menningarefni, mótórar, borvélar og heitt lím mætast.“ Þar tókst hún á við spurningar á borð við: Hvernig er að nota stafrænt opið menningarefni sem hluta af skapandi ferlum? Hvernig sameinast það öðru nýtanlegu efni eins og rafeindatekni, tré og vefnaðarvörur? Hvað með einstaka eiginleika þess? Erindið miðaði að því að varpa ljósi á kosti og galla í að nýta menningarmínjasöfn í listrænum verkefnum og vinnustofum.

En hver er staðan varðandi stafrænan menningararf og íslenska gagnabanka, hve aðgengilegur er menningararfurinn til nýsköpunar? Frá síðustu aldamótum hafa verið settir upp

stafrænir gagnabankar hér á landi sem hafa opnað aðgengi að menningararfi þjóðarinnar. Gagnasöfnun og rýni í menningarsöguna er nú einfaldari. En menningararfur á stafrænu formi kveikir upp ýmsar áleitnar og flóknar spurningar um eignahald: Hver á hann, hvernig má nota hann og hvernig má ekki nota hann? Með hvaða hætti er hægt að líta á eign og aðgengi að menningararfi sem höfundaréttarlög eiga ekki við um eða það efni sem fallið hefur úr gildi höfundaréttalaga? Hvaða aðilar eiga að taka ákvarðanir um notkun menningararfs eða hvað sé aðgengilegt?

Stafræn gögn og gagnabankar skipta gríðarlega miklu máli við upplýsingaöflun, miðlun og rannsóknir fyrir fræðimenn og almenning en þó er óljóst hvernig nota meggi gögnin ef skoðuð eru markmið þeirra á vefsíðum, ekki síst ef vinna á með gögnin á skapandi hátt. Bjarki Valtýsson bendir á í bók sinni *Íslensk menningarpólitík* að sumir gagnabankar séu meira verndaðir en aðrir og leyfa því einungis hlustun eða áhorf á meðan aðrir hvetja notendur að nýta til endursköpunar, en það sé menningarpólitíkin sem stjórni aðgengi og því mikilvægt að framtíðar gagnagrunnar séu geymdir og gerðir aðgengilegir á formi sem hæfir fjöldanum. En helsta keppikefli

21. aldarinnar sé að búa til opið og skapandi netsamfélag í stað þeirrar „leyfismenningar“ sem markaðsvæn höfundarlög renna stoðum undir. Ef skoðaðar eru stefnur og lög hér á landi sem sett hafa verið undafarin ár benda þau því miður í þá átt. Hætta er á að það muni standa í vegi fyrir nýsköpun tengdri eldri menningararfi.

Menningararfs Hackathon geta opnað fyrir nýjar hugmyndir, skapandi vinnu með menningararfinn, og ekki síst meira samstarf, að tengja safnið við ólíka geira. En það er þörf á að opna aðgang að gagnasöfnum, fyrsta skrefið væri að opna aðgengi að menningararfi sem fallinn er úr höfundarétti eða gera skriflega samninga við þátttakendur á viðburðum eins og menningararfs Hackathonum eins og tíðkast erlendis. Leikum okkur með menningararfinn! Verum opin fyrir nýrri nálgun því aldamótakynslóðin er á netinu – zeta, alfa og betakynslóðin þekkja ekkert annað!

Greinin er unnin upp úr mastersverkefni höfundar.

Soffía Margrét Magnúsdóttir,
safnafræðingur

Hrif og nærandi upplifanir í safnastarfi

Þau sem komið hafa inn á söfn þekkja þá tilfinningu að safnið hreyfi við þeim. Vandaðar sýningar geta haft þau áhrif að gestir upplifi margvíslegar tilfinningar. Fólk kemst við, hrifst eða fyllist jafnvel réttlátri reiði. Sýningar sem hafa þann mátt að vekja upp tilfinningaleg viðbrögð eru þær sem sitja lengst í minninu. Söfn eða sýningastjórar leggja þó ekki endilega upp með það markmið að hræra í tilfinningalífi gesta. Samkvæmt skilgreiningum ICOM eru meginþættir safnastarfs söfnun, skráning, varðveisla, rannsóknir og miðlun, en lítill gaumur hefur verið gefinn að tilfinningalífi. Kannski er það ekki nema von. Tilfinningar rúmast illa innan fræðilegra skilgreininga því þær verða hvorki mældar né metnar með vísindalegum hætti.

Söfn og safnastarf hafa tekið verulegum breytingum í tímans rás. Síðustu breytingar sem söfn gengu í gegnum var með tilkomu nýju safnafræðinnar. Þá fór athygli safnafólks í auknum mæli að beinast að gestum, skjólstæðingum safna og þjónustu við notendur. Það fól í sér að safnafólk hafði ekki lengur óvæfengt kennivald, heldur varð hlutverk þeirra að gera safnið aðgengilegra og starf þeirra lýðræðisleg. Áhöld eru um hvort þetta hafi tekist og hvort að markmiðin séu gerleg, en óhætt er að segja að safnastarf hafi verið í stöðugri mótun og sé enn.

Íslenskt samfélag hefur breyst með ógnarhraða síðustu áratugi.

Auðveldara er að miðla upplýsingum og ná til fleiri en áður með tilkomu tækninnar. Netið býður upp á fjölmarga möguleika á framsetningu upplýsinga, hvort sem um er að ræða sögur einstaklinga eða hópa, vandaðar heimasíður eða frjálst skilaboð á samfélagsmiðlum. Miðlunarhlutverk safna hefur á sama tíma tekið breytingum með nýrri tækni. Sum söfn hafa tileinkað sér nýjungar í margmiðlun og bjóða upp á aukna gagnvirkni en önnur bera þess merki að tilheyra öðrum tíma með úreltri nálgun sinni á bæði safnkost og við gesti.

Á sama tíma berast vísbendingar um að þessi nýja veröld Internets og samfélagsmiðla ýti undir einmanaleika og einangrun. Samskipti fólks, hvort sem þau eru persónuleg, fagleg eða viðskiptalegs eðlis hafa tekið breytingum við að færast inn á netið og sjaldnar gefast tilefni til að hittast í eigin persónu. Talað hefur verið um að einmanaleiki muni verða eitt af stærstu heilbrigðisvandamálum þessarar aldar.

Söfn gætu hér markað sér stefnu í takt við nýja tíma. Þau eru tilvalinn vettvangur til að leiða fólk saman í upplifanir þar sem lögð er áhersla á að skapa tilfinningalegar tengingar, vekja hjá fólki hughrif, blása í það krafti eða tengja það betur við umhverfi sitt og samfélag. Listamenn hafa sem dæmi á undanliðnum árum unnið með það sem kallað hefur verið fagurfræði vensla sem miða að því að leiða fólk saman í sameigin-

legar listrænar upplifanir. Þar er áhersla lögð á listsköpun sem hefur í forgrunni áherslu á mannleg tengsl og samfélagslegt samhengi þeirra, gjörninga sem hafa þann grunntón í verkum sínum að fjalla um mann-gæsku og umhyggju. Fyrir utan að skapa tengsl á milli listamanns og þátttakenda, geta gjörningar einnig gefið svigrúm fyrir þátttakendur til að tengjast innbyrðis.

Fræðafólk hefur gefið þessum þætti aukinn gaum á undanförunum árum og gerðar hafa verið tilraunir með að vinna með tilfinningar fólks með markvissari hætti. Hrifakenningin, sem upphaflega er eignuð sálfræðingnum Silvan Tomkins hefur rutt sér til rúms á meðal þeirra sem áhuga hafa á að efla vellíðan einstaklinga, samkennd og almenna lýðheilsu. Hrif (e. affect) eru finni blæbrigði tilfinninga sem eru skynjuð áður en skilningur eða merking skapast og þau fylla út í þær glufur meðvitundarinnar sem orð ná ekki að lýsa. Í safnastarfi finnast mörg tækifæri til að víkka út starfsemina til að þau innihaldi vinnu sem miða að því að efla tilfinningalegar upplifanir skjólstæðinga sinna með því að tengja þá við aðra gesti og umhverfi sitt.

Öll söfn eiga kost á að vinna að slíkum verkefnum enda geta ólík söfn lagað verkefni að sínum aðstæðum og þeim hópum sem þau sinna. Tengingar fólks og hluta eru síbreytilegar og því má alltaf setja safnkost í nýtt samhengi við nýjar aðstæður og skapa þannig nýjar upplifanir.

Hér á landi hafa ljósmyndasöfn til dæmis leitað til almennings og óskað eftir upplýsingum um myndefni. Þá kemur fólk saman og fer yfir myndaalbúm, rifjar upp minningar og á góða stund. Einnig má sjá fyrir sér að söfn leiði saman safnara með sameiginleg áhugamál, hópa fólks af erlendum uppruna, hópa sem þurfa að gera upp sameiginlega reynslu, flóttamenn, sjúklingahópa eða grasrótarsamtök.

Skjöl sem myndast í starfi grasrót-arhreyfinga eða hópa sem vinna að sameiginlegum verkefnum má nýta sem afl í starfi þeirra. Þau skjöl sem geymd eru skjalasöfnum segja sögur sem hafa afl til að hreyfa við fólki, vekja minningar og styrkja sjálfsmynd, tengsl og sögu hópa. Varðveisla slíkra skjala er vissulega góðra gjalda verð, en saga sem aldrei


er sögð lifir ekki. Söfn hafa tækifæri til að vekja safnkost aftur til lífsins með því að koma honum í snertingu við samfélag sitt.

Söfn ættu að sýna frumkvæði í því að vinna með skjólstæðingum sínum og efla þá í því verkefni að segja sínar sögur. Það mætti gera með því að standa fyrir þátttökuverkefnum og skoða hvernig megi beita nýjum aðferðum til að varðveita söguna ásamt því að styrkja hana og efla um leið. Skjólstæðinga safnanna, þá hópa sem eiga söguna sem fjallað er um, ætti að kalla til samstarfs í auknum mæli og söfn mættu eiga frumkvæði að þessháttar samvinnu. Söfn verða að vinna að því að verða miðstöðvar þar sem sögum er safnað og æskilegast væri að hópar fengu þar rými, tækifæri og faglega aðstoð til að vinna með þær í framhaldinu.

Sem menningarstofnanir eru söfn í kjöraðstöðu til að koma af stað samtölum og vitundarvakningu sem myndi verða bæði söfnum og samfélagi til hagsbóta á tímum þar sem nærandi samverustundir eru á undanhaldi. Tími er því kominn til að víkka út starf safna og leggja frekari áherslu á samstarfsverkefni þeirra við samfélagið og þá hópa sem þau þjóna. Slíkar tengingar geta vakið hrif sem næra fólk og styrkja og geta hvatt til frekari verkefna og orðið einstaklingum og hópum hvatning og valdefling til að halda áfram að móta sínar sögur.

Greinin er unnin upp ur masters-verkefni hofundar.

Sæunn Ólafsdóttir,
safnafræðingur.



Náttúran í nágrenninu – tækifæri til uppbrots í safnastarfi

Fólk og náttúra

Maðurinn er hluti náttúrunnar og við erum í grunninn ekki öðruvísi en spendýr og aðrar lífverur. Við veljum okkur hentugan dvalarstað út frá náttúrufari, í nágrenni auðlinda eins og fiskimiða, grösugs beitolands, skóglendis, rennandi vatns eða hlunninda eins og eggjatekju og æðarvarps. Náttúruauðlindir hafa alltaf spilað stórt hlutverk í búsvæðavali íbúa Íslands. Sem dæmi má nefna mótekju sem tók snemma við af viðarbrennslu við húshitun og jarðhita, sem er ein meginstöð íslensks samfélags. Búsvæðaval stjórnast ekki eingöngu af auðlindunum heldur einnig af öðrum þáttum eins og skjóli fyrir veðri og vindum. Með búsvæðavali reiðum við okkur á vistkerfi jarðar og því mikilvægt að kenna og iðka sjálfbærni til þess að náttúran verði ekki fyrir varanlegum skaða og fótunum kippt þannig undan tilveru okkar.

Með þetta í huga getur verið áhugavert fyrir safnafólk að kafa dýpra í náttúruna í nágrenni safna og nýta þannig náttúruna sem uppbrót í safnastarfi, enda snertir náttúran alla þætti mannlegrar tilveru. Byggðapróun fyrri tíma var samtvinnuð náttúrunni, enn frekar en í dag þar sem nútíminn



Steinagreining í Perlunni. Mynd: Helga Aradóttir

hefur auðveldað lífsbaráttuna og glímuna við náttúruöflin. Sjávarþorp mynduðust þar sem eyrar bjuggu til náttúrulegar hafnir með skjóli fyrir úthafsöldunni. Jarðhiti hefur stýrt þéttbýlismyndun víða í hinum víðáttumiklu landbúnaðarhéruðum á Suðurlandi. Mótekja í mýrum í nágrenni Reykjavíkurkvosarinnar auðveldaði þéttbýlismyndun þar jafnvel þótt höfn væri betri suður í Hafnarfirði en þar var enginn mór og erfitt að finna eldsneyti áður en kol tóku að berast til landsins.

Svona má lengi halda áfram og hver þéttbýlisstaður og hérað eiga sína náttúrusögu tengdri byggðinni.

Byggðasöfn byggja oft en ekki á þessari náttúrusögu og sýningar tengjast því náttúru hvers staðar á einn eða annan hátt. Lesendur þurfa ekki að hugsa nema örstutt til sinnar heimabyggðar og spyrja: Hvernig kviknaði byggðin hér, hvað í náttúrunni kallaði á myndun byggðar á þessum stað? Hverjar eru náttúruauðlindirnar í kring? Svörin þurfa ekki að vera flóknari eða dýpri en svo að höfnin var góð og stutt í gjöful fiskimið, en sjávarútvegur spilar eðlilega stórt hlutverk í sýningum margra byggðasafna. Svörin þurfa heldur ekki að tengjast því sem heldur staðnum í byggð nú. Vangaveltur um fortíðina og fyrri byggð og náttúrufar kalla á mikilvæga umræðu um þróun byggðar.

Náttúran er alls staðar í kringum okkur og náttúrufræðslu safna þarf ekki að tengja byggðapróun heldur getur hún einnig tengst því sem gestir sjá eða upplifa í kringum sig. Er tjörn í bakgarðinum eða heit uppspretta? Hvar náðu forfeður okkar í drykkjarvatn, ferðuðust þeir um fjallaskörð eða heiðarlönd í næsta nágrenni? Var veiði í læknum



Fjörufærd í Gróttu á vegum Ferðafélags barna, Háskóla Íslands og Náttúruvinnjafélagsins. Mynd: Kristinn Ingvarsson

eða eggjataka í hólmanum? Þótt söfn hafi tiltölulega vel skilgreindan safnkost til sýninga, leynast oftast óvæntar og skemmtilegar tengingar við náttúruna og umræða, viðburðir og leiðsögn um sýningar sem má tengja við náttúruna á margvíslegan. Alls staðar fléttast maðurinn saman við þætti náttúrunnar og safnafólk getur allt haft áhrif á náttúrufræðslu, hvert á sinn hátt.

Náttúran tengist byggðapróun ekki aðeins sem forsenda byggðar heldur hafa náttúruöflin sjálf stjórnað og haft margvísleg áhrif á byggðapróun í tímanna rás. Veðurfar fyrir á tímum, hafísar og snjóflóð hafa haft mikil áhrif á heilu byggðalögin. Hið mikla sprengigos í Öskju í Dyngjuflöllum árið 1875 ásamt erfiðu og kólnandi tíðarfari þess tíma þurrkaði nánast út heiðarbylí

norðaustanlands og ýtti undir vesturferðir Íslendinga alls staðar af landinu. Þessa tíma má setja í samhengi við hlýnandi veðurfar dagsins í dag, þar sem staðsetning byggðar og vegalengdir milli staða skipta sífellt minna máli. Vegalengdir hafa skroppið saman með betri samgöngum en um leið aukinni losun gróðurhúsalofttegunda. Umræða um náttúruna og byggðapróun gefur þannig færi á tengingu við loftslagsmálin, stærstu áskorun samtímans.

Náttúrutengdir safnaviðburðir

Náttúran hentar afar vel í samtali við gesti og af nógu er að taka eins og dæmin hér fyrir ofan bera vitni um. Þetta á ekki síst við þegar ná á til barna. Börn eru í edli sínu forvitin um náttúruna, hvar sem hana má finna og það þarf ekki að fara út fyrir þéttbýlið til að örva

áhuga í gegnum náttúruskoðun enda er náttúran alls staðar. Hvaða foreldri þekkir ekki fulla vasa leikskólabarns af steinum sem voru örlítið öðruvísi á litinn en allir hinir steinarnir. Lífverur eru ekki síður forvitnilegar, fuglar, blóm og smádýr á borð við flugur og köngulær vekja ávallt áhuga, svo eitthvað sé nefnt. Forvitnin er til staðar og ef boðið er upp á viðburði tengda náttúrunni eykur það samtal barna og foreldra.

Viðburðir Náttúruvinnjafélags Íslands á sýningunni „*Vatnið í náttúru Íslands*“ í Perlunni hafa verið mjög vinsælir. Viðburðirnir tengjast náttúrunni á mismunandi hátt og eru efnistökin til dæmis eldfjöll og jarðskjálftar, steinagreining, aldursgreiningar í náttúrunni og lífríkið í fersku vatni. Slíkir náttúruviðburðir geta vel átt tengingar við önnur söfn.

Náttúruminjasafnið er með í þróun náttúrukassa, sem byggja að hluta til á áðurnefndum viðburðum. Hugmyndin er að lána þessa kassa í skóla, söfn og aðrar menningarstofnanir vítt og breitt um landið sem hafa áhuga á að bjóða uppá slíka viðburði. Fyrsti kassinn byggir á *steinagreiningu*, einum vinsælasta viðburði okkar á Náttúruminjasafninu, þar sem markmiðið er að fræða börn og fullorðna um aðferðir við flokkun og greiningu steina sem finnast í náttúrunni. Í kassanum eru steinar til að greina og öll áhöld sem þarf til greiningar ásamt leiðbeiningum. Við lánuðum fyrsta kassann til reynslu austur á Breiðdalsvík þar sem hann var nýttur til kennslu á Breiðdalssetri.

Samtal safnafólks

Náttúruminjasafn Íslands nálgast samfélag og menningu út frá náttúrfræðinni. Okkar hlutverk er að vekja athygli á mikilvægi náttúrunnar fyrir samfélag manna en einnig að draga fram ábyrgð okkar gagnvart náttúrunni.

Þjóðminjasafnið fjallar um eldgos og áhrif náttúruhamfara á land og þjóð á sýningu sinni og Listasafn Íslands setur nú upp metnaðarfulla sýningu helgaða náttúrunni og vísindum, öll söfn geta á þann hátt tvinnað náttúruna inn í sýningar sínar. Þá er hægt að brjóta upp hefðbundið safnastarf og halda viðburði tengda náttúru, þróun byggðar, loftslagsmálum eða náttúruvá í nærumhverfi þó höfuðsýningin sjálf taki ekki á þeim þáttum. Byggðasöfn og listasöfn hafa lengi leitað í náttúruna, á sama hátt geta náttúrusöfn fléttað listir, sögu og hugvísindi á öflugan hátt inn í starf sitt.

Í raun er þó enginn munur á hvort farið er úr náttúrufræðinni yfir í listir og sögu eða öfugt. Uppbrot og þverfagleg nálgun eykur áhuga



Skógarferð í Öskjuhlíðinni. Mynd: Helga Aradóttir.

og aðsókn almennings að söfnum. Óhefðbundnar leiðir til að skoða náttúruna auka virðingu fyrir umhverfi okkar og náttúrunni í heild sinni. Við hjá Náttúruminjasafni Íslands vonumst til fjölbreytts samstarfs við safnageirann þar sem lista- og þjóðfræðiviðburðir yrðu uppbrotsviðburðir hjá okkur og að sama skapi yrðu náttúrutengdir viðburðir á söfnum víða um land. Nýtum þekkingu hvors annars, tengjumst náttúrunni og sýnum að

við tilheyrum henni. Þannig getum við haft mikilvæg og veigamikil áhrif á framtíðina.

Dóra Björg Andrésdóttir, Þorgerður Þorleifsdóttir, Helga Aradóttir, Ragnhildur Guðmundsdóttir og Snæbjörn Guðmundsson, Náttúruminjasafni Íslands



17.09 - 18.12 2022

Summa & Sundrung
Gary Hill, Steina & Woody Vasulka



thoma
FOUNDATION



SAFNARÁÐ
The Museum Council of Iceland



SÖKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS

Opið þriðjud. - sunnud. 12:00 - 17:00, ókeypis aðgangur.
www listasafnarnesinga.is Austurmörk 21, Hveragerði

Frí ratleikur og
verðlaun fyrir börnin!

akranesmuseum

AkranesMuseum

AÐ FORTÍÐ SKAL HYGGA, EF FRUMLEGT SKAL BYGGJA

Byggðasafnið í Görðum býður
gestum einstaka innsýn í liðna tíma.
Í fastasýningu safnsins er fróðleik
um lífið til sjós, lífið í landi, lífið í
vinnu og lífið í leik miðlað með
fjölbreyttum hætti.



Heimsókn til
okkar leikur við
öll skilningarvitin



Byggðasafnið
í Görðum

Opið 10-17 alla daga*

www.museum.is

Sími 433-1150

*10.00-14.00 annars eftir samkomulag

BYGGÐASAFN
VESTFJARÐA

TURNHÚSIÐ Á ÍSAFIRÐI

Opið: 01.06. - 31.08. | Fullorðnir kr. 1500
Alla daga kl. 10-17 | Eldri borgarar kr. 1100

SMÍÐJAN Á ÞINGEYRI

Opið: 01.06. - 31.08. | Fullorðnir kr. 1000
Miðvikud.-sunnudags kl. 10-14 | Eldri borgarar kr. 700


nedsti.is
byggdasafn@isafjorder.is
GPS: 66° 4,088'N, 23° 7,644'W

REYKJANES DUUS MUSEUM

Contemporary Art - Open daily from 12:00 - 17:00

LISTASAFN REYKJANESBÆJAR

Nútíma list - Opið daglega frá kl. 12:00 - 17:00



Styrktaraðilum Safnablaðsins Kvists eru færðar alúðarþakkir



GLJÚFRASTEINN

Hús skáldsins



Grasagarður Reykjavíkur
Hortus Botanicus Reykjavikensis



**BYGGÐASAFN
ÁRNESINGA**



Safnahús Borgarfjarðar



**MENNINGARMÍÐSTÖÐ
PINGEYINGA**



Borgarsögusafn Reykjavíkur
Reykjavík City Museum



Ljósmynd: Aðalstræti 1898, Sigfús Eymundsson.

Aðalstræti...sagan heldur áfram

Fjölskylduvæn og fræðandi sýning um
þróun Reykjavíkur frá býli til borgar.

Hin nýja sýning teygir sig neðanjarðar frá
Landnámssýningunni í Aðalstræti 16 yfir í elsta
hús Kvosarinnar, sem er Aðalstræti 10. Sýningin
er framhald af Landnámssýningunni og rekur
sögu byggðar í Reykjavík allt frá landnáminu
til samtímans. Áhersla er lögð á að draga fram
þætti úr sögu Reykjavíkur, varpa ljósi á daglegt
líf íbúanna og tíðarandann í aldanna rás

Borgarsögusafn,
Aðalstræti 10
101 Reykjavík
Opið alla daga 10:00–17:00



www.borgarsogusafn.is

Fjölskylduvæn söfn og sýningar



Minjasafnið



Nonnahús



Leikfangahúsið



Davíðshús



Laufás



MINJASAFNIÐ
Á AKUREYRI
AKUREYRI MUSEUM

Aðalstræti 58 • Akureyri • Sími 462 4162



minjasafnid.is



2022



**Aðeins 2000 kr.
fyrir 18 ára og eldri**



Þrjú hús – Eitt safn

Three Locations – One Museum

Opnunartímar
Opening Hours
10:00–17:00

Lokað mánudaga
október–maí
Closed Mondays
Oct.–May

Listasafn Íslands hefur yfir að ráða ólíkum sýningarhúsum sem hafa hvert sína sérstöðu. Heimsókn í húsin gefur góða mynd af því öfluga myndlistarlífi sem einkennir íslenska þjóð, en skapar um leið fjölbreytta upplifun fyrir safngestinn.



Listasafn Íslands

National Gallery of Iceland

Fríkirkjuvegur 7
101 Reykjavík

Fjölbreyttar sérsýningar, íslenskar og alþjóðlegar í fjórum sölum sem standa yfir um nokkurra mánaða skeið. Sýningarnar eru niðurstöður listsögulegra rannsókna eða veita sýn á ný eða nýleg verk listamanna. Hver heimsókn felur í sér ný og óvænt kynni við myndlistina.



Safnahúsið

The House of Collections

Hverfisgata 15
101 Reykjavík

Listarfur úr safneign er hér sýndur með þeim formerkjum að auðga skilning á rótum myndlistarinnar, til að kanna, skilja og þenja mörk hugmynda og hugsana í nýjar áttir. Mikilvæg verk úr safneign eiga hér samastað og starfsemin eflir myndlæsi, rökhugsun, akademíska umræðu og skýrir samspil náttúru og vísinda.



Hús Ásgríms Jónssonar

Home of an Artist

Bergstaðastræti 74
101 Reykjavík

Hús listamannsins er heimili Ásgríms Jónssonar (1876–1958) í grónu íbúðahverfi við Bergstaðastræti. Í húsinu gefst nánd við liðinn tíma og við listamann sem var einn frumherja íslenskrar málalistar. Heimsókn í hús listamannsins skapar einlæga mynd af hvernig listamaður helgaði sig að eigin listsköpun.